allt

HELGA J. GÍSLADÓTTIR:
Nær varla niður á bremsurnar
• bílar • ferðir
Í MIÐJU BLAÐSINS ▶

ÚLFHILDUR EYSTEINSDÓTTIR:
Gagnagrunnur um íslenska djassleikara
VINNUR ÞARFT VERKEFNI
FÓLK 46 ▶

STEINUNN KRISTJÁNSDÓTTIR:
Klaustrin voru alþjóðlegar stofnanir
EINSTÆÐ MYND AF KLAUSTRI VERÐUR TIL
FORNMINJAR 24 ▶

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. ágúst 2005 - 223. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR

Naumt tap fyrir Spánverjum

Íslenska piltalandsliðið tapaði með minnsta mun fyrir Spánverjum í gær á heimsmeistaramóti landsliða skipað leikmönnum undir 21 árs aldri en það fer nú fram í Ungverjalandi. Strákarnir þurfa nú sigur gegn Þjóðverjum í dag ef þeir ætla sér eitthvað á mótinu.

ÍÞRÓTTIR 40

Hörð en glaðsinna

Björk Vilhelmsdóttir hóf afskipti af stjórnmálum á háskólaárunum og var orðin virk í Alþýðubandalaginu á níunda áratugnum. Stjarna hennar hefur risið hratt á þessu kjörtímabili.



MAÐUR VIKUNNAR 16

Rauðblikkandi viðvörunarljós

Á undanförnum árum hefur sprungið út ný kynslóð ungra fjármagnseigenda á Íslandi. Þar sker í augu hve hlutur kvenna er rýr. Kristrún Heimisdóttir segir að viðskiptalífið vanti gagnsæi og jafnræði.

VIÐSKIPTALÍF 26

VEÐRIÐ Í DAG



LÉTTIR SMÁM SAMAN TIL um norðaustan- og austanvert landið. Skúraveður sunnan og vestan til. Hiti 10-20 stig, hlýjast norðaustan og austan til. VEÐUR 4

Ennþá betri notaður bíll og Medion fartölva í kaupauka.

Ekki mæta of seint!

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

MENNINGARNÓTT UNDIRBÚIN Verkamenn og iðnaðarmenn unnu að því hörðum höndum í gær að koma upp sviðum og sviðsmyndum Menningarnætur. Hér sést unnið að uppsetningu draugahúss við Ingólfstorg.

Mikill viðbúnaður í miðbænum vegna Menningarnætur:

Búist við tugum þúsunda gesta

MANNLÍF Búist er við fjölda fólks á Menningarnótt en þó færri gestum en á síðasta ári þegar 104.000 manns voru í miðbænum.

„Það verður prýðilegasta veður yfir daginn," segir Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur. „Það verða smá skúrir fyrri partinn en þornar upp þegar líður á daginn en vindurinn verður eilítið meiri með kvöldinu. Hitinn verður 10-14 stig yfir daginn."

Miðbærinn verður lokaður fyrir almennri bílaumferð í dag en hægt er að leggja við Háskóla Íslands, á Skólavörðuholti eða hjá Kjarvalsstöðum að sögn Sifjar Gunnarsdóttur hjá Höfuðborgarstofu. Einnig verður opið í þremur stærstu bílastæðahúsunum.

Strætisvagnar Reykjavíkur stoppa á Skothúsvegi þegar komið er í bæinn og í Vonarstræti áður en farið er úr bænum, en ekki á Hlemmi eins og vant er.

Dagskránni lýkur með flugeldasýningu klukkan ellefu og eftir það eiga börn ekki að vera ein í bænum. Annast er um týnd börn á efri hæð Hressingarskálans í Austurstræti.

Rauði krossinn verður með tjald á Miðbakka nærri Hafnarhúsinu og sjúkrabílar verða fyrir utan menntamálaráðuneytið í Sölvhólsgötu. - grs

Líst ekki á flugvöll á Löngusker

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, er mjög ósáttur við viðræður um hugsanlegan flutning Reykjavíkurflugvallar á Löngusker. Trausti Valsson sem setti hugmyndina fram árið 1974 fagnar viðræðunum.

SAMGÖNGUR „Þeir hugsa nú bara um sjálfa sig þessir kappar og hirða ekki um aðra," segir Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, og líst ekkert á hugmyndir um byggingu nýs flugvallar á Löngusker sem borgaryfirvöld hafa rætt um við fulltrúa FL Group og dótturfélags þess, Flugfélags Íslands.

„Þetta verður rándýrt en allt sem viðkemur Reykjavík og R-listanum er þannig að peningar skipta ekki máli. Það skiptir ekki máli hvort það sé milljarður eða tíu eða hundrað, það er talað um þetta eins og þetta séu karamellur," segir Gunnar. Yrði flugvöllur reistur á Löngusker yrði það væntanlega til að höfnin í Kópavogi yrði innlyksa. Það líst Gunnari ekki á og segir að bætur þyrftu að koma í staðinn. „Þeir myndu sjálfsagt fara létt með að borga þær. Þá munar væntanlega ekkert um að slengja út einum eða tveimur milljörðum."

GUNNAR I. BIRGISSON Hefur litla trú á að flugvöllur verði byggður á Löngusker.

REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR Í VATNSMÝRI Ef ákveðið verður að flytja Reykjavíkurflugvöll á landfyllingu á Löngusker skapast mikið landsvæði til byggingar á núverandi flugvallarsvæði.

„Mér finnst þetta afskaplega gleðilegt því ég setti hugmyndir fram um flugvöll á landfyllingu á Löngusker árið 1974," segir Trausti Valsson, arkitekt og skipulagsfræðingur, um viðræðurnar.

„Þarna eru mikil sker sem eru um tveggja kílómetra löng eða álíka og flugbraut. Það er sáralítið sem þyrfti að fylla upp í þá flugbraut sem myndi liggja algjörlega í stefnu fjarðarins og aðflugið væri utan frá sjó. Svo yrði hin flugbrautin í áttina frá Fossvogi og þá í sjó líka. Svo má nefna að þar sem flugvöllurinn yrði á landfyllingu úti á sjó þá yrði hávaðasvæði og öryggissvæðið yfir sjónum þannig að hávaðamengun yrði lítil sem engin," segir Trausti.

Hann segir að honum þyki ljóst að kostnaður við slíkan flugvöll yrði langtum minni en það verð sem fengist fyrir landsvæðið þar sem núverandi flugvöllur er.

- hb/- bþg

Lyfjarisi tapar máli:

Ekkjan fær 16 milljarða

BANDARÍKIN, AP Kviðdómur í Texas komst í gær að þeirri niðurstöðu að lyfjarisinn Merck & Co. bæri ábyrgð á dauða manns sem hafði tekið inn verkjalyfið Vioxx og lést úr hjartaáfalli. Ekkja mannsins fær andvirði sextán milljarða íslenskra króna í skaðabætur.

CAROL ERNST Ekkja mannsins fær sextán milljarða í skaðabætur.

Vioxx var áður mjög vinsælt verkjalyf en var tekið af markaði í september í fyrra eftir að rannsókn leiddi í ljós að lyfið tvöfaldaði hættuna á hjartaáfalli ef það væri tekið í 18 mánuði eða lengur.

Þetta er fyrsti dómurinn í máli gegn Merck vegna verkjalyfsins, en yfir 4.000 mál gegn risanum eru í farvatninu. Búist er við að dómnum verði áfrýjað. ■

117 ára í augnaðgerð:

Nú má guð bíða aðeins

HVÍTA-RÚSSLAND, AP 117 ára gömul kona, sem kann að vera sú elsta í heimi, gekkst í gær undir augnaðgerð. „Hér áður bað ég guð um að fara að taka við mér en nú þoli ég að bíða aðeins lengur," sagði Hanna Barisevitsj frá Hvíta-Rússlandi eftir að hún gekkst undir aðgerðina.

Hanna var farin að sjá ansi illa og þáði því boðið þegar einkarekin heilbrigðisstofnun bauðst til að framkvæma aðgerðina endurgjaldslaust. Hún fæddist 5. maí 1885 samkvæmt vegabréfi hennar en Heimsmetabók Guinness hefur ekki staðfest að hún sé elsta kona heims þar sem hún hefur aldrei óskað eftir því. Hollensk 115 ára kona er þar skráð elsta kona heims. ■

SPURNING DAGSINS

Siggi, hvernig verður þú klæddur á Menningarnótt?

Eftir veðri.

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur, einnig þekktur sem Siggi stormur, spáir ágætu veðri í dag þó að smá skúrir verði fyrrihluta dags en vindasamara með kvöldinu.

Sjö fluttir á slysadeild eftir harðan árekstur strætisvagns og vörubifreiðar:

Dróst tuttugu metra með vörubílnum

SLYS Sjö voru fluttir á slysadeild eftir harðan árekstur strætisvagns og vörubifreiðar á gatnamótum Laugavegs, Suðurlandsbrautar og Kringlumýrarbrautar á tíunda tímanum í gærmorgun.

Strætisvagnabílstjórinn slasaðist alvarlega á fótum og var fluttur með sjúkrabíl á slysadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss. Þar gekkst hann undir aðgerð í gær og var í kjölfarið lagður inn á gjörgæslu. Hann kastaðist út úr strætisvagninum við áreksturinn og dróst um tuttugu metra eftir götunni með vörubifreiðinni.

Fimm farþegar strætisvagnsins voru fluttir með sjúkrabíl á slysadeild en reyndust ekki alvarlega slasaðir. Eldri maður var þó lagður inn til eftirlits vegna höfuðáverka en hinir fengu að fara heim að lokinni skoðun.

Ökumaður vörubifreiðarinnar var einnig fluttur með lögreglubíl á slysadeild. Hann var ómeiddur en mjög brugðið eftir áreksturinn ekki síst þar sem hann reyndist þekkja strætisvagnabílstjórann.

Tildrög slyssins eru í rannsókn. **- ht**

HARÐUR ÁREKSTUR Strætisvagn og vörubifreið eru mikið skemmd eftir árekstur á mótum Laugavegs og Suðurlandsbrautar í gærmorgun.

LÖGREGLUMAÐUR STENDUR VÖRÐ Yfirmaður Lundúnalögreglunnar neitar að hafa reynt að hafa áhrif á rannsókn á dauða Brasilíumannsins Menezes.

Yfirmaður Lundúnalögreglunnar:

Vísar ásökunum á bug

LUNDÚNIR Yfirmaður Lundúnalögreglunnar, Ian Blair, neitar því staðfastlega að hafa reynt að hafa áhrif á rannsókn á dauða Brasílíumannsins Jean Charles de Menezes, sem lögreglumenn skutu til bana á neðanjarðarlestarstöð í Lundúnum í júlí.

Hann neitar því jafnframt alfarið að hafa á nokkurn hátt reynt að breiða yfir málið.

Breska blaðið The Guardian segir frá því að Blair hafi lagt það til í febrúar að lögreglumenn sem bana einhverjum á meðan þeir eru við störf ættu að njóta friðhelgi. ■

Skákþing Íslands:

Hannes Hlífar enn í forystu

SKÁK Hannes Hlífar Stefánsson stórmeistari heldur forystunni á Skákþingi Íslands eftir skákir gærdagsins. Hann lagði Sigurð Pál Steindórsson næsta örugglega og sama er að segja um Jón Viktor Gunnarsson sem vann Snorra G. Bergsson. Hannes hefur sjö og hálfan vinning að loknum níu umferðum á Skákþinginu en Jón Viktor fylgir fast á hæla honum með sjö vinninga. Þriðji er Stefán Kristjánsson með sex og hálfan vinning. Tvær umferðir eru eftir af Skákþinginu. **- ssal**

Vegagerðin rannsakar leyfislausa leigubíla

Brögð eru að því að leigubílum í höfuðborginni sé ekið um tilskilinna leyfa og heimilda. Eftirlitsdeild Vegagerðarinnar rannsakar nokkur slík mál. Allnokkur mál tengd misnotkun á atvinnuleyfum bílstjóra eru í skoðun.

ATVINNUMÁL „Það eru nokkur mál í skoðun hjá okkur í dag og slík mál koma nokkuð reglulega upp," segir Sigurður Hauksson hjá eftirlitsdeild Vegagerðarinnar. Sigurður vísar þar til mála sem varða misnotkun á atvinnuleyfum leigubílstjóra en nokkuð virðist um að óprúttnir fari ekki að lögum og reglum hvað þau varðar.

Viðurlög við misnotkun á slíkum leyfum er aðvörun en ekki er gengið ýkja hart fram fyrr en sannað þykir að viðkomandi leyfishafi brjóti lögin ítrekað. Hefur það heft rannsókn slíkra mála að andmælaréttur leyfishafa er afar ríkur og hvert mál getur tekið langan tíma.

Misnotkunin felst aðallega í að leyfishafar, sem halda leyfum sínum til 71 árs aldurs, framleigi þau og stundi jafnvel allt aðra vinnu en leigubílaakstur á meðan. Slíkt er ekki brot svo lengi sem leyfishafar sjálfir skili 40 tíma vinnuframlagi í viku hverri en eftirlit með slíku er afar erfitt og allt að því vonlaust.

Sigurður segir að misjafnir menn finnist í öllum greinum en tekur fram að 95 prósent leigubílstjóra eru til fyrirmyndar og almennt séu engin vandamál af þeirra hálfu. „Svo eru aðrir sem reyna að fara á sveig við lög og reglur en enginn hefur þó misst leyfið sitt vegna brota á þeim þremur árum sem við höfum séð um eftirlit með þessu."

Lög kveða einnig á um að allir leigubílstjórar skuli vera með atvinnuleyfi sín í bílum sínum en Fréttablaðið hefur sannreynt að því er ekki að heilsa í öllum tilvikum. Víða erlendis mega bílstjórar ekki aka leigubílum nema akstursleyfi þeirra sé á áberandi stað í bílum þeirra þar sem viðskiptavinir geta séð mynd, nafn og leyfisnúmer viðkomandi. Er það talið sjálfsagt öryggisatriði fyrir farþega enda ljóst að tryggingar ná ekki til þeirra sem aka leigubíl undir fölsku flaggi. Vegagerðin hefur vitneskju um að í höfuðborginni séu notaðir leigubílar sem tilheyra engri leigubílastöð og er því allur varinn góður.

albert@frettabladid.is

EKKI ER ALLT SEM SÝNIST Langstærstur hluti leigubílstjóra fylgir settum lögum og reglum en dæmi eru um bílstjóra sem aka með farþega án þess að hafa til þess nokkur leyfi.

SAMGLEÐJAST YFIR FLUGBRAUTINNI Ingólfur Bjarni Svafarsson er ekki hár í loftinu en hann var í skýjunum með nýju flugbrautina og hér óskar hann samgönguráðherra til hamingju með hana.

Ný flugbraut:

Allir kátir í Grímsey

SAMGÖNGUR „Það var sól og blíða að þessu sinni og allir Grímseyingar afar kátir," segir Brynjólfur Árnason, flugvallarvörður í Grímsey, en Sturla Böðvarsson samgönguráðherra vígði þar í gær nýja flugbraut og vélageymslu.

Nýja flugbrautin er rúmur kílómetri að lengd og hún leysir af hólmi gamla malarbraut sem oft var ófær á vorin þegar þiðna tók í jörðu.

Til stóð að vígja flugbrautina fyrir viku en fresta varð athöfninni vegna mikillar þoku sem lá yfir eynni og hamlaði flugsamgöngum. **- jse**

Leigubílar:

Gjaldskrá hækkuð

NEYTENDUR Gjaldskrá leigubifreiða hækkaði um rúm átta prósent í gær og er startgjald leigubíla þá orðið 470 krónur en var 430 áður.

Sú breyting hefur orðið eftir að olíugjald var sett á í stað þungaskatts í sumar að svokölluð vísitala bifreiða er lögð til grundvallar þegar hugað er að breytingum á gjaldskrá leigu-, vöru- eða sendibíla en sú breyting kom einna harðast niður á leigubílstjórum. Þótti því ástæða til hækkunar sem nú hefur tekið gildi. **- aöe**

Menningarnótt
...Takk fyrir okkur

Kaffi, kakó og kleinur

Starfsfólk Atlantsolíu vill þakka höfuðborgarbúum fyrir góðar móttökur. Að því tilefni býður Atlantsolía upp á kaffi, kakó og kleinur fyrir framan MR á menningarnótt milli klukkan 16:00 og 23:00.

Njótum dagsins!

ATLANTSOLIA

Brottflutningur landnema af Gaza er í fullum gangi:

Náðugur dagur hjá ísraelska hernum

GADID, AP Brottflutningi landtökumanna af Gaza-svæðinu miðar vel áfram. Ekki kom til neinna alvarlegra átaka á svæðinu í gær.

Miðað við róstusaman fimmtudaginn þegar mótmælendur skvettu sýru á hermenn í sýnagógum í Neve Dekalim og Kfar Darom landnemabyggðunum áttu ísraelsku hermennirnir náðugan dag í Gadid í gær. Þar voru nokkrir mótmælendur saman komnir en þeir samþykktu eftir viðræður við lögreglumenn að yfirgefa svæðið án mótþróa. Nokkrir klifruðu þó upp á húsþök og hrópuðu þaðan ókvæðisorð.

Í Kerem Atzmona-hverfinu jöfnuðu jarðýtur Ísraela nokkur hjólhýsi við jörðu. Þau eru fyrstu híbýlin sem rifin eru í tengslum við lokun byggðanna.

Palestínumenn í bænum Rafah söfnuðust saman í hliði yfirgefinnar landnemabyggðar og lofuðu Guð fyrir að reka Ísraela á brott.

Nú hefur þorri landnemabyggða á Gaza-ströndinni verið rýmdur, fólk býr aðeins í fjórum þeirra. Yfirmaður brottflutningsins sagðist búast við að honum yrði lokið á þriðjudaginn en það er mun fyrr en í fyrstu var búist við. **- shg**

MÓTMÆLT Í GADID Nokkrir landtökumenn komu sér fyrir á húsþökum í Gadid-byggðinni og létu hermenn fá það óþvegið. Þeir veittu þó litla mótspyrnu þegar hermenn fjarlægðu þá.

STÓÓÓR ÚTSALA: VERÐ – HRUUN Á KLETTHÁLSI

Örfá sýnishorn:

VW Passat 4x4 Variant
árg. 00 ek. 141.000
verð 750.000 kr.
verð áður 1.050.000 kr.

Opel Zafira
árg. 00 ek. 81.000
verð 890.000 kr.
verð áður 1.180.000 kr.

VW Golf Variant
árg. 97 ek. 157.000
verð 180.000 kr.
verð áður 380.000 kr.

Nissan X-Trail
árg. 03 ek. 50.000
verð 2.330.000 kr.
verð áður 2.730.000 kr.

MMC Carisma
árg. 01 ek. 47.000
verð 779.000 kr.
verð áður 990.000 kr.

Toyota RAV4
árg. 98 ek. 98.000
verð 840.000 kr.
verð áður 1.070.000 kr.

Toyota Corolla 4x4 station
árg. 00 ek. 103.000
verð 650.000 kr.
verð áður 880.000 kr.

Opel Zafira
árg. 00 ek. 99.000
verð 750.000 kr.
verð áður 990.000 kr.

Skoda Octavia
árg. 99 ek. 113.000
verð 560.000 kr.
verð áður 730.000 kr.

VW Passat 1,6
árg. 99 ek. 124.000
verð 640.000 kr.
verð áður 850.000 kr.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 4015

OPIÐ Í DAG 10–16

Einnig stórútsala hjá:
Söluumboði Heklu á Selfossi, sími 482 1416
Söluumboði Heklu í Reykjanesbæ, sími 420 5000

Smelltu þér á www.bilathing.is og skoðaðu útsölubílana!

ÓTRÚLEGT ÚRVAL BÍLA
ALLT AÐ 150.000 KR. VIÐBÓTARAFSLÁTTUR

100% FJÁRMÖGNUN á völdum bílum

ALLT AÐ 750 ÞÚS. kr. AFSLÁTTUR!

HEKLA®
Laugavegi 174
Sími 590 5040
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum
Laugavegi 174
Klettháls 11
sími 590 5040
www.bilathing.is

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 19.08.2005

		KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	USD	63,87	64,17
Sterlingspund	GBP	114,66	115,22
Evra	EUR	77,72	78,16
Dönsk króna	DKK	10,424	10,484
Norsk króna	NOK	9,739	9,797
Sænsk króna	SEK	8,317	8,365
Japanskt jen	JPY	0,5775	0,5809
SDR	XDR	93,34	93,9

Gengisvísitala krónunnar

108,9703 -0,01%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Marokkói dæmdur fyrir að vera félagi í al-Kaída:

Sýknaður af hlutdeild í hryðjuverkum

HAMBORG, AP Dómstóll í Hamborg dæmdi í gær Mounir el Motassadeq, marokkóskan mann sem búsettur er í Þýskalandi, í sjö ára fangelsi fyrir að vera félagi í al-Kaída hryðjuverkasamtökunum. Hann var hins vegar sýknaður af þátttöku í hryðjuverkaárásunum 11. september 2001.

Motassadeq var á sínum tíma fundinn sekur um öll ákæruatriði, þar á meðal 3.000 ákærur vegna þeirra sem létust í hryðjuverkaárásunum 11. september. Áfrýjunardómstóll vísaði hins vegar málinu aftur heim í hérað þar sem talið var að Motassadeq hefði ekki hlotið sanngjarna málsmeðferð.

MYND/AP

MOUNIR EL MOTASSADEQ Motassadeq sýndi engin svipbrigði þegar dómarinn tilkynnti honum að hann myndi dúsa í sjö ár í fangelsi.

Dómararnir í Hamborg komust að þeirri niðurstöðu í gær að Motassadeq hefði verið félagi í al-Kaída sellunni í borginni þar sem flugmennirnir Mohammad Atta, Marwan al-Shehhi og Ziad Jarrah voru einnig. Þeir töldu hins vegar ekki hafa verið sýnt fram á að hann hefði haft einhverja vitneskju um árásirnar mannskæðu. Dómararnir gagnrýndu bandarísk stjórnvöld fyrir að hafa einungis látið þeim í hendur samantekt á yfirheyrslum yfir al-Kaída liðum í Bandaríkjum vegna málsins, en ekki sjálfar frumskýrslurnar.

-shg

Disney gagnrýnt:

Sagt greiða smánarlaun

HONG KONG Walt Disney-fyrirtækið hefur fyrirskipað rannsókn á ásökunum á hendur verksmiðjum í Kína sem framleiða ýmsan varning fyrir fyrirtækið. Verksmiðjurnar eru sakaðar um að borga verkamönnum brot af lágmarkslaunum, auka á þá vinnuálag og falsa launaseðla til að villa um fyrir verkalýðsfélögum.

Ásakanirnar komu fram í skýrslu samtaka í Hong Kong sem berjast fyrir bættari kjörum verkamanna. Þar kemur fram að starfsmenn verksmiðjanna fá greitt sem nemur tuttugu krónum á tímann. Disney hefur þegar heitið því að lagfæra þau atriði sem misbrestur er á. ■

MO MOWLAM Fyrrum Írlandsmálaráðherra í ríkisstjórn Tonys Blair sem lést í gær.

Fyrrum breskur ráðherra:

Mo Mowlam fallin frá

LUNDÚNIR, BBC Fyrrverandi Írlandsmálaráðherra Bretlands Mo Mowlam lést í gær, 55 ára að aldri. Hún hafði verið veik um tíma og þjáðst af völdum heilaæxlis. Hún var hins vegar flutt á spítala eftir að hafa dottið á heimili sínu fyrr í mánuðinum. Hún komst aldrei aftur til meðvitundar eftir fallið.

Mowlam var einn vinsælasti stjórnmálamaður Verkamannaflokksins og er einna þekktust fyrir hlut sinni í friðarviðræðunum í Írlandi í lok tíunda áratugarins. Árið 1999 var henni skipt út fyrir Peter Mandelson sem tók við málefnum Írlands. Hún afþakkaði hins vegar stól heilbrigðisráðherra og lét loks af þingmennsku 2001. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

ÞRIGGJA BÍLA ÁREKSTUR Flytja þurfti einn á slysadeild með höfuðáverka eftir þriggja bíla árekstur á gatnamótum Hjalteyrargötu og Tryggvabrautar á Akureyri á ellefta tímanum í gærmorgun. Tveir bílanna skemmdust mikið og voru dregnir af vettvangi með kranabíl.

JÓDÍS HLÖÐVERSDÓTTIR OG BÖRNIN Á SJÓNARHÓLI Textílhönnuður og leiðbeinandi á leikskólanum Sjónarhóli í Grafarvogi segir manneklu valda því að ekki sé hægt að byggja upp jafn gott starf í leikskólanum og starfsmenn þar vildu.

Mannekla hefur slæm áhrif á leikskólastarfið

Leiðbeinandi á leikskólanum Sjónarhóli segir manneklu valda því að ekki sé hægt að stunda markvissa vinnu í leikskólanum. Foreldri er undrandi á því að vandamál vegna manneklu komi upp á hverju ári.

LEIKSKÓLAR „Vandamálið er ekki nýtt og ástandið hefur raunar varað lengi," segir Jódís Hlöðversdóttir, textílhönnuður og leiðbeinandi á leikskólanum Sjónarhóli í Grafarvogi. Tíu börn verða send heim úr leikskólanum á hádegi dag hvern frá og með mánudegi vegna manneklu.

„Við erum of fáar og getum þarafleiðandi ekki byggt upp jafn gott starf né stundað þá markvissu vinnu sem við vildum," segir Jódís sem telur af og frá að hægt sé að leysa vandamálið með því að fá eldri borgara eða foreldra til starfa inni á leikskólunum.

„Það vill brenna við að höfuðmáli skiptir hverjir sjá um börnin stóran hluta dagsins," segir Jódís. „Leikskólaárin eru helstu mótunarár barnanna og leikskólar eru menntastofnanir eins og aðrir skólar í borginni."

Jódís segir einu færu leiðina að hækka launin að fá hæft fólk til starfa inn á leikskólana. „Mjög margir hafa áhuga á því að starfa á leikskóla enda eru þeir yndislegir vinnustaðir. Fólk hefur hins vegar einfaldlega ekki efni á því," segir Jódís.

Nína Margrét Grímsdóttir, foreldri þriggja ára barns á Sjónarhóli, segir foreldra alla af vilja gerða til að skilja aðstöðu starfsfólks leikskólans. Hún lýsir þó undrun sinni á að vandamálið komi upp á nær hverju ári og telur það helgast af því að launin séu of lág.

„Framtíðarlausn á málinu væri að hækka laun faglærðra leikskólakennara en ekki að ráða fleira ófaglært starfsfólk," segir Nína Margrét. „Það skiptir miklu máli hver sér um börnin á daginn, ef einhvers staðar þarf að vanda til verka er það til starfa með börnunum."

Stefán Jón Hafstein, formaður menntaráðs Reykjavíkurborgar, segir kjarasamninga ófaglærðs starfsfólks lausa í haust. Ekki komi til greina að bregðast við manneklu með því að hækka launin á öðrum grundvelli en kjarasamningum.

„Það er auðvitað mjög slæmt mál að mannekla skuli koma upp á hverju hausti," segir Stefán Jón. „Þegar til lengri tíma er litið er hins vegar ljóst að krafan snýr að því að mennta fleiri leikskólakennara. Þannig þyrftum við ekki að reiða okkur á ófaglært starfsfólk."

helgat@frettabladid.is

Grundfos-fyrirtækið:

Fengu verk eftir mútur

DANMÖRK Rannsóknarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur krafið yfir sjötíu dönsk fyrirtæki um skýringar á samskiptum sínum við Íraksstjórn meðan á olíusöluáætlun Sameinuðu þjóðanna stóð.

Grundfos, eitt stærsta fyrirtæki Danmerkur, hefur þegar viðurkennt að tveir starfsmenn þess mútuðu íröskum embættismönnum til að fá samninga um framleiðslu á olíudælum.

Ekki er ljóst um hvaða fjárhæðir er að ræða en þær eru taldar miklar þar sem dönsk fyrirtæki gerðu samninga fyrir 30 milljarða íslenskra króna á þessum tíma við Íraka.

Olíusöluáætlun Sameinuðu þjóðanna í Írak var í gildi á árunum 1991-2003 en hún einkenndist öðru fremur af mikilli spillingu. ■

Boranir í Norðursjó:

Hydro fann risagaslind

NOREGUR Norska orku- og iðnfyrirtækið Hydro staðfesti í gær að það hefði fundið miklar gaslindir undan ströndum Noregs.

Tímaritið Upstream, sem fjallar um olíumál, sagði frá fundinum og áætlaði að gasið sem vinna mætti úr lindunum væri í það minnsta 300 milljarða króna virði. Gaslindirnar eru í norðanverðum Norðursjó, 687 metra undir sjávarmáli og 384 metra undir hafsbotninum.

„Við erum mjög ánægð með niðurstöður tilraunaborananna. Umfangsmiklar lindir hafa fundist og við áformum að hefja vinnslu sem fyrst. Nú verðum við hins vegar að meta gögnin," sagði Lars Christian Alsvik, hjá Hydro. ■

VEÐRIÐ Í DAG

FÍNASTA VEÐUR Á RAUFARHÖFN
Spáin er fín fyrir norðaustan og austanvert landið. Þar léttir til með morgninum og horfur á bjartviðri með ágætum hita og hægum vindi. Í höfuðborginni má búast við dropum af og til þótt úrkomumagnið verði ekki endilega mikið.

VEÐRIÐ Á MENNINGARNÓTT
Með kvöldinu eykst vindur heldur en horfur eru á að það verði úrkomulítið eða jafnvel úrkomulaust í kvöld. Hitinn verður nálægt 10 stigunum. Semsagt alls ekki sem verst!!!

Í dag um hádegi



Á morgun



Fremur hægur vindur í fyrstu. Strekkingur sunnan og vestan til síðdegis.

Mánudagur



Nokkur vindur vestan til, annars hægari.

Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	22°C	hálfskýjað	París	21°C	hálfskýjað	Alicante	28°C	léttskýjað
Ósló	27°C	hálfskýjað	Berlín	28°C	hálfskýjað	Milano	26°C	léttskýjað
Stokkhólmur	28°C	hálfskýjað	Frankfurt	22°C	skýjað/skúr	New York	28°C	hálfskýjað
Helsinki	23°C	hálfskýjað	Madrid	27°C	hálfskýjað	San Francisco	20°C	léttskýjað
London	21°C	léttskýjað	Barcelona	25°C	léttskýjað	Orlando/Florida	34°C	hálfskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



Þorir þú að hitta frægustu drauga Íslandssögunnar?

Á Menningarnótt gangast TM í samstarfi við Draugasetrið á Stokkseyri fyrir magnaðri og þjóðlegri draugasýningu í húsakynnum TM við Aðalstræti. Djákninn á Myrká, frægir sjódraugar, skotta og móri, uppvakningar og aðrir draugar lifna við til fróðleiks, skemmtunar og skelfingar gesta.

Athugið: Sýningin gæti vakið ótta hjá börnum og viðkvæmu fólki.

Opið frá kl. 13 til 21 á Menningarnótt, í dag 20. ágúst. Aðgangur ókeypis.

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN – ***þegar mest á reynir!*** · SÍMI 515 2000 · tm@tmhf.is · www.tmhf.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SÍA.IS – TMI 29190 08/2005

KJÖRKASSINN

Er rétt að vísa mótmælendum Kárahnjúkavirkjunar úr landi?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	60,8%
Nei	39,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að flytja Reykjavíkurflugvöll út á Löngusker?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Reynt að loka fyrir gerlamenguð matvæli:

Matvörur frá Taílandi bannaðar

HEILBRIGÐISMÁL Umhverfisstofnun hyggst leggja til við Umhverfisráðuneytið að sett verði tímabundið innflutningsbann á allar kryddjurtir, aspas, laufgrænmeti, baunir og rætur frá Tælandi, að sögn Elínar Guðmundsdóttur forstöðumanns matvælasviðs. Ástæðan er gerlamengun sem fundist hefur við mælingar á vörum þaðan.

„Við viljum ekki hafa gerlamenguð matvæli hér á markaði," segir Elín. „Salmonella, kólígerlar og saurkólígerlar hafa verið að greinast í óásættanlegu magni. Þetta er þó vonandi tímabundið."

Nýverið tóku starfsmenn umhverfissviðs Reykjavíkurborgar sýni af grænum smáspergli frá Taílandi sem var til sölu í verslunum hér. Salmonella greindist í vörunni og var dreifing hennar stöðvuð og hún tekin úr sölu.

Dreifingar- og sölubann er nú þegar á 21 tegund kryddjurta frá Taílandi vegna mengunar sem fundist hefur, að sögn Helgu G. Bjarnadóttur hjá Umhverfissviði. Má þar nefna kóríander, myntulauf og basilikum. - jss

KÓRÍANDER Ein þeirra kryddjurtategunda frá Taílandi sem er í dreifingar- og sölubanni hér á landi.

Manntjón í eldsvoðum:

Nær 50 látnir á 25 árum

BRUNAVARNIR Meira manntjón varð vegna eldsvoða hér á landi á síðasta ári en sem nemur meðaltali síðustu tuttugu og fimm ára. Þrír fórust í eldsvoðum í fyrra en tveir að meðaltali árlega frá 1979. Þó er eru banaslys af þessum völdum fátíðari hér en á öðrum Norðurlöndum.

Þetta kemur fram í ársskýrslu Brunamálastofnunar fyrir árið 2004.

Alls hafa fjörutíu og átta farist í eldsvoðum hér á landi frá því 1979 og þar af eru karlmenn í miklum meirihluta eða 75 af hundraði.

Bætt brunatjón námu 1.240 milljónum í fyrra sem er rúmum tvö hundruð milljónum yfir meðaltali. - jse

NOREGUR

AMMA RÆKTAÐI KANNABIS Barnabörnum ríflega áttræðrar konu brá heldur betur í brún þegar þau fundu kannabisplöntu í fullum blóma í beðinu hennar. Konan vissi ekki um hvers konar plöntu var að ræða og hlúði því að henni með grænum fingrum sínum. Lögregla gerði plöntuna upptæka en talið er að hún hafi sprottið upp af fuglafræi.

BANKARÁN Í KROKSTADELVA Øst-bankinn í bænum Krokstadelva var rændur í gærmorgun og leitar nú lögregla ræningjanna. Ekki er vitað hversu mikið fé þeim tókst að hafa á brott með sér.

DANMÖRK

ÚLDNAR PYLSUR COOP, stærsta smásölufyrirtæki í Danmörku, hefur ákveðið að hætta pylsugerð í verslunum þess þar sem misbrestur er á að heilbrigðiskröfur séu uppfylltar. Ástandið er sagt sérlega slæmt á Jótlandi þar sem pylsurnar eru oft úldnar.

BRETLAND

TÓLF ÁRA SAKAÐUR UM NAUÐGUN Tólf ára gamall piltur frá Wigan, nærri Manchester í Englandi, hefur verið ákærður fyrir nauðgun og aðra kynferðislega misnotkun. Honum er gefið að sök að hafa þvingað átta ára gamlan pilt til samræðis við sig.

Deilt um breytingar á leiðakerfi Strætó

Björk Vilhelmsdóttir dró til baka tvær tillögur sínar um breytingar á þjónustu strætisvagna á fundi stjórnar Strætó bs. í gær. Meirihluti stjórnarinnar horfir í þann kostnað sem breytingarnar hafa í för með sér.

SAMGÖNGUR Ágreiningur í stjórn Strætó bs. á fundi í gær varð til þess að Björk Vilhelmsdóttir stjórnarformaður dró til baka tvær tillögur sínar um breytingar á þjónustu strætisvagna. Meirihluti stjórnar telur að kostnaður við breytingar á þjónustutíma, leiðakerfi og tímatöflum verði of mikill.

„Þarna var tekist á um hlutina," sagði Björk eftir fundinn. „Við vorum bæði að fara yfir reynsluna af nýja kerfinu, tillögur um lengdan þjónustutíma og breytingar á tímatöflum og leiðum. Ákveðið var að fela framkvæmdastjóra að breyta tímatöflunum eins og þyrfti og koma með tillögur að breytingum á leiðum."

BJÖRK VILHELMSDÓTTIR Vill breytingar á einstökum þáttum strax.

ÁRMANN KR. ÓLAFSSON Vill heildrænar breytingar á þjónustunni.

Áætlað er að lenging á aksturstíma Strætó á öllum leiðum til miðnættis kosti 40 milljónir króna á ári.

Spurð nánar út í efni tillagnanna tveggja sem hún lagði fram, kvaðst Björk ekki getað greint frá því að svo stöddu þar sem hún hefði dregið þær til baka á fundinum. Ákveðið hefði verið að fresta ákvörðunum um viku, sem væri í sjálfu sér ásættanlegt.

ÞJÓNUSTUTÍMI Lenging á aksturstíma strætisvagna stendur í meirihluta stjórnar Strætó bs. vegna aukins kostnaðar upp á 40 milljónir króna.

„En ég fell ekki frá því að ég tel að það eigi að breyta þjónustutímanum," ítrekar hún.

Ármann Kr. Ólafsson, stjórnarmaður í Strætó bs., segir að stjórnin hafi viljað leyfa málinu „að anda aðeins," þannig að fyrst væri einu breytt, síðan öðru og svo koll af kolli með tilheyrandi kostnaði í hvert sinn.

„Fyrir mitt leyti finnst mér að taka þurfi við öllum athugasemdum, fara yfir þær og gera síðan heildstæðar breytingar," segir hann. „Nú er til dæmis að koma inn stór hópur notenda sem er skólafólkið. Mér finnst ekkert sjálfgefið að við lengjum þjónustutímann til 12 á miðnætti. Við höfum úr ákveðnum fjármunum að spila. Spurningin er hvort breyting á einum lið kosti ekki endurskoðun á einhverju öðru."

Ármann segir skyldur stjórnarinnar að fara vel yfir málið og gera síðan eina heildræna breytingu sem gagnist sem flestum.

jss@frettabladid.is

Nemendur snúa aftur í skóla í næstu viku eftir sumarfrí:

Liðlega 100 þúsund á skólabekk

MENNTUN Leiða má líkum að því að um 105 þúsund einstaklingar hefji nám í skólum landsins í næstu viku en þá hefja flestir skólar starfsemi sína eftir sumarfrí. Í fyrrahaust voru nemendur tæplega 104 þúsund talsins á öllum skólastigum en allmargir skólar hafa tilkynnt um fjölgun nemenda frá ári til árs.

Hagstofa Íslands heldur utan um fjölda námsmanna sem og fjölda þeirra Íslendinga sem sækir nám erlendis. Samkvæmt þeirra tölum voru rúmlega 44 þúsund einstaklingar í grunnskólum landsins á síðustu haustönn. Um 24 þúsund námu við mennta- og fjölbrautarskóla eða aðra sérskóla á menntaskólastigi. Tæp 17 þúsund börn voru í leikskólum landsins og rúmlega tvö þúsund sóttu nám erlendis.

Lítilleg aukning er fyrirsjáanleg í grunnskólum landsins miðað við fjölda barna á grunnskólaaldri og fjöldi þeirra er leggja stund á nám í mennta- og háskólum eykst einnig. Fjöldi nýnema við Háskólann í Reykjavík hefur aldrei verið meiri og sömu sögu er að segja af Háskólanum á Akureyri. - aöe

RYKIÐ DUSTAÐ AF SKÓLABÓKUNUM Flestir skólar landsins verða settir í byrjun næstu viku og munu um 105 þúsund einstaklingar hefja nám af einhverju tagi þessa haustönn.

IKEA®

LAGER-SALA

FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ

20-80%

afsláttur af sýningarhúsgögnum og lítið útlitsgölluðum húsgögnum

aðeins 2 dagar

20.- 21. ágúst

Laugardag kl. 10:00 - 18:00
Sunnudag kl. 12:00 - 18:00

Dagskrá 20. ágúst

14.00	Húsið opnað
14.15	Íslistamaður lætur ljós sitt skína
14.45	Töframaður sýnir listir sínar
15.30	Söngatriði úr söngleiknum ANNIE
16.15	South River Band rífur stemminguna upp
16.45	Söngatriði úr söngleiknum ANNIE
17.00	Töframaður sýnir listir sínar
18.00	Listaverkauppboð. Þorsteinn Guðmundsson grínisti stýrir uppboði á nokkrum listaverkum. Allur ágóði rennur til STYRKTARFÉLAGS LAMAÐRA OG FATLAÐRA.
19.00	Dagskrá lokið

Annað

- Málverkasýning
- Börnin fá frostpinna
- Kaffi og súkkulaði fyrir gesti
- Gestir geta tekið þátt í menningarleik KB banka. Vinningur er gjafabréf að verðmæti 50.000 kr. í Gallerí FOLD. Dregið verður á Menningarnótt.
- Starfsmenn kynna listmunalán KB banka

Verið velkomin
í KB banka Austurstræti

DAGUR SKORDÝRANNA

Orkuveitan efnir til göngu- og fræðsluferðar í Elliðaárdal undir leiðsögn Guðmundar Halldórssonar, skordýrafræðings, og Odds Sigurðssonar, jarðfræðings, í dag laugardaginn 20. ágúst.

Gengið verður um dalinn og hugað að þeim smádýrum sem þar búa. Þátttakendur eru hvattir til að hafa með sér stækkunargler. Farnar verða 3 ferðir undir leiðsögn og hefst fyrsta gangan kl. 11:00, önnur kl.13:00 og sú þriðja kl. 15:00.

Gangan hefst við Minjasafn Orkuveitu Reykjavíkur sem er opið öllum til skoðunar, en að lokinni göngu er boðið upp á svalandi drykki.

Í Rafheimum stendur yfir ljósmyndasýning Odds Sigurðssonar á skordýrum og verður hún skoðuð.

www.or.is

Orkuveita Reykjavíkur

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ORK 29276 08/2005

Samtök tengd al-Kaída láta til sín taka í Jórdaníu:

Eldflaugaárás á bandarískt herskip

AQABA, AP Þremur eldflaugum var skotið á skotmörk í Jórdaníu og Ísrael í gær. Ein sprakk rétt hjá bandarísku herskipi en önnur hafnaði nærri flugvelli. Einn maður lést í árásinni.

Eldflaugaárásin í gærmorgun var gerð frá pakkhúsi í jórdönsku hafnarborginni Aqaba en hún stendur við Rauðahafið en þaðan var þremur Katyusha-eldflaugum skotið áleiðs. Ein þeirra hafnaði nærri bandaríska herskipinu USS Ashland sem lá bundið við bryggju í borginni en það hafði verið við heræfingar á flóanum. Jórdanskur hermaður beið bana þegar sprengjuhleðsla flaugarinnar sprakk.

Önnur flaugin lenti nærri sjúkrahúsi skammt frá vöruskemmunni en ekki er vitað hvort hún hafi valdið manntjóni. Sú þriðja lenti á leigubíl nærri flugvellinum í ísraelsku borginni Eilat, sem er fimmtán kílómetra frá Aqaba, en sú flaug sprakk þó ekki. „Ég heyrði mikinn hávaða og bíllinn minn nötraði," sagði Meir Fahran bílstjóri en hann meiddist lítillega.

Abdullah Azzam herdeildirnar, samtök tengd al-Kaída, hafa lýst yfir ábyrgð á tilræðinu en ekki er vitað hversu áreiðanleg sú yfirlýsing er. Lögreglan leitar nú fjögurra manna sem leigðu pakkhúsið. Þeir eru íraskir og egypskir. - shg

GÍGUR MYNDAÐIST Hizbollah-samtökin og palestínskir skæruliðar beittu gjarnan Katyusha-eldflaugum á árum áður. Þær voru fyrst smíðaðar á heimsstyrjaldarárunum og kölluðu Þjóðverjar þær „stalínska orgelið".

Framkvæmdastjóri Alþjóðahúss:

KEMUR EKKI Á ÓVART

EINAR SKÚLASON

KÖNNUN „Þetta kemur ekki svo mikið á óvart í ljósi þeirrar neikvæðu fjölmiðlaumræðu sem á sér stað um múslima en engin vandræði hafa komið upp hér á landi sem gætu skýrt þetta," segir Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss, um niðurstöður könnunarinnar, í henni kom fram að tuttugu og tvö prósent svarenda vildu síður búa í næstu íbúð við múslima.

Einar segir að Biskupsstofa og Alþjóðahús standi að fundum þar sem fulltrúar frá stærstu trúarhópum landsins ræði um sameiginleg hagsmunamál og slík umræða sé líkleg til að eyða fordómum milli trúarhópa. - jse

FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

BLAÐAMANNAFUNDUR RAUÐA KROSSINS Konráð Kristinsson, Þórir Guðmundsson og Sigrún Árnadóttir frá Rauða krossi Íslands og Ásdís Ragnarsdóttir frá IMG Gallup röktu niðurstöður könnunarinnar á blaðamannafundi á skrifstofu Rauða krossins í gær.

Vilja síst búa nærri múslima

Múslimar og geðfatlað fólk eru þeir minnihlutahópar sem Íslendingar vilja síst búa í næstu íbúð við. Flestir eru þó jákvæðir í garð útlendinga.

SAMFÉLAG Tuttugu og tvö prósent Íslendinga vilja ekki búa í næstu íbúð við múslima, ef marka má könnun sem IMG Gallup gerði fyrir Rauða kross Íslands um viðhorf Íslendinga gangvart minnihlutahópum.

Í könnuninni kemur fram að meirihluti Íslendinga telur að innflytjendur hafi haft góð áhrif á efnahagslífið og svaraði einn af hverjum fimm svo til að hagur sinn hefði batnað vegna fjölgunar innflytjenda meðan einn af hverjum tuttugu hélt hinu gagnstæða fram.

Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahússins, segir að miðað við þessar tölur séu Íslendingar jákvæðastir í garð innflytjenda af íbúum allra Norðurlandanna og þó víðar væri leitað.

Fram kom á fundi þar sem niðurstaðan var kynnt að karlar eru mótfallnari því en konur að börn sín giftist útlendingi. Fimmti hver karlmaður sagðist myndu verða ósáttur við slíkan ráðahag meðan helmingi færri konur svöruðu á þá lund.

Einnig kom fram á fundinum að einn af hverjum sjö vildi ekki búa í næstu íbúð við geðfatlaðan einstakling.

Rauði kross Íslands sker nú upp herör gegn fordómum í garð innflytjenda og annarra minnihlutahópa og í þeim tilgangi verður átaki undir kjörorðunum „Byggjum betra samfélag" ýtt úr vör á Menningarnótt.

„Það verður poppað og rokkað í nafni málefnisins um helgina en þar með er ekki öll sagan sögð því þetta er verkefni til fjögurra ára," segir Konráð Kristjánsson, verkefnisstjóri hjá Rauða krossi Íslands. jse@frettabladid.is

Andstaða við að búa nærri geðfötluðum:

ÞURFA REYNSLU HVOR AF ÖÐRUM

SIGRÍÐUR KRISTJÁNSDÓTTIR

KÖNNUN „Þetta eru sláandi tölur," segir Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi, um niðurstöður könnunar IMG Gallup sem leiddi í ljós að einn af hverjum sjö svarendum vildi ekki búa í næstu íbúð við geðfatlaðan einstakling.

„Ég tel að það sé með þessa fordóma eins og marga að þeir eru oftast sprottnir af einhverju sem fólk hefur sjálft ekki reynslu af en ef þessir tveir hópar, geðfatlaðir og aðrir, fengju reynslu hvor af öðrum tel ég að viðhorf myndu breytast og umburðarlyndi aukast." - jse

Formaður Félags múslima á Íslandi:

ÞARF AÐ EYÐA MISSKILNINGI

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SALMANN TAMIMI TÖLURNAR ERU SLÁANDI.

KÖNNUN „Þetta er áminning til okkar að fara að kynna trú okkar og okkur sjálfa fyrir þjóðfélaginu því það er greinilega kominn upp mikill misskilningur sem nauðsynlegt er að eyða," segir Salmann Tamimi, formaður Félags múslima á Íslandi, um niðurstöður könnunar IMG Gallup á viðhorfi Íslendinga til minnihlutahópa.

„Það eru sláandi tölur að tuttugu og tvö prósent vilji ekki búa við hlið múslima og ég er undrandi á því að Íslendingar, sem oft státa af því að vera umburðarlynd þjóð, hafi svo bara umburðarlyndi gagnvart sumum en ekki öðrum. Hvers konar umburðarlyndi er það?" - jse

www.icelandair.is/florida

Florida

Flug, gisting og bíll í átta daga

Verð frá 50.490 kr.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, bíll í B-flokki
15.-23. nóv., 6.-14. des. og 10.-18. jan.
Innifalið: Flug, bíll í 8 daga, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

Hafið samband við söluskrifstofur Icelandair eða við Fjarsölu Icelandair í síma 50 50 100 (svarað mánud. - föstud. kl. 9-17, laugard. kl. 9-17 og á sunnudögum kl. 10-16).

Nú geta handhafar Vildarkorts Visa og Icelandair notað **10.000 Vildarpunkta** sem **5.500 kr.** greiðslu upp í fargjaldið.

VR orlofsávísun Munið ferðaávísunina

MasterCard

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 29013 08/2005

út í heim

ICELANDAIR
www.icelandair.is

Það klikkar EKKI Alltaf ódýrari

ALLTAF ÓDÝRARI

LANG STÆRSTI ÚTI SKIPTIBÓKA-MARKAÐUR LANDSINS!!!

OPIÐ ALLA HELGINA

Hjá okkur eru næg bílastæði og gott aðgengi

Skeifunni 11d
Sími 533 1010

Opið virka daga 10-18
Laugardag 10-18
Sunnudag 13-17

ATH OPIÐ
Mánudag 10-20

GRIFFILL

MYND/AP

ALLT Í PLATI Talsverð skelfing greip um sig í Beirút í Líbanon í fyrradag þegar mikil sprenging drundi. Þar voru þó eingöngu á ferðinni öryggissveitir borgarinnar sem æfðu viðbrögð við hryðjuverkaárás.

Útspil Þórshafnarhrepps til varnar fólksfækkun:

Bjóða á aðra milljón í byggingarstyrki

NÝBYGGINGAR Sveitarstjórn Þórshafnarhrepps hefur ákveðið að hrinda í framkvæmd tímabundnu átaki til að verjast fólksfækkun og í því augnamiði hyggst hreppurinn styrkja þá sem ætla að byggja íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu með 10 þúsund króna framlagi á hvern fermetra nýbyggingar, að hámarki 1,3 milljónir króna. Einstaklingar, fyrirtæki og félagasamtök eiga kost á byggingarframlögum, hvort heldur íbúðirnar eru til eigin nota eða útleigu.

Björn Ingimarsson sveitarstjóri segir að ætlunin sé að verja 2,5 milljónum króna vegna þessa á yfirstandandi ári og fjórum milljónum króna á næsta ári. „Eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði á Þórshöfn fer vaxandi. Nú er svo komið að farið er að bera á skorti á meðalstórum eignum til kaups og leigu og hætta á að húsnæðisskorturinn hamli eðlilegri fólksfjölgun. Því gripum við til þessa ráðs," segir Björn.

Þann 1. desember í fyrra voru 411 manns skráðir til heimilis í Þórshafnarhreppi og segir Björn íbúafjöldann lítið hafa breyst undanfarin ár. - kk

ÞÓRSHÖFN Sveitarstjórn Þórshafnar lítur á byggingarstyrkina sem fjárfestingu sem skili tekjum til sveitarfélagsins þegar fram í sækir.

LÖGREGLUFRÉTTIR

FJÓRTÁN ÁRA ÖKUMAÐUR
Fjórtán ára unglingur var stöðvaður af lögreglu í Kópavogi í fyrrinótt eftir að hann tók bifreið foreldra sinna traustataki og fór í bíltúr. Ökumaðurinn ungi var færður á lögreglustöð og sóttu foreldrarnir hann þangað.

VELTU BÍLALEIGUBÍL VIÐ BRÚ
Tveir spænskir ferðamenn hlutu minniháttar meiðsl þegar þeir veltu bílaleigubíl skammt sunnan Brúar í Hrútafirði á fimmtudagskvöldið. Nýlögð klæðning var á veginum og því hafði hámarkshraði verið lækkaður að sögn lögreglu á Hólmavík. Bifreiðin er talin ónýt.

Ævintýri í uppsiglingu:

Olía vellur upp úr jörðinni

GRÆNLAND Vonir eru bundnar við að olíulindir sé að finna úti fyrir Nuuk á vesturströnd Grænlands sem geti fært íbúum landsins allt að 700 milljörðum íslenskra króna í tekjur.

Kanadíska olíufélagið ElCana áformar að bora á svæðinu eigi síðar en árið 2008 en vonir eru bundnar við að umtalsvert magn olíu finnist í jarðlögum á hafsbotninum þar.

„Á ákveðnum stöðum vellur olían hreinlega upp úr berggrunninum," er hermt í danska blaðinu Jyllands-Posten.

Talsmenn auðlindaskrifstofu Grænlands benda á að enn sé of snemmt að fullyrða að olíuna sé hægt að vinna en frumniðurstöður lofi hins vegar góðu. ■

UNGVERJALAND

NAUÐLENDING Í BÚDAPEST
Tyrknesk farþegaþota varð að nauðlenda á alþjóðaflugvellinum í Búdapest höfuðborg Ungverjalands í fyrradag. Þotan var á leið frá Istanbúl í Tyrklandi til Brussel í Belgíu þegar mælitæki í henni virtust gefa vélarbilun til kynna. Allt gekk þó að óskum þegar hún lenti en önnur vél var fengin til að flytja farþegana 293 á leiðarenda.

Segja undirtóninn pólitískan

Í umfjöllun erlendra fjölmiðla um Baugsmálið er ásökunum Jóns Ásgeirs Jóhannessonar á hendur Davíð Oddssyni gefið mikið vægi. Fjölmiðlarnir fjórir sem skoðaðir voru sérstaklega segja allir að pólitískan undirtón megi greina í málinu. Einn segir íslenskt viðskiptaumhverfi fyrir rétti.

FINANCIAL TIMES

Pólitískar ástæður

Megininntak fréttar breska viðskiptablaðsins **Financial Times** um þingfestingu Baugsmálsins eru fullyrðingar Jóns Ásgeirs Jóhannssonar um þátt Davíðs Oddssonar, fyrrverandi forsætisráðherra, í málinu. „Hr. Johannesson hélt því fram að rannsóknin, sem tók þrjú ár, hafi verið gerð af pólitískum ástæðum og hafi upprunalega átt að leiða til uppstokkunar Baugs. Hann sagði að rannsóknin hafi verið gerð að tilstuðlan Davíðs Oddssonar, sem var forsætisráðherra á árunum 1991 til 2004," segir í blaðinu.

Þá segir að alvarlegasta ákæran á hendur Jóni Ásgeiri sé vegna fjárdráttar sem gæti þýtti allt að sex ára fangelsisvist og að sumar ákærurnar varði fjárfestingar í breska fyrirtækinu Arcadia.

THE INDEPENDENT

Niðurstaðan eftir lagatúlkunum

Breska dagblaðið **The Independent** segir að íslenskt viðskiptaumhverfi sé fyrir rétti í Baugsmálinu. Þá er haft eftir Jóhannesi Jónssyni að málið sé pólitískt samsæri sem stjórnað er af Davíð Oddssyni, fyrrverandi forsætisráðherra.

Blaðið segir að meginatriði málsóknarinnar varði viðskipti milli Baugs og Gaums. „Í meginatriðum leyfa íslensk lög viðskipti milli skyldra einkahlutafélaga og almenningshlutafélaga þó svo að í sumum tilfellum séu takmörk á lánum sem veitt eru milli félaganna. Það fer eftir því hvernig lögin verða túlkuð hvort Jóni Ásgeiri tekst að hreinsa mannorð sitt," segir í blaðinu.

POLITIKEN.DK

Íhuga skaðabótamál

Danska dagblaðið **Politiken** hefur eftir Gesti Jónssyni, lögmanni Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, að hann hafi í höndum skjöl sem sanni sakleysi sakborninga í hverjum einasta ákæruliið. Þá segir að sakborningar haldi þeim möguleika opnum að höfða skaðabótamál gegn yfirvöldum vegna þess skaða sem Baugur hefur orðið fyrir vegna málsins.

Í Politiken segir jafnframt að málið gegn Baugi hafi pólitíska undirtóna. „Jón Ásgeir og faðir hans, Jóhannes Jónsson, saka fyrrum forsætisráðherra Íslands og núverandi utanríkisráðherra, Davíð Oddsson um að vera manninn bak við yfirgripsmikla rannsókn lögreglu á málinu," segir í blaðinu.

BerlingskeTidende

Davíð og múturnar

Í danska dagblaðinu **Berlingske Tidende** segir að allir hinna sex ákærðu í Baugsmálinu hafi lýst yfir sakleysi sínu í málaferlum vegna svika er nema alls 2,7 milljörðum íslenskra króna. Í blaðinu segir, líkt og í Politiken, að málið hafi pólitíska undirtóna. „Fyrrum forsætisráðherra og núverandi utanríkisráðherra, Davíð Oddsson, heldur því fram að Jón Ásgeir Jóhannesson hafi reynt að múta sér," segir í Berlingske.

Minnst er á hlut Jóns Geralds Sullenberger í málinu og bent á að hann hafi komið málinu af stað með því að kæra Jón Ásgeir fyrir að falsa reikninga.

sda@frettabladid.is

Loksins alvöru vasaorðabók

NÝ BÓK

Ný og sérlega vönduð vasaorðabók sem stenst allar þær kröfur sem gera má til góðra orðabóka. Allar nauðsynlegar málfræðiupplýsingar eins og orðflokkur og beyging danskra orða, góðar merkingarskýringar og notkunardæmi. Framsetning bókarinnar er skýr og aðgengileg.

Verð aðeins 3.990 kr.

Mál og menning
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

AFGANSKAR KONUR Sameinuðu þjóðirnar segja að helmingur allra kvenna sem ganga í hjónaband í Afganistan sé yngri en 16 ára.

Hjónabönd í Afganistan:

Helmingur brúða undir lögaldri

KABÚL, AP Nær helmingur allra brúða í Afganistan er yngri en 16 ára og á afskekktum svæðum landsins eru stúlkubörn allt niður í sex ára gefin í hjónabönd samkvæmt upplýsingum sem AP-fréttastofan hefur frá Sameinuðu þjóðunum.

Þá er ekki óalgengt að stúlkur séu gefnar í hjónaband í því skyni að leysa ágreining milli ættflokka og verða stúlkurnar þá eign fjölskyldunnar eða einstaklingsins sem fær hana afhenta.

Fall harðlínustjórnar talibana í Afghanistan 2001 markaði nýja tíma fyrir konur í Afganistan. Milljónir stúlkna hafa hafið skólagöngu og konur flykkst út á vinnumarkaðinn, sérstaklega í borgum landsins.

Réttur kvenna var bættur í nýrri stjórnarskrá en ósjaldan er horft fram hjá lögunum. Ríkisstjórnin, undir stjórn Hamid Karzai forseta, hefur lítil völd í sumum héruðum landsins, sérstaklega afskekktum svæðum, og getur því ekki séð til þess að lögunum sé fylgt eftir. - sda

ÆVINTÝRAEYJAN ÍSLAND

Frábær ferðaleikur fyrir alla fjölskylduna!

Olís-hátíð

Bensínlítrinn á 99,9 kr. frá kl. 14 til 16 í dag

Velkomin á lokahátíð Ævintýraleiksins á Olís-stöðinni Álfheimum í dag, laugardag

Dagskrá á sviðinu

14.00 Grettir Ísfeld setur hátíðina

14.15 Raggi Bjarna tekur lagið

15.00 Aðalvinningar í Ævintýraleiknum dregnir út

15.30 Lög úr söngleiknum Kabarett

16.00 Hátíðinni lýkur

Ævintýraleg skemmtun!

- Íslandsmeistarar í þolakstri, Yamaha Olís-liðið, verður á svæðinu
- Olís-rallbíll Jóns Ragnarssonar verður til sýnis
- Dúllararnir sýna glæsileg mótorhjól
- Grillveisla
- Frí ævintýra-ísflaug, ævintýra-appelsínudrykkur, Fanta, Coke með grillinu, kaffi og bakkelsi
- Olli og Svalafígúrur mæta á svæðið
- Hoppkastali

Aðalvinningarnir dregnir út

1. vinningur:

Afnot af Mazda Tribute-jeppa í eitt ár og fellihýsi í þrjá mánuði, 100 þús. kr. eldsneytisúttekt hjá Olís, glæsilegt Char-Broil-útigrill frá Olís og útilegubúnaður frá Ellingsen að eigin vali, að verðmæti 80 þús. kr.

2.-10. vinningur:

Helgarferð, tvær gistinætur og flugferð fyrir tvo fullorðna og tvö börn.

11.-1000. vinningur:

DVD-spilarar frá Sjónvarpsmiðstöðinni • Úttekt í Dótabúðinni að verðmæti 5.000 kr. • Leikhúsmiðar á Kabarett hjá leikhópnum Á senunni • Geisladiskurinn Syngdu með.

Vinningar verða sendir til vinningshafa og tilkynnt verður um þá á www.olis.is þann 22. ágúst næstkomandi.

olís
www.olis.is

Ferðamálaráð Íslands
www.ferdalag.is

Hmnn og haf / SÍA

skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Tillögur um staðsetningu Reykjavíkurflugvallar eru alltof mikilvægar til að vera pólitískt reiptog.

Nú kætist Krummi

Hrafn Gunnlaugsson kvikmyndaleikstjóri brosir væntanlega breitt þessa dagana. Borgarfulltrúar í höfuðborginni keppast nú við að kynna til sögunnar hugmyndir og tillögur í ætt við þær sem má sjá í fimm ára gamalli heimildarmynd hans „Reykjavík í öðru ljósi“, þar sem hann útfærði á sjónrænan hátt ýmsar hugmyndir um framtíðarskipulag á höfuðborgarsvæðinu, þar á meðal byggð á eyjunum úti fyrir strönd borgarinnar, byggingar í Hljómskálagarðinum og umfram allt flugvöll á Löngusker sem myndi opna fyrir byggð í Vatnsmýrinni.

Ekki er óvarlegt að ætla að þessi skyndilegi hugmyndakippur um skipulag Reykjavíkur sé ákveðið viðbragð kjörinna fulltrúa í borgarstjórn við samtíma sínum.

Og borgarbúar brosa örugglega langflestir með Hrafni. Eftir að hafa þurft að búa við kliðinn af ófrumlegri og staglgjarnri umræðu stóru fylkinganna í borginni í alltof langan tíma berast nú nýir og frísklegri tónar úr Ráðhúsinu.

Auðvitað hafa kosningarnar, sem eru framundan næsta vor, sitt að segja í þessum efnum en ekki er óvarlegt að ætla að þessi skyndilegi hugmyndakippur um skipulag Reykjavíkur sé líka ákveðið viðbragð kjörinna fulltrúa í borgarstjórn við samtíma sínum.

Það er mikill og vaxandi áhugi meðal borgarbúa um hvernig Reykjavík á að þróast. Hingað til hefur stefnan verið að byggja út á við, það er að segja að þenja sífellt út flatarmál borgarinnar og fjarlægjast þar með upprunalega miðju hennar. Sú stefna virðist vera að breytast.

Hvort tveggja tillögur sjálfstæðismanna um byggð á landfyllingum og eyjunum úti fyrir ströndinni og frumkvæði R-listans í þá veru að losa um byggingaland í Vatnsmýrinni eru merki um stefnubreytingu í þá veru að nú eigi að byggja borgina upp innan frá. Þetta er mikið fagnaðarefni.

Hugmyndir um flutning Reykjavíkurflugvallar eru enn á algjöru frumstigi en samkvæmt fyrstu fréttum virðast þær loks vera komnar upp úr hjólförum flokkspólitíkurinnar. Þó fyrr hefði verið. Staðsetning Reykjavíkurflugvallar er alltof mikið alvörumál til að vera reiptog milli sjálfstæðismanna í ríkisstjórninni og R-listafólks í borginni. Ekki skiptir minna máli að þeir sem hafa mestan hag af því að flugvöllurinn sé innan borgarmarkanna, FL Group og dótturfélagið hafa lýst yfir að á þeim bæ verði skoðað með opnum hug að færa völlinn.

Full ástæða er til að hrósa Degi B. Eggertssyni, formanni skipulagsráðs Reykjavíkur, fyrir að koma málinu á þennan rekspöl á síðustu metrum R-listans í borgarstjórn. Ef kapallinn gengur upp og flugvöllurinn fer út á Löngusker á endanum er það ólíkt huggulegri arfleið í skipulagi borgarinnar en hin nýja Hringbraut, þetta sjö akreina ferlíki sem hlykkjast um Vatnsmýrina.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Lögregluríki?

Huginn Freyr Þorsteinsson dregur upp heldur nöturlega mynd af viðbrögðum ríkisstjórna á Vesturlöndum við hryðjuverkaógninni í grein á vefritinu Múrnum í gær. „Óhætt er að segja að vestrænar ríkisstjórnir hafi undir kjörorðunum „stríð gegn hryðjuverkum“ eflt yfirvald ríkisvaldsins yfir þegnum sínum“, skrifar hann. „Lögregluríkið er niðurstaða þeirra stjórnmálamanna sem hrifnastir eru af ofbeldi og niðurlægingu fólks í öðrum menningarheimum. Sömu stjórnmálamenn og boða sprengjuárásir sem frelsun þegna í Írak, herja á helstu réttindi Vesturlandabúa sem einstaklinga. Og fjölmiðlar kyrja með – draga upp skakka og óraunverulega mynd af ógnum hryðjuverka. Sú mynd hjálpar síðan öllum pótintátunum að ala á óttanum og fullvissa fjöldann um að þeir séu ómissandi til að taka á málum af hörku“.

Mistök lögreglu

Huginn Freyr talar um „löggjöf sem snýst um að koma útlendingum úr landi, rýmka heimildir lögreglu til aðgerða, hlera síma, vakta netsíður og tölvupóst“ og segir: „Þessi aukna áhersla á úrræði valdsmanna til að losa okkur við hryðjuverkamenn hefur yfirleitt skilað sér í allt öðru en að verja almenning. Æ fleiri fréttir berast af mistökum lögreglunnar þegar meintir hryðjuverkamenn eru undir eftirliti. Í Bandaríkjunum hefur blásaklaust fólk orðið fyrir alls kyns ónæði eftir að löggregla þar í landi er farin að nýta sér rýmkaðar heimildir til eftirlits“.

Saklausir líða

„En hvergi berast eins ógnvænlegar fréttir af starfsaðferðum lögreglunnar og frá Bretlandseyjum,“ segir Huginn Freyr. „Lögreglan þar í í landi, sem til þessa hefur þótt til fyrirmyndar, er í miklum vanda eftir að breskir fjölmiðlar ljóstruðu upp um það að ungur Brasílíumaður sem skotinn var af lögreglumönnum í neðanjarðarlest nýverið, hefði ekki aðhafst neitt grunsamlegt. Brasilíumaðurinn sé því miður líklega ekki síðasta fórnarlambið í yfirstandandi „stríði gegn hryðjuverkum“. Saklaust fólk muni þurfa líða fyrir ofstækisfulla hugmyndafræði þeirra er sjái ofbeldi sem lausn á öllu böli heimsins“.

gm@frettabladid.is

Frítt í strætó með F-listanum

F-listinn í borgarstjórn hefur haft það á sinni stefnuskrá frá því fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar að efla almenningssamgöngur í borginni með því að fella niður strætófargjöld barna, unglinga, aldraðra og öryrkja.

F-listinn hefur ítrekað lagt til að gert verði verulegt átak í almenningssamgöngum með því að börn, unglingar að 18 ára aldri, aldraðir og öryrkjar fengju frítt í strætó í hálft ár. Ef það leiddi til þess að fólk notaði strætó í meira mæli, sem yrði örugglega raunin, ætti að fella fargjöldin niður til frambúðar. Það drægi úr einkabílanotkun og mengun af þeirra völdum og kostnaði vegna viðhalds gatna í borginni.

Einnig myndi það fækka slysum verulega.

Áætlaður heildarkostnaður vegna tillögunnar var einungis um 110 milljónir vegna niðurfellingar fargjaldanna í 6 mánuði auk einhvers fjármagns í áróðursherferð fyrir aukinni notkun almenningsvagna. Kostnaði vegna þessara fargjaldalækkana væri mætt með auknu framlagi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu til fyrirtækisins.

Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á því hversu lítið það hefði kostað sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu að fella niður fargjöld þessara hópa tímabundið og gera þar með stórátak til að bæta úr því neyðarástandi sem einkennir samgöngumál borgarinnar núna. Til samanburðar má nefna að þetta er lægri upphæð en sá kostnaður sem hlýst af slysum á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar vegna þess að dregist hefur úr hömlu að koma þar fyrir löngu tímabærum mislægum gatnamótum.

Borgarstjórn samþykkti sl. haust að vísa tillögu F-listans til borgarráðs og síðan var samþykkt í borgarráði að vísa tillögunni áfram til umsagnar stjórnar Strætó bs. Málið var svæft í kerfinu og enn sjást engin merki þess að R-listinn geri ráð fyrir sérstöku átaki til að efla almenningssamgöngur.

Strætisvagnarnir eru hins vegar komnir með nýja áætlun, sem er afar umdeild, enda virðist ýmislegt í henni hafa verið vanhugsað, eins og það að láta vagna hætta að aka á öðru en stofnbrautum eftir kl. 23 á kvöldin, sem þýddi að vaktavinnufólk komst ekki heim til sín eftir vinnu. Einnig hafa komið fram fjölmargar ábendingar frá öldruðum um galla kerfisins. Sem betur fer virðist ætlunin að ráða bót á því og sníða ýmsa fleiri vankanta af kerfinu.

UMRÆÐAN
STRÆTÓ

MARGRÉT K. SVERRISDÓTTIR
VARABORGARFULLTRÚI F-LISTANS

Mikilvægast er þó að almenningssamgöngur séu aðgengilegar öllum. Þess vegna verður leiðakerfi að vera mjög skýrt og þannig er það ekki í dag. Erlendis merkja menn stofnbrautir með ákveðnum lit, t.d. rauðum, gulum eða bláum, og fólk á þá auðveldara með að ferðast um net strætisvagnakerfisins. Einnig þarf fólk að vita hvar það er statt hverju sinni. Fjöldi ferðamanna eykst ár frá ári og það er afar mikilvægt að þeir geti líka áttað sig vel á leiðakerfinu. Til þess að svo megi verða þarf að stokka það upp og gera það miklu aðgengilegra. F-listinn í borgarstjórn hefur m.a. bent á slíkar hugmyndir um einfaldari uppsetningu leiðakerfis.

Almenningssamgöngur þurfa umfram allt að vera ódýrar og aðgengilegar til þess að þær geti verið raunhæfur kostur fyrir borgarbúa. Þess vegna studdi F-listinn í borgarstjórn ekki tillögu Sjálfstæðisflokks um að skera niður framlög til almenningssamgangna um 100 milljónir króna. Slík skerðing væri síst til þess fallin að stuðla að betri nýtingu almenningssamgangna í borginni. Fjárfestum frekar í færri slysum og betra mannlífi í borginni.

ALMENNINGSSAMGÖNGUR Frjálslyndir í borgarstjórn vilja ókeypis í strætó fyrir börn og unglinga, aldraða og öryrkja.

Austurver
Opið alla daga ársins til kl. 24
Mán.–fös. kl. 8–24
Helgar og alm. frídaga 10–24

JL-húsið
Mán.-fös. kl. 9–21
Helgar 10–21

Opið lengur

Lyf&heilsa

MARKAÐURINN

Talstöðin FM 90,9

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

NÝ VERSLUN
Í SMÁRALIND

Rennd peysa **1.990** kr.
Bolur **1.290** kr.

Rennd peysa **1.990** kr.
Langermabolur **1.290** kr.

Hettupeysa **1.590** kr.

Rennd peysa **1.990** kr.

Rennd peysa **1.590** kr.
Bolur **1.290** kr.

Jakki **3.990** kr.
Bolur **1.590** kr.

Í DAG verður opnuð ný verslun í Smáralind með frábæru úrvali af tískufatnaði fyrir alla skólakrakka.

GLÆSILEG **opnunartilboð alla helgina!**

Komið og gerið góð kaup á glæsilegum skólafatnaði!

Zink

Smáralind • sími 554 4242 • www.zink.is

Við erum með þessi vörumerki:

noise® claire.dk hummel HENSON Fransa Freeze S. Company PUMA

ENNEMM / SÍA / NM17685

16.00

Aðalsteinn Ingólfsson
listfræðingur sýnir og segir frá listaverkum í eigu bankans.

17.30

Þjóðleikhúsið
- Klaufar og kóngsdætur.

18.00

Sardas strengjakvartettinn.

18.30

Íslenski dansflokkurinn.

19.00

Íslenska óperan
– Gunnar Guðbjörnsson, Hulda Björk Garðarsdóttir og Jónas Ingimundarson.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 29123 08/2005

19.30

Selma og Hansa
– Söngdívurnar taka lagið.

20.00

Earth Affair
með Gulla Briem og félögum.
Frumflutningur á Íslandi!

20.30

Tónleikurinn BÍTL
- Öll bestu Bítlalögin.

21.00

Fönksveitin Jagúar
á útipalli.

22.00

Guðmundur Pétursson
með gítarinn á svölunum.

Landsbankinn
Velkomin á Menningarnótt

Máttarstólpi miðborgar og menningar

MAÐUR VIKUNNAR

Getur ekki hugsað sér að missa völdin

BJÖRK VILHELMSDÓTTIR
BORGARFULLTRÚI VINSTRI GRÆNNA

Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna í Reykjavík, var á móti því að slíta samstarfinu um Reykjavíkurlistann. Hún talaði ákaft fyrir málstað áframhaldandi samvinnu. En unga fólkið í flokknum, með tilstyrk aðalleiðtogans í Reykjavík, Árna Þórs Sigurðssonar, og flokksformannsins, Steingríms J. Sigfússonar, varð ofan á. Björk er sögð súr yfir þessu, enda kann þetta að leiða til þess að miklar breytingar verði innan tíðar á högum hennar. Hún hefur verið innsti koppur í „ráðhúsklíkunni“ og stjórnað sumum af mikilvægustu nefndum Reykjavíkurborgar, þar á meðal félagsþjónustunni og nú nýverið strætó. Þessi störf öll gæti hún misst ef breytingar verða á stjórn borgarinnar.

Björk er líka þekkt fyrir mikinn áhuga og þekkingu á málefnum Palestínu, en hún og eiginmaður hennar, Sveinn Rúnar Hauksson læknir, sem er nokkru eldri en hún, eru helstu forystumenn félagsins Ísland-Palestína. Sumir segja að henni þyki vænna um Palestínuaraba en skjólstæðinga félagsþjónustunnar í Reykjavík. Í ýmsum málum, þar sem hinir síðarnefndu eiga í hlut, er hún sögð sýna meiri ósveigjanleika og reglufestu en mildi í anda gamalla rauðra hefða. Miklar deilur urðu einmitt í fyrra innan Vinstri grænna út af framgöngu hennar í máli öryrkja nokkurs sem flokksbróðir Bjarkar, Ögmundur Jónasson, kom til varnar.

Björk verður 42 ára í október. Hún er alin upp á Blönduósi en flutti til Reykjavíkur sautján ára gömul til að fara í skóla. Hún lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti 1983 og BA-prófi í uppeldisfræði frá Háskóla Íslands 1990. Jafnframt lauk hún námi til starfsréttinda sem félagsráðgjafi. Hún hefur reynslu af því að starfa með ýmsum skjólstæðingum Félagsþjónustunnar, því meðfram námi starfaði hún við heimaþjónustuna og sem félagsráðgjafi. Hún starfaði líka sem fangavörður í Hegningarhúsinu þrjú sumur eftir stúdentspróf. Áður en hún hellti sér í borgarmálapólitíkina var hún starfsmaður kvennaráðgjafarinnar og félagsráðgjafi á Kvennadeild Landspítalans og hjá Blindrafélaginu.

TEIKNING: HELGI SIGURÐSSON – HUGVERKAJÁS

Afskipti Bjarkar af stjórnmálum hófust á háskólaárunum. Hún var kosin formaður Félags vinstri manna og síðan formaður stúdentaráðs árið 1986 og var orðin virk í Alþýðubandalaginu um miðjan níunda áratuginn. Í borgarstjórnarkosningunum árið 1986 var hún í framboði fyrir flokkinn. Í borgarstjórn hefur hún hins vegar ekki setið nema síðan 2002, en þar hefur stjarna hennar risið hratt. Í fjarveru Árna Þórs hefur hún setið innst við „kjötkatlana“, í borgarráði, en auk þess verið formaður velferðarráðs borgarinnar síðastliðin þrjú ár. Hún þykir setja sig vel inn í mál og vera áhugasöm. Þótt hún eigi það til að stökkva upp á nef sér þegar henni finnst fjölmiðlar of nærgöngulir er hún sögð vera í góðu jafnvægi og glaðsinna. Henni þykir greinilega gaman að vera í borgarstjórn og getur ekki hugsað sér að missa þau völd og áhrif sem hún hefur fengið. En það væri ósanngjarnt að segja að hún vilji bara halda í völdin valdanna vegna, því greinilegt er að hún vill stuðla að framgangi margra góðra málefna og telur að það verði ekki gert nema undir hatti R-listans. Hvort spádómur hennar rætist, um að valdaferli Vinstri grænna í borgarstjórn ljúki með endalokum kosningabandalagsins, kemur svo í ljós í fyllingu tímans. ■

Þegar tröllin takast á

UMRÆÐAN
BAUGSMÁL OG FJÖLMIÐLAR

ÁRNI GUNNARSSON

Fæstir borgarar þessa lands vita hvað gerist að tjaldabaki, þegar tröllin takast á í heimi stjórnmála og viðskipta. Pólitískir hagsmunir hafa verið kveikjan að flestum átakamálum þessarar þjóðar, þegar völd og peningar hafa verið í húfi. Þessi staðreynd kristallaðist skýrast í helmingaskiptum Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks í verktöku fyrir varnarliðið, olíusölu, stjórnun banka, útgerð og margvíslegum öðrum viðskiptum.

Stjórnmálaforingjar gátu áður ráðið því á hvaða heimilisfang hagnaðurinn og hagnaðarvonin var send. En fyrir nokkrum árum breyttist samfélagið, múrar hins pólitíska valds gliðnuðu, viðskipti urðu frjálsari og stjórnmálaflokkar hafa smátt og smátt glatað opinberri aðstöðu sinni til beinna afskipta af fjármálastarfsemi. Enn má þó greina veruleg pólitísk uppskipti og hagsmunahópa, sem tengjast beint og óbeint fyrrnefndum stjórnmálaflokkum.

Til eru stjórnmálamenn, sem ekki hafa áttað sig á þessum breytingum. Þeir hafa verið ósáttir við að missa tökin á valdataumum fjármálalífsins og ugglaust staðið ógn af ýmsum nýjum siðum og nýjum herrum, sem ekki hafa verið þeim handgengnir og ekki hafa hlýtt pólitísku valdboði. Og stjórnmálaforingjum hlýtur einnig að hafa verið brugðið þegar þeir hafa orðið leiksoppar fjárfesta og viðskiptajöfra.

Fátt er nú mikilvægara en að endurbæta og styrkja alla löggjöf og leikreglur fjármála- og viðskiptalífs. Þjóðin hefur tekið heljarstökk inn í áður lítt þekkta veröld heimsviðskipta. Löggjafar- og framkvæmdavaldið var illa búið undir þessar breytingar og þau áhrif, sem þær hafa haft á allt þjóðlífið.

Það er nauðsynlegt að gera allar leikreglur fjármála- og viðskiptalífs skýrari og um leið þarf sá skilningur að aukast meðal stjórnmálamanna, að bein afskipti þeirra af viðskiptalífinu, önnur en lagasetning, sé óeðlileg og ekki sæmandi.

Baugsmálinu svipar mjög til Hafskipsmálsins af margvíslegum ástæðum. Í báðum þessum málum hefur framganga fjölmiðla valdið deilum. Fréttablaðið hefur verið gagnrýnt fyrir að taka viðtöl við eigendur sína og að heimila lögmönnum þeirra að lesa viðtölin fyrir birtingu. Öll þessi umræða ber að sama brunni; fjölmiðlalög, einkum um eignarhald á fjölmiðlum, þarfnast endurskoðunar.

Sagan sýnir að Fréttablaðið, í þessu tilviki, gerir nákvæmlega það sama og önnur dagblöð hafa gert um áratuga skeið. Sjónarmiðum eigenda, eins og raunar annarra, er komið á framfæri og lögfróðir menn fengnir til að tryggja að ekki skapist skaðabótaábyrgð eða um ærumeiðingar sé að ræða. Halda menn virkilega að önnur dagblöð hafi ekki farið svona að? Fréttablaðið sagði þó frá aðferðinni.

Baugsmálið og umræðan um það hlýtur að kalla á nýja og skýrari löggjöf með aukinni ábyrgð allra þeirra, sem fást við viðskipti, fjármál og eiga og reka fjölmiðla. Á sama hátt verður að reisa múra gegn beinum afskiptum stjórnmálamanna og stjórnmálaflokka af viðskipta- og fjármálalífi. Nú um stundir er þó mikilvægast að berja í bresti traustsins.

Höfundur er fyrrverandi fréttamaður og þingmaður.

25% afsláttur

af öllum skólavörum BARA þessa helgi!

Gateway gleði BARA þessa helgi!

Þú kaupir M360X fartölvu og færð 41.209 kr. í kaupauka :)

= Epson prentara, fartölvutösku, fartölvustand, fartölvulás, 5 DVD diska, límmiða á geisladiska, fjölnotapappír og músarmottu.

= kaupauki að andvirði 41.209 kr.

Gateway M360X

Intel Pentium M 735 1.7GHz
512 Mb vinnsluminni
15,4" skjár
60GB harður diskur
DVD skrifari
Þráðlaust netkort
Microsoft Windows XP Professional
2 ára ábyrgð

Verð: 124.900 kr.

Gateway®

HÖNNUN ODDI MARS 18

Verslanir Odda: Borgartúni 29 • Sími 515 5170 • Opið mán. - fös. 8-18, lau. 10-17 og sun. 13-17
Höfðabakka 3 • Sími 515 5105 • Opið mán. - fös. 8-18, lau. 10-17* og sun. 13-17**

* 20. ágúst **21.ágúst

†

Ástkær systir okkar, mágkona og frænka,

Jenný Oddsdóttir
Kárastíg 13b,

lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 18. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

Lárus Arnþór Brown
Hjalti Már Hjaltason
Guðni Pálmi Oddsson
og frændsystkini.

Hjördís Jóna Sigvaldadóttir
Kolbrún Hansen

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

Siggeir Ólafsson
bifreiðastjóri og sölumaður,
Flétturima 36,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 17. ágúst.
Útförin auglýst síðar.

Ester Haraldsdóttir
Vignir Þór Siggeirsson
Haraldur B. Siggeirsson
Ólafur Karl Siggeirsson
Guðlaug Edda Siggeirsdóttir
barnabörn og systkini hins látna.

Katrín Jónsdóttir
Margrét Á. Jóhannsdóttir
Helgi Hafþórsson

†

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir og amma,

Alda Sigurvinsdóttir
Barðastöðum 11, Reykjavík,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 17. ágúst.

Kristín S. Vilhelmsdóttir
Guðmundur J. Vilhelmsson
Ragna G. Vilhelmsdóttir
Linda B. Vilhelmsdóttir
Halldór G. Vilhelmsson

Atli Edgarsson
Jóndís Einarsdóttir
Rudolf K. Rúnarsson
Óskar G. Óskarsson
Íris Ólafsdóttir

Alda Guðlaug, Bryndís Ósk, Ragnar Björn
Hanna Liv, Guðný Ása og Vilhelm Frank.

†

Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,

Einar Einarsson
frá Bjólu,

lést á Grund fimmtudaginn 4. ágúst. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Bestu þakkir til starfsfólks Grundar og Áss í Hveragerði. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug.

Unnur Einarsdóttir
Hafsteinn Einarsson
og fjölskyldur

Kristinn Gunnarsson
Gíslína Sigurbjartsdóttir

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Guðmundar Benediktssonar
Dalbæ, Dalvík.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Dalbæ fyrir góða og hlýlega umönnun, einnig til lækna og hjúkrunarfræðinga á gjörgæsludeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

Hermann Guðmundsson
Ingvar Guðmundsson
Kolbrún Hilmisdóttir
afa- og langafabörn

Margrét Arnþórsdóttir
Sigríður Ólafsdóttir

SIR FRED HOYLE (1915-2001)
lést þennan dag.

„Geimurinn er alls ekki afskekktur. Hann er aðeins í klukkutíma fjarlægð ef víllinn gæti keyrt beint upp á við.“

Fred Hoyle var breskur stjarnfræðingur sem þekktur var fyrir óvenjulegar kenningar. Einnig skrifaði hann vísindaskáldsögur.

tímamót

timamot@frettabladid.is

MERKISATBURÐIR

1741 Danski landkönnuðurinn Vitus Bering finnur Alaska.
1898 Veitinga- og gistihúsið Valhöll á Þingvöllum er vígt.
1933 Fyrstu bílferðinni yfir Sprengisand lýkur að Mýri í Bárðardal.
1942 Áhöfn vélbátsins Skaftfellings bjargar 52 Þjóðverjum af kafbátnum U-464 sem sökkt hafði verið suður af Hornafirði.
1975 Ómannaða geimfarið Viking 1 leggur af stað í leiðangur til Mars.
1995 Hópur erlendra ferðamanna lendir í hrakningum á Vatnajökli. Átta voru flutt-ir með þyrlu á sjúkrahús vegna ofkælingar.
2000 Tiger Woods verður fyrsti kylfingurinn til þess að sigra á þremur stórmótum á einu ári.

ÓLAFÍA AÐALSTEINSDÓTTIR: KLEIF MONT BLANC FYRST ÍSLENSKRA KVENNA

Gistu í skóskáp á hæsta fjalli Evrópu

Fyrir þrjátíu árum lagði hópur átta vaskra félaga í Hjálparsveit skáta í Reykjavík upp í ferð til Evrópu og setti stefnuna á hæsta tind álfunnar Mont Blanc. Með í för var hin 22 ára Ólafía Aðalsteinsdóttir sem varð þar með fyrst íslenskra kvenna til að stíga fæti á topp hæsta fjalls Evrópu.

Slíkar ferðir voru fremur óvanalegar á Íslandi árið 1975. „Kærasti minn og mágur höfðu tveimur árum áður farið í fjallaskóla til Austurríkis og Sviss og komu heim með vitneskju um búnað og fatnað en það hafði verið stöðnun í þessum málum á Íslandi síðan fyrir miðja öld,“ segir Ólafía þegar hún rifjar upp aðdraganda ferðarinnar. „Maður var allan veturinn að safna gjaldeyri og kaupa á svörtu því þá voru gjaldeyrishöft,“ minnist Ólafía sem fór utan með fullar hendur fjár til að versla búnaðinn í ferðina en hann fékkst ekki hér á landi.

ÓLAFÍA AÐALSTEINSDÓTTIR Útivist er enn eitt aðaláhugamál Ólafíu. Hún fór á hæsta fjall Afríku, Kilimanjaro, fyrir þremur árum.

„Þannig vildi til að þetta ár var alheimsmót skáta í Noregi og ég fór þangað fyrst. Síðan hitti ég ferðafélaga mína í Kaupmannahöfn,“ segir Ólafía en hópurinn keyrði niður alla Evrópu á tveimur bílaleigubílum. Á leiðinni fóru þau á nokkur lægri fjöll í hæðaraðlögun en Mont Blanc er rúmir 4800 metrar.

Það sem kom Ólafíu hvað mest á óvart á leið sinni upp fjallið var sóðaskapurinn. „Ég var miður mín að sjá útganginn,“ segir hún en á stígnum sem lá upp fjallið mátti sjá bæði umbúðir, rusl og mannaskít.

Á TOPPNUM Ólafía á toppi hæsta fjalls Evrópu. Með henni á myndinni er Jósep Smári Jósepsson sem ákvað að hætta að reykja á toppnum. Reykti sína síðustu sígarettu og drap í henni.

Að kvöldi fyrsta dags komu þau að hóteli í 4.500 metra hæð en það er síðasti áfangastaður fyrir lokagönguna upp á topp. „Maður pantaði ekki neitt heldur mætti eins og maður ætti heiminn. Þá kom í ljós að það hafði verið óveður á fjallinu í nokkra daga þannig að skálinn var sneisafullur af fólki sem beið eftir að komast á fjallið. Okkur var nú ekki hent út heldur máttum við gista í skógeymslu. Hins vegar urðum við að vakna um þrjúleytið um nóttina þegar göngufólkið vildi endurheimta skóna sína,“ segir Ólafía með bros á vör. Þá fengu þau að liggja í kojum það sem eftir var nætur en ætlunin var að aðlagast hæðinni í einn dag. „Sumir verða fyrir verri hæðarveiki en aðrir,“ segir Ólafía sem lýsir henni sem ógleði á sálinni. Þrír úr hópnum voru svo illa haldnir að þeir treystu sér ekki í síðasta áfangann.

Stundin á tindinum er Ólafíu ekki sérstaklega minnisstæð. Hins vegar man hún vel eftir þeim gífurlegu harðsperrum sem hún fékk í maga og læri við að ganga sama dag niður allt fjallið. „Ég gat sko ekki sest í bíl dagana á eftir. Á þessum árum teygði ekki nokkur maður á,“ segir Ólafía hlæjandi.

Ferð þeirra félaga vakti nokkra athygli á Íslandi. „Árið 1975 var ennþá pínulítil hippamenning og okkur fannst þetta ekkert merkilegt,“ minnist Ólafía en blöðin höfðu samband við hana við heimkomuna. „Ég vildi ekki tala við þau, hafði ekki smekk fyrir því þá,“ segir hún kankvís og bætir við að líklega kitli þetta hégómagirndina meira núna.

Mont Blanc virðist hafa eitthvert aðdráttarafl á fjölskyldu Ólafíu. „Börnin mín tvö hafa einnig gengið á fjallið,“ segir Ólafía sem tók þá ákvörðun á toppi Mont Blanc að klífa hæsta fjall Afríku, Kilimanjaro. Það tókst, 27 árum síðar.

JARÐARFARIR

11.00 **Sæmundur Árni Hermannsson**, Jöklatúni 3, Sauðárkróki, verður jarðsunginn frá Sauðárkrókskirkju.

14.00 **Oddný Þorvaldsdóttir**, frá Sómastöðum, Fáskrúðsfirði, verður jarðsungin frá Fáskrúðsfjarðarkirkju.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Skafti Kristjánsson
vélstjóri,
Heiðargerði 19, Akranesi,

andaðist á heimili sínu þriðjudaginn 16. ágúst.
Útförin fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 25. ágúst kl. 14.00.

Erna Gréta Ólafsdóttir
Kristján Jónsson
Sigríður Jónsdóttir
Óli Þór Jónsson
og afabörn.

Lilja Hákonardóttir
Þórir Gunnarsson
Jóhanna B. Andrésdóttir

ANDLÁT

Jóhanna Oddný Guðmundsdóttir Waage lést laugardaginn 6. ágúst. Útför hefur farið fram í kyrrþey.
Guðmundur Pálsson, Södertalje, Svíþjóð, andaðist fimmtudaginn 11. ágúst. Útför hefur farið fram í kyrrþey.
Valgerður Ólöf Adolfsdóttir, til heimilis á hjúkrunarheimilinu Fellsenda, lést á Landspítalanum Fossvogi sunnudaginn 14. ágúst.
Stefán Gunnarsson, frá Skipanesi, andaðist á dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, miðvikudaginn 17. ágúst.
Páll G. Hannesson, fyrrverandi tollfulltrúi, Ægisíðu 86, Reykjavík, andaðist á heimili sínu fimmtudaginn 18. ágúst.
Ragnhildur Jónsdóttir, Norðurbrún 1, Reykjavík, lést á Landspítalanum Fossvogi fimmtudaginn 18. ágúst.

AFMÆLI

Ólafur Egilsson sendiherra er 69 ára.

Ómar Smári Ármannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn er 51 árs.

Guðrún María Finnbogadóttir söngkona er 36 ára.

Ívar Ingimarsson knattspyrnumaður er 28 ára.

Office 1 Superstore

Ódýrari skólavélar

Traust vörumerki og fyrsta flokks þjónusta

2.940,-

3.730,-

Fartölva
HP Compaq nx6125 S3100+ 15.0
PY420EA
Örgjörvi: AMD Sempron 3100+ (1.8Ghz)
Þyngd: 2,7 kg
Höggvörn á hörðum disk
Vökvavörn á lyklaborði

Kaupauki með S3100!

Vönduð CaseLogic fartölvutaska fylgir með HP Compaq NX6125 **að verðmæti 6.495,-**

Skjár: 15" XGA 1024x768
Öflugt skjákort, ATI X300 (allt að 128MB)

512 MB
Minni: 512MB DDR RAM
Mest 2 GB

DVD
Drif: DVD+/-RW (DVD skrifari)

Lithiumrafhlaða allt að 3,45 klst (8,45 klst með ferðarafhlöðunni)

Fingrafaralesari
Kortalesari fyrir 6 gerðir minniskorta

60 GB
Diskur: 60GB 4200rpm

802.11b/g WLAN (þráðlaust netkort)

Stýrikerfi: Win XP-Pro með servicepack 2

2.940,- Tölvukaupalán 48 mán.*
8.325,- Vaxtalaust í 12 mán.**
99.900,- Staðgreitt

*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.Í.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.

**Meðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

Fartölva
HP Compaq nx6125 ML-34 15.0
PY416EA
Örgjörvi: AMD Turion ML-34 (1.8Ghz)
64 bita tækni. 1MB cache minni
Þyngd 2,7 kg
Höggvörn á hörðum diski
Vökvavörn á lyklaborði

LightScribe tæknin gerir þér kleyft að merkja geisladiska í sama drifi og notað er til að skrifa á þá gögn. Enga límmiða eða tússpenna **...bara flott!**

A.T.H! Óbreytt verð með Light-Scribe!

Skjár: 15" SXGA 1400x1050
Öflugt skjákort, ATI X300 (allt að 128MB)

512 MB
Minni: 512MB DDR RAM
Mest 2 GB (stakur kubbur)

DVD
Drif: DVD+/-RW (DVD skrifari)

Lithiumrafhlaða allt að 3,45 klst (8,45 klst með ferðarafhlöðunni)

Fingrafaralesari
Kortalesari fyrir 6 gerðir minniskorta

80 GB
Diskur: 80GB 5400rpm og Bluetooth

802.11b/g WLAN (þráðlaust netkort)

Stýrikerfi: Win XP-Pro með servicepack 2

3.730,- Tölvukaupalán 48 mán.*
10.825,- Vaxtalaust í 12 mán.**
129.900,- Staðgreitt

Fyrsta greiðsla 1. október

FYLGIR!

Verbatim All In One
1) vefmyndavél
2) minnislykill 128 MB
3) ljósmyndavél
4) videovél - 12 mín.
5) diktafónn 60 mín.

Að verðmæti 11.900,-

ADSL TILBOÐ

Með hverri seldri fartölvu hjá Office one fylgir:
- 2 frí mánaðargjöld fyrir núverandi og nýja ADSL viðskiptavini OgVodafone

Dæmi um ávinning þess að vera með ADSL hjá Og Vodafone
- Sunnudagar eru frídagar
- Þú greiðir aldrei fyrir meira en 2 GB erlent niðurhal
- Ekkert stofngjald í ADSL þjónustu og frí uppsetning í verslunum Og Vodafone
- Allt að 5 póstholf
- Vírusvörn á póstholf
- 50 MB heimasíðusvæði
- Gjaldfrjálst þjónustunúmer 1414
- Verðtrygging á erlendu niðurhali

og vodafone

Hugbúnaður
MS Office student version
Bættu við aðeins **1.416,-** á mánuði og fáðu Word, Excel, Outlook og Power Point. Vaxtalaust í 12 mánuði
Staðgreitt 16.990,-

3 ÁR Alþjóðleg ábyrgð
Bættu við **833,-** á mánuði og þú færð þriggja ára alþjóðlega ábyrgð. Gildir í Evrópu og Norður-Ameríku. Vaxtalaust í 12 mán.
Staðgreitt 10.000,-

McAfee Vírusvörn og eldveggur
Bættu við **499,-** á mánuði og vertu öruggur. Vaxtalaust í 12 mán.
Staðgreitt 5.995,-

4t+5t Aukarafhlaða
Bættu við **1.570,-** á mánuði og vertu lengur á ferðinni. Vaxtalaust í 12 mán.
Staðgreitt 18.900,-

OPIÐ ALLA DAGA!
Skeifan 17
Smáralind
Akureyri
Egilsstaðir
Ísafjörður

Office 1 Superstore

Það er bara einn sem er alltaf ódýrastur!

Tilboðin gilda út ágúst 2005 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur.

HAFSKIP – hátt reitt til höggs

Hafskipsmálið hlaut þjóðarathygli á sínum tíma enda óvenjulegt fyrir margra hluta sakir. Skrif Helgarpóstsins, stóryrtar umræður á Alþingi, handtökur og gæsluvarðhald sex manna, ákærur á hendur sautján mönnum í viðskiptalífinu og afsögn ráðherra voru ekki – og eru ekki – daglegt brauð í íslensku samfélagi. Málinu lauk með dómum Hæstaréttar yfir fjórum mönnum sem þó voru aðeins sakfelldir fyrir hluta þeirra saka sem þeim voru gefnar á hendur. ***Björn Þór Sigbjörnsson*** stiklar á stóru í Hafskipsmálinu, tuttugu árum eftir gjaldþrot fyrirtækisins.



Hafskip var stofnað 1958 og voru stofnendur 35 inn- og útflytjendur alls staðar að af landinu. Hvatinn að stofnun þess voru höft á vöruinnkaupum og erfiðleikar við flutninga. Eimskip var öflugasta skipafélag landsins á þessum tíma og skip þess, sem og önnur flutningaskip í eigu eða rekstri Íslendinga, voru oftar en ekki bundin í ákveðnum flutningum. Afréðu því inn- og útflytjendurnir 35 að stofna eigið félag með eigin skip til að auðvelda sér flutninga til og frá landinu.

Rekstur Hafskipa gekk bæði vel og illa í 27 ára sögu félagsins, það sigldi ýmist úfinn eða lygnan sjó. Árið 1977 var staðan einkar erfið, skuldir við Útvegsbankann höfðu hrannast upp og af því höfðu margir áhyggjur, meðal annars bankastjórar Seðlabankans. Undir árslok 1977 var Björgólfur Guðmundsson ráðinn forstjóri Hafskipa og meðal hans fyrstu verka var að fá Ragnar Kjartansson sér við hlið. Saman hugðust þeir koma skútunni á réttan kjöl.

Í ólgusjó

Margt var gert til að styrkja Hafskip í harðri samkeppni á flutningamarkaði. Meðal annars var vörumeðferð breytt, skipastóllinn endurnýjaður og opnaðar voru skrifstofur í Bandaríkjunum og í nokkrum löndum Evrópu. Þessar aðgerðir kostuðu mikla peninga en skiluðu ekki tekjum í sama mæli.

Það varð svo til að þyngja reksturinn að endurskipulagning Eimskipafélagsins þýddi harðari samkeppni, félagið missti flutninga fyrir Varnarliðið á Keflavíkurflugvelli, BSRB-verkfallið haustið 1984 og gengisfelling í kjölfarið vógu þungt á vogarskálunum og útslagið gerði lækkað verðmætamat skipa á alþjóðavettvangi. Hafði það þau áhrif að verðmæti veða hins ríkisrekna Útvegsbanka lækkaði, með tilheyrandi óróa.

En áföllin féllu ekki bara af himnum ofan, margt í innra starfi Hafskipa orkaði tvímælis og rangar ákvarðanir voru dýrar. Dýrastar voru siglingar félagsins millli Evrópu og Bandaríkjanna, Norður-Atlantshafssiglingarnar svokölluðu. Ýmsir urðu til að vara við áformum um þær en æðstu stjórnendur voru vissir í sinni sök og héldu kúrsinum.

Pólitíkin

Þegar leið á árið 1985 var mörgum ljóst að rekstur Hafskipa var þyngri en auðveldlega var við ráðið og þolinmæði bankastjóra Útvegsbankans þrotin. 80 milljóna króna hlutafjáraukning í upphafi árs breytti litlu og heldur ekki bjartsýni Ragnars Kjartanssonar sem sagði í ræðu á hluthafafundi í febrúar að á meðan menn tryðu á gildi einkaframtaks og samkeppni myndi Hafskip lifa. Í nóvember sama ár var fyrirtækinu veitt greiðslustöðvun og það tekið til gjaldþrotaskipta tæpum þremur vikum síðar.

Allar götur síðan hefur verið deilt um hvort Hafskip hafi í raun verið gjaldþrota. Vissulega gekk reksturinn illa, skuldir voru háar og aðstæður allar erfiðar. Hins vegar telja sumir að andrúmsloftið sem ríkti í samfélaginu á þessum tíma hafi ekki síður haft sitt að segja.

Stjórnendur og helstu eigendur Hafskips voru flestir nátengdir Sjálfstæðisflokknum. Andstæðingar flokksins höfðu unun af að fjalla um málið og leggja út af því á versta veg. Menn innan Sjálfstæðisflokksins, andsnúnir Alberti Guðmundssyni fyrrum stjórnarformanni Hafskips, sáu sér einnig leik á borði og gerðu sitt til að koma höggi á hann. Þeir sem stóðu Eimskipafélaginu nálægt lögðu sitt af mörkum til að koma Hafskipi á hafsbotn og jafnvel er talið að menn sem sáu fram á tækifæri til sameiningar í bankakerfinu hafi kynt undir gjaldþrot fyrirtækisins sem kom sér afar illa fyrir Útvegsbankann.

Albert þurfti síðar að segja af sér ráðherraembætti vegna Hafskipsmálsins. Upp komst að hann hafði ekki talið greiðslur frá félaginu fram til skatts. Sjálfur sagði hann málið misskilning en var nauðugur einn kostur að víkja.

Þáttur Helgarpóstsins

„Er Hafskip að sökkva?“ var fyrirsögn forsíðugreinar Helgarpóstsins, fimmtudaginn 6. júní 1985 en það var Halldór Halldórsson, blaðamaður og ritstjóri sem skrifaði greinina. Í henni var fjallað um skuldastöðu fyrirtækisins og hún sögð mun verri en forsvarsmenn þess hefðu gefið til kynna. Greinin vakti mikla athygli, ekki síst í ljósi þess að hún birtist degi fyrir aðalfund félagsins. Hallldór hélt skrifum sínum áfram og naut aðstoðar ónafngreinds heimildarmanns úr herbúðum Hafskipa. Umfjöllunin var óvenjuleg á þeim tíma enda kennd við rannsóknarblaðamennsku sem var lítt þekkt á Íslandi á níunda áratugnum.

Helgarpóstsgreinarnar urðu til að kynda enn undir ófriðarbálinu og í kjölfar þeirra sigldu umræðurnar inn á Aþingi. Þar lét hvað hæst í Jóni Baldvini Hannibalssyni í Alþýðuflokknum og Ólafi Ragnari Grímssyni í Alþýðubandalaginu.

Hafskip í gjaldþrot

Fljótlega eftir aðalfundinn í júní þar sem bjartsýni gætti um góða afkomu Norður-Atlantshafssiglinganna reið brotsjórinn yfir. Milliuppgjör sýndi stórfellt tap af siglingunum og staða Hafskips hafði aldrei verið verri. Sáu stjórnendur að þrot blasti við og voru fyrstu aðgerðir þeirra að leita eftir sameiningu við Eimskipafélagið til að bjarga verðmætum. Slíkar viðræður höfðu áður farið fram en án árangurs. Eftir nokkra yfirlegu slitnaði upp úr viðræðunum við Eimskip og við tóku viðræður við Sambandið sem síðar sigldu í strand. Gjaldþrot blasti því við þessu 28 ára gamla skipafélagi sem hafði skekið íslenskt samfélag svo um munaði.

Átta árum eftir að Hafskip fór í þrot lauk uppgjöri á búi þess. Í ljós kom að eignir voru til fyrir um 65 til 70 prósent krafna en þá var fáheyrt að svo mikið væri til upp í skuldir – og þykir raunar enn.

Eimskipafélagið keypti helstu eigur Hafskips úr þrotabúinu og deilt hefur verið um hvort verðið hafi verið sanngjarnt eða óeðlilega lágt. Í krafti þessa velta menn fyrir sér enn þann dag í dag hvort staða Hafskips hafi í raun verið svo slæm að til gjaldþrots hafi þurft að koma.

Gæsluvarðhald og ákærur

Öfugt við flest gjaldþrotamál lauk Hafskipsmálinu ekki með úrskurði skiptaráðenda og skiptum búsins. Nýr kafli málsins hófst í kjölfar erindis skiptaráðenda til rannsóknarlögreglustjóra en þeir töldu, eftir athugun á gögnum félagsins, að ekki væri nóg með að fyrirtækið hefði verið illa rekið heldur hefðu stjórnendur þess hugsanlega gerst brotlegir við lög. Upphófst umfangsmikil lögreglurannsókn sem varð alþjóð ljós þegar fréttir voru fluttar af handtökum og gæsluvarðhaldsúrskurðum yfir fimm stjórnendum Hafskips og endurskoðanda félagsins. Þetta var í maí 1986.

Gæsluvarðhaldið og yfirlýsingar rannsóknarlögreglustjóra í fjölmiðlum um gang rannsóknarinnar vöktu vitaskuld þjóðarathygli. Fullyrti hann að rannsóknin miðaði vel og jafnvel voru höfð eftir honum orð um að játningar lægu fyrir. Hvort tveggja voru veikar fullyrðingar því engar voru játningarnar og rannsóknin gekk ekki betur en svo að ákærur lágu ekki fyrir fyrr en næstum ári síðar. Var þeim svo vísað frá vegna vanhæfis ríkissaksóknara.

TÍMARÖÐ ATBURÐA

- **6. júní 1985** Helgarpósturinn birtir grein um Hafskip undir fyrirsögninni „Er Hafskip að sökkva?“
- **18. nóvember 1985** Hafskipi veitt greiðslustöðvun.
- **6. desember 1985** Hafskip tekið til gjaldþrotaskipta.
- **20. maí 1986** Fimm forráðamenn Hafskips og endurskoðandi félagsins handteknir. Daginn eftir eru sexmenningarnir úrskurðaðir í gæsluvarðhald.
- **18. júní 1986** Forstjóri og stjórnarformaður Hafskips látnir lausir úr gæsluvarðhaldi að undangengnum úrskurði Hæstaréttar. Áður höfðu aðrir verið látnir lausir.
- **9. apríl 1987** Ríkissaksóknari gefur út ákærur á hendur þremur forráðamönnum Hafskips, endurskoðanda félagsins og sjö starfandi og fyrrverandi bankastjórum Útvegsbankans. Alls ellefu manns.
- **4. og 24. júní 1987** Hæstiréttur vísar ákærunum frá dómi þar sem ríkissaksóknari taldist vanhæfur í málinu því bróðir hans sat í bankaráði Útvegsbankans.
- **6. ágúst 1987** Jónatan Þórmundsson lagaprófessor skipaður sérstakur saksóknari í Hafskipsmálinu.
- **11. nóvember 1988** Sérstakur saksóknari gefur út ákærur á hendur sex starfsmönnum Hafskips, endurskoðanda félagsins og níu starfsmönnum og bankaráðsmönnum Útvegsbankans. Alls sextán manns. Síðar í mánuðinum bætist einn bankaráðsmaður við hópinn.
- **5. júlí 1990** Kveðinn er upp dómur í Sakadómi Reykjavíkur yfir þremur ákærðu. Fjórtán voru sýknaðir. Sekir voru fundnir Björgólfur Guðmundsson forstjóri, sem hlaut fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi, Páll Bragi Kristjónsson, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs, sem hlaut tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi, og Helgi Ma*gnússon* endurskoðandi, sem hlaut 100 þúsund króna sekt.
- **13. júlí 1990** Jónatan Þórmundsson, sérstakur saksóknari, leystur frá málinu að eigin ósk. Páll Arnór Pálsson, aðstoðarmaður Jónatans, var skipaður í hans stað.
- **17. desember 1990** Málum hinna dæmdu og Ragnars Kjartanssonar að auki áfrýjað til Hæstaréttar.
- **5. júní 1991** Kveðinn er upp dómur í Hæstarétti yfir fjórmenningunum.

VIÐTAL VIÐ HALLDÓR

Á morgun birtist viðtal við **Halldór Halldórsson, ritstjóra og blaðamann Helgarpóstsins**, en skrif hans um Hafskip ollu straumhvörfum í Hafskipsmálinu. Í viðtalinu segist Halldór standa við hvern staf sem hann skrifaði fyrir tuttugu árum. „Það hefur aldrei hvarflað að mér að ég ætti nokkra sök á því að þessir menn voru fangelsaðir. Ég skrifaði bara fréttir af málinu,“ segir hann meðal annars. Þá útilokar hann ekki að forsvarsmenn Hafskips hafi átt sinn þátt í að Helgarpósturinn fór á hausinn.

ÞEIR VORU DÆMDIR

BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON FORSTJÓRI 12 mánaða fangelsi skilorðsbundið. Sat í gæsluvarðhaldi í 28 daga.

RAGNAR KJARTANSSON STJÓRNARFORMAÐUR 5 mánaða fangelsi skilorðsbundið. Sat í gæsluvarðhaldi í 28 daga.

PÁLL BRAGI KRISTJÓNSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI FJÁRMÁLA- OG REKSTRARSVIÐS 2 mánaða fangelsi skilorðsbundið. Sat í gæsluvarðhaldi í 17 daga.

HELGI MAGNÚSSON ENDURSKOÐANDI 500 þúsund króna sekt. Sat í gæsluvarðhaldi í 20 daga.

JÓNATAN ÞÓRMUNDSSON LAGAPRÓFESSOR Var skipaður sérstakur saksóknari í málinu.

HALLVARÐUR EINVARÐSSON Var fyrst rannsóknarlögreglustjóri og svo ríkissaksóknari.

ALBERT GUÐMUNDSSON Var stjórnarformaður Hafskips og formaður bankaráðs Útvegsbankans.

HALLDÓR HALLDÓRSSON Blaðamaður og ritstjóri Helgarpóstsins.

RAGNAR H. HALL BORGARFÓGETI Skiptaráðandi Hafskips.



MARKÚS SIGURBJÖRNSSON BORGARFÓGETI Skiptaráðandi Hafskips.

JÓN MAGNÚSSON HRL. Verjandi Ragnars Kjartanssonar.

GUÐMUNDUR INGVI SIGURÐSSON HRL. Verjandi Björgólfs Guðmundssonar.

JÓN STEINAR GUNNLAUGSSON HRL. Verjandi Helga Magnússonar.

JÓNAS A. AÐALSTEINSSON HRL. Verjandi Páls Braga Kristjónssonar.

Var þá nýr saksóknari skipaður og gaf hann út ákærur á hendur sautján mönnum í nóvember 1988.

Dómar falla

Ákærurnar voru í ellefu köflum og skiptu ákæruliðirnir mörgum tugum. Meðal annars var ákært fyrir rangfærslu skjala, skjalafals, fjársvik, fjárdrátt, hilmingu og bókhaldsóreglu og þótti ákæruvaldinu til dæmis brotið gegn hlutafélagalögum, almennum hegningarlögum og lögum um löggilta endurskoðendur. Krafist var þungra dóma yfir ákærðu sem höfnuðu flestum eða öllum efnum ákærunnar.

Sumarið 1990 féll dómur í Sakadómi Reykjavíkur og var hann í miklu ósamræmi við vilja ákæruvaldsins. Þrír ákærðu hlutu dóma; tveir hlutu nokkurra mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm og þriðji maðurinn var dæmdur til greiðslu sektar. Fjórtán sakborningar voru sýknaðir.

Í kjölfarið sagði saksóknari sig frá málinu og var annar skipaður í hans stað. Afréð hann að áfrýja dómunum til Hæstaréttar og að auki einum sýknudómi en undi sýknu þrettán hinna ákærðu sem um leið voru lausir allra mála. Aðeins var því hluta upphaflegu ákærunnar áfrýjað.

Hæstiréttur felldi dóm sinn 5. júní 1991 og tók hann aðeins til hluta ákærunnar. Dómar voru þó þyngdir frá því sem Sakadómur úrskurðaði. Einn dómaranna skilaði sératkvæði og taldi að sýkna bæri ákærðu af enn fleiri ákæruliðum en meirihluti dómsins ákvað.

Ekki lauk Hafskipsmálinu fyrir fullt og allt með dómi Hæstaréttar. Einn dæmdu höfðaði mál á hendur ríkinu til bótagreiðslu vegna gæsluvarðhaldsins en hafði ekki erindi sem erfiði. Þá var skiptum þrotabúsins enn ólokið.

Margt hefur verið sagt og skrifað um Hafskipsmálið og sumt af því rifjað upp í tengslum við Baugsmálið sem nú er fyrir Héraðsdómi. Hvort líkindi séu með málunum tveimur skal ósagt látið hér en víst er að bæði málin hafa vakið mikla athygli enda umfang þeirra gríðarlegt og sakborningar áherandi í samfélaginu.

Heimildir: Bók Helga Magnússonar: Hafskip – gjörningar og gæsluvarðhald, Ísland í aldanna rás í ritstjórn Illuga Jökulssonar, hæstaréttardómur númer 19 frá 1991, Helgarpósturinn, Morgunblaðið og samtöl við málsaðila.

HAFSKIP Á ALÞINGI

„Þeir sólunduðu því í 40 þúsund króna nætur á fínustu lúxushótelum veraldar, í 800 þúsund króna hótelreikninga, í tíu metra breiðar drossíur með bar og sjónvarpi og borðaklæddum einkabílstjórum, í golfkúlur með sérstöku Hafskipsmerki og Concorde-ferðalög fram og aftur um heiminn, að ógleymdum þeim veislum sem sagt er að þeir hafi haldið forystu Sjálfstæðisflokksins með reglubundnum hætti hér á landi.“

Ólafur Ragnar Grímsson, þingmaður Alþýðubandalagsins, 10. desember 1985.

Fóru forráðamenn fyrirtækisins vísvitandi með blekkingar þegar þeir á aðalfundi félagsins héldu fram velgengni félagsins á Atlantshafssiglingaleiðinni sem skilaði góðum arði og að áætlanir hafi í megindráttum staðist? Það er allsérkennileg staða að ritstjóri Helgarpóstsins hafði á þeim tíma meiri og betri vitneskju um ástand og horfur í Atlantshafssiglingunum en forráðamenn Hafskips.

Jóhanna Sigurðardóttir, þingmaður Alþýðuflokksins, 12. desember 1985.

„Hafskipamálið er aðeins eitt dæmi um þetta, e.t.v. óvenju ruddalegt, þar sem allt virðist fara saman, svo að orð fyrrverandi starfsmanns fyrirtækisins Hafskipa séu notuð, „mikilmennskubrjáladi, græðgi einstaklinga og tækifærismennska“.

Guðrún Helgadóttir, þingmaður Alþýðubandalagsins, 12. desember 1985.

„Það er eindregin skoðun okkar sjálfstæðismanna að þetta mál beri að rannsaka ofan í kjölinn og ekkert undan að draga. [...] Daglega eiga sér stað mikil átök úti í þjóðlífinu, í viðskiptalífinu, í menningarlífinu og hvar sem drepið er niður fæti. Þar verður hver einstaklingur að fá að njóta sín en jafnframt bera fulla ábyrgð á sínum gerðum og þá sjálfstæðismenn ekki síður en aðrir. Þetta er grundvallaratriði í augum okkar sjálfstæðismanna og í þessu liggur styrkur okkar hugmyndafræði og okkar flokks. Hafskipsmálið er engin undantekning í þessu efni.“

Birgir Ísleifur Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, 12. desember 1985.

Síðasti dagur útsölunnar er í dag!

Opið í dag kl. 11 - 16.

Ondvegi

HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 20 I sími 568 8799 I www.ondvegi.is I ondvegi@ondvegi.is

Grafíska smiðjan ehf. 08-05

40% 30% 2

Nú fer hver að verða
síðastur að gera frábæ

ÚTSÖL

40% 30% 2

INTER

0 50% 60

r kaup!

LULOK

Á SUNNUDAG!!!

0% 50% 60%

SPORT®

Húsgagnahöllin
s. 585 7220
Opið: Mán - föstud. 10 - 19
Laugard. 10 - 18 og sunnud.12 - 18

Smáralind
s. 585 7240
Opið: Mán - föstud. 11 - 19
Laugard. 11 - 18 og sunnud.13 - 18

Selfossi
s. 480 7009
Opið: Mán - föstud. 9 - 21
Laugard. 9 - 21 og sunnud.10 - 21

Griðastaður úr jörðu

Við Skriðuklaustur er smám saman að verða til einstæð mynd af íslensku klaustri á síðmiðöldum. Sú mynd gæti að ýmsu leyti gerbreytt hugmyndum manna um starfsemi klaustra hér á landi á fyrri tíð. *Hallgrímur Helgi Helgason* talaði við **Steinunni Kristjánsdóttur** fornleifafræðing.

STEINUNN KRISTJÁNSDÓTTIR OG RAGNHEIÐUR GLÓ GYLFADÓTTIR yfir einni gröfinni. Beinin bera mörg merki sjúkdóma og meina og á þessa vantaði bæði allar tennur og fæturna.

Neðan við bæinn Skriðu í Fljótsdal hefur síðustu sumur verið að opnast ný sýn á fortíð okkar. Þar hefur alþjóðlegur hópur fornleifafræðinga undir stjórn dr. Steinunnar Kristjánsdóttur unnið að því að grafa upp rústir klausturs sem hér var stofnsett árið 1493 og starfaði næstu 50 árin til siðaskipta en var þá lagt af. Þar sem menn vissu lengstum ekki betur en væri slétt tún er að koma í ljós stærðarinnar miðaldaklaustur; 1200 fermetra kerfi bygginga með klausturkirkju, vistarverum, kapellu, matsal og eldhúsi, sjúkrahúsi og kirkjugarði svo eitthvað sé nefnt. Þessar byggingar eru um leið að breyta viðtekinni mynd af bæði gerð klaustra á Íslandi og þeirri starfsemi sem þar fór fram. Hér hefur verið sannkallaður griðastaður á ólgu- og ófriðartímum í sögu þjóðarinnar.

Hin ósýnilega Íslandssaga

„Það hefur verið vani í sagnfræði okkar til skamms tíma að beina athyglinni helst að höfðingjum og valdastéttum," segir Steinunn. „Hópar eins og sjúklingar, fátæklingar, smábændur og konur, þeir hafa hins vegar orðið útundan. Það hefur ekki þótt svo mikilvægt að eyða bleki á fátæklingana. Á síðari árum hafa sjónarmið þó verið að breytast með tilkomu örsögunnar og hinnar félagslegu sögu af alþýðu landsins. Þá er ekki lengur verið að rekja sögu „stóratburðanna" heldur skoða aðra þætti og daglegt líf almennings."

Klaustur á Íslandi tilheyrðu ýmist reglu heilags Benedikts eða Ágústínusar. Ágústínusarklaustrin voru heldur lausari undan ströngu bænahaldi og þar gafst meira svigrúm til að sinna þáttum eins og aðhlynnningu sjúkra og fátækra. Þar var jafnvel stundað skólahald fyrir utanaðkomandi. Á Skriðuklaustri var til dæmis slíkt „ytra skólahald" áreiðanlega rekið í einhverjum mæli.

Í reglum heilags Benedikts um klaustur segir að munkar skuli taka á móti gesti eins og þar væri Kristur á ferð. Þeir eigi að fagna honum í allri auðmýkt bæði með bænum og beina. Sérstaka umhyggju skyldi sýna fátæklingum og pílagrímum því að í þeim öðrum fremur væri tekið á móti Kristi. Þvílíkt viðmót á þrautatímum hefur auðvitað dregið að sér mikinn fjölda þurfandi fólks.

Þegar hefur fundist fjöldi grafa víðs vegar um klaustursvæðið. Mörg beinin eru illa farin vegna sjúkdóma, beinbrota og áverka hverskyns og ljóst að ýmsir krankleikar og mein hafa hrjáð viðkomandi. Hér hafa margir aumir og sárir leitað lækninga og huggunar. En einnig höfðingjar og efnafólk sótti í klaustrin. Þetta var allajafna svonefnt próventufólk. Það lagði klaustrinu til nokkurn styrk eða próventu og í staðinn var beðið fyrir því allt til efsta dags. Síðan fékk það kannski legstað í klaustrinu sjálfu, jafnvel í kirkjunni.

Tengd evrópskri hefð

„Þegar rætt hefur verið um klaustur á Íslandi höfum við haft tilhneigingu til að sjá fyrir okkur munka að biðjast fyrir í moldarkofum," segir Steinunn. „Sú mynd er dálítið greipt í vitund okkar. Um leið hefur verið ýtt undir þá hugmynd að við Íslendingar höfum alla tíð verið svo sérstakir, hér hafi allt verið með öðrum hætti en annars staðar. En svo kemur bara allt annað í ljós. Klaustrin voru alþjóðlegar stofnanir og reist og rekin alls staðar eftir nánast sömu forskrift."

Steinunn kom að þessu verki fyrir hvatningu heimamanna. Þá fýsti að vita hvar klaustrið hefði staðið, því það var hreint ekki vitað með vissu. „Þá töldu menn að klaustrið hefði staðið ofar í landinu, nærri bænum sjálfum. Mig langaði hins vegar að kanna svæðið fyrir neðan, þar sem gamla kirkjan stóð áður. Enda eru kirkjur alltaf hluti af evrópskum klaustrum. Þar var að vísu bara sléttað tún og engin sýnileg ummerki klausturs. Við jarðsjárrannsóknir þar komu hins vegar strax í ljós greinilegar byggingarústir á 1200 fermetra svæði rétt undir yfirborðinu. Við ákváðum að gera lítinn tilraunaskurð; og þá reyndust rústirnar liggja ofan á gjóskulagi frá árinu 1477. Hér var því gríðarstór bygging frá því skömmu eftir þann tíma."

„Síðar fengum við úthlutað úr Kristnihátíðarsjóði og gátum hafið uppgröft sumarið 2002. Enn var þó efast um þetta verk og við efuðumst líka um það sjálf. Svo árið 2003 kom kirkjugarðurinn í ljós og byggingarnar í kring. Árið 2004 var loks engin spurning lengur um að þetta væri klaustrið og að það hefði gegnt þessu tiltekna hlutverki."



UPPDRÁTTUR AÐ ÁGÚSTÍNUSARKLAUSTRI í Utstein í Noregi en klaustrið að Skriðu er sömu gerðar og það.

Að iðja og biðja

„Hingað til hefur klaustrið verið talið fámennt, – en nú er spurning hvort við þurfum að endurskoða þá hugmynd eins og aðrar ef marka má stærð og umfang klaustursins," segir Steinunn. Yfir klaustrinu ríkti príor og síðan hafa munkar verið um 6 hverju sinni. Þá er óljóst um fleiri ábúendur; t.d. er ekki að fullu ljóst hverjir stunduðu lækningarnar. En þær hafa meðal annars kallað á sérlega þekkingu á lækningarjurtum. Enda heyrði náttúrufræði til menntun klausturfólks; náttúran var hluti af sköpunarverki Guðs og öll þrungin merkingu.

„Það er vitað að hér átti sér stað skipulögð ræktun," segir Steinunn. „Ýmsir hafa haldið því fram að mikið af jurtum úr íslenskri náttúru séu upprunnar úr klaustrunum, svo sem kúmen. Við höfum látið greina frjókorn héðan bæði fyrir og eftir klausturbygginguna. Á klausturtímanum hófst greinilega skipulögð ræktun hér, og þrjár af tíu tegundum sem þá voru ræktaðar voru ekki til hér á landi áður. Síðan bendir ýmislegt til þess að hjúkrun hafi verið stunduð á þessum stað meira að segja fyrir tíma klaustursins. Þessum þætti sögunnar hefur bara ekkert verið sinnt."

Fjörbrot kaþólskunnar

En hvers vegna rís klaustur svo seint á Austurlandi, þegar klaustur í öðrum landsfjórðungum risu mörg hundruð árum fyrr?

„Ég gæti trúað að ástæður þess séu margþættar. Ef við horfum á Ísland þá voru flest klaustrin stofnuð hér á 12. og 13. öld. Síðan voru aftur stofnuð klaustur í lok 15. aldar. Hliðstæð þróun var í öðrum löndum, nema bara svolítið fyrr; þar risu fyrstu klaustrin á 10., 11. og 12. öld og síðan aftur rétt fyrir siðaskipti. Þetta gæti bent til þess að mönnum hafi þótt ástæða til að styrkja stofnanir kaþólsku kirkjunnar gegn aðvífandi ógn. Þetta er líkt og með heiðnina; margar sterkustu minjar um heiðnina eru frá því rétt fyrir kristnitöku, þegar hún átti hvað helst í vök að verjast."

En nú skellur á Pestin síðari í lok 15. aldar, skömmu áður en klaustrið hér er stofnað. Getur það líka hafa ýtt undir stofnun klaustursins hér?

„Mér finnst það ekki ólíklegt. Hér á Austurlandi var ekkert klaustur lengi vel. Ég vil meina að það hafi hreinlega verið orðin til þörf á því. Þetta hefur verið afar stór stofnun og skipt verulegu máli, a.m.k. hér í fjórðungnum. Við sjáum það bara á byggingunum, þær hafa verið einir 1200 fermetrar á tveimur hæðum. Kirkjan sjálf er a.m.k. nokkur hundruð fermetrar. Kórinn einn er 75 fermetrar."

Hér hefur auk kirkjunnar verið kirkjugarður, klausturgarður með brunni, svefnskálar, matsalur og eldhús. Þar hefur einnig verið upphitað herbergi sem notað var til læknisaðgerða. Enda hafa fundist þar lækningatól þess tíma, svokallaðir bíldar til blóðtöku og glös. Við kór kirkjunnar hefur síðan að líkingum verið það sem oft er nefnt parlatorium (sbr. parler: að tala); sérstakar vistarverur til samræðna klausturbræðra; en ekki var ætlast til að menn sætu á skrafi hvar sem er á slíkum stað.

Kannski skiptir bakgrunnur fræðimannsins máli

Fornleifauppgröftur er annars þolinmæðisverk. Er eitthvað sem rekur Steinunni áfram öðru fremur við svona verk? Einhver leiðandi hugsun eða spurning?

„Ég hef bara brennandi áhuga á þessu. Ég er kannski svona ofboðslega tengd mínu áhugasviði. En ég hef tekið eftir því, og kannski er það að framkallast betur með þessum póstmódernisma og örsögu á síðari árum, að ég hef sífellt meiri áhuga á því sem er síður sýnilegt. Ég fékkst við sambærileg verk í doktorsverkefninu mínu þar sem ég kannaði vísbendingar um kristnitöku almennings í gegnum fornleifar. Kristnitakan hefur hingað til nánast eingöngu verið skoðuð í gegnum ákveðna valdhafa. Ég pæli oft í því hvort slík afstaða tengist bakgrunni þess sem er að rannsaka."

„Þessi staður skilur sig annars frá öðrum þar sem fornleifagröftur hefur farið fram hérlendis vegna þess að hann er svo afmarkaður," segir Steinunn. „Fornleifagröftur getur oft orðið eilífðarverkefni. En hér getum við lokið verkinu af og fengið grunnupplýsingar sem hægt er að nota á mörgum stöðum öðrum."

Erlendir starfsmenn verkefnisins eru styrktir af Evrópusambandinu. En sá styrkur er skilyrtur styrknum frá Kristnihátíðarsjóði. Og nú er sá styrkur að verða uppurinn.

„Á næstu vikum er von á hóp erlendis frá sem mun ganga frá svæðinu svo hægt sé að skoða það. Reistir verða 50 cm háir veggir og þeir fylltir, sett viðarkurl í herbergin og svo skilti. Hins vegar verðum við að skilja talsverðan hluta svæðisins eftir ókannaðan. Það er sem sagt einsýnt að hætta verður verkinu nánast í miðjum klíðum nema annað komi til."

„Mér hefur flogið í hug hvort ekki megi nota hluta fjárins vegna sölu Landsímans til að efla rannsóknir á Íslandi, líka rannsóknir á íslenskri menningu. Einnig mætti stofna sérstakan fyrirtækjasjóð í sama skyni. Því þetta er nú einu sinni saga okkar," segir Steinunn Kristjánsdóttir að lokum.

Stökktu til
Costa del Sol
24. eða 31. ágúst
frá kr. 29.990
Síðustu sætin

29.990 í viku /
39.990 í 2 vikur
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð. Flug, gisting, skattar og íslensk fararstjórn. Stökktu tilboð 24. og 31. ágúst í 1 eða 2 vikur.

39.990 í viku /
49.990 í 2 vikur
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi/stúdíó/íbúð. Flug, gisting, skattar og íslensk fararstjórn. Stökktu tilboð 24. og 31. ágúst í 1 eða 2 vikur.

Bjóðum frábært tilboð til Costa del Sol í ágúst. Njóttu lífsins á þessum vinsælasta áfangastað Íslendinga í sólinni. Þú bókar og tryggir þér síðustu sætin og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú býrð.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri
sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

12

MILLJÓNIR Í FYRSTA VINNING

333

Nú er potturinn þrefaldur!

Nældu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is – þú gætir unnið litlar 12 milljónir króna.

Það getur allt gerst.

Lottó

ENNEMM / SÍA / NM17646

Rauðblikkandi viðvörunarljós

Á nýliðnum vikum hafa ofurlaun íslenskra athafnamanna og útrás íslensks efnahagslífs verið áberandi í þjóðfélagsumræðunni, en á undanförnum árum hefur sprungið út ný kynslóð ungra fjármagnseigenda á Íslandi. Þar sker í augu hve hlutur kvenna er rýr. Í því samhengi telur **Kristrún Heimisdóttir** lögfræðingur að viðskiptalífið skorti bæði gagnsæi og jafnræði. ***Þórdís Lilja Gunnarsdóttir*** átti morgunstund með Kristrúnu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

VAKANDI YFIR VELFERÐ KVENNA Kristrúnu Heimisdóttur, lögfræðingi Samtaka iðnaðarins og varaþingmanni Samfylkingarinnar, er annt um framgang kvenna í íslensku atvinnu- og viðskiptalífi. Hún segir gagnrýnisleysi vera ríkjandi gagnvart þeim veruleika að aðeins örfáar konur séu við stjórnvöl fyrirtækja og í ört stækkandi hópi nýrra fjármagnseigenda, og að ábyrgðarleysi felist í því að leita ekki fullnægjandi skýringa og svara.

Á tíu til tólf ára tímabili varð nýtt fólk að fjármagnseigendum í stórum stíl á Íslandi og þar með leiðtogar í atvinnulífi. Er eðlilegt að konur séu jafn lítið áberandi í þessum hópi og raun ber vitni?“ spyr Kristrún Heimisdóttir, lögfræðingur Samtaka iðnaðarins, en á kvennaráðstefnunni Tengslanet II: Völd til kvenna, sem haldin var í Viðskiptaháskólanum í Bifröst á vordögum hélt Kristrún erindi þessa efnis undir fyrirsögninni „Umbreyting íslenska hagkerfisins – hvar standa konur?“.

Gagnrýnisleysi ríkjandi of lengi

„Það skortir enn sárlega tæmandi upplýsingar og rannsóknir, en allar úttektir stofnana, ráðuneyta og fjölmiðla sýna þetta sama: Konur eru ótrúlega fáar í nýja viðskiptalífinu. Það er á skjön við flest annað í íslensku samfélagi á 21. öldinni,“ segir Kristrún, en að hennar mati munu börn okkar og barnabörn þurfa að læra af síðum Íslandssögunnar um þann atburð þegar fjármagnsflutningar til og frá landinu voru gerðir frjálsir samhliða aðildinni að EES árið 1994.

„Menn munu sjá að þetta voru söguleg straumhvörf. Með þessu var lagður nýr leikvöllur viðskipta á Íslandi. Breytingar á rekstrarformi ríkisbankanna voru eðlilegt framhald og aðgangur að lánsfé gjörbreyttist. Í stað tengsla við stjórnmálaflokka og fulltrúa þeirra í bankaráðum þurfti nú annars konar tengsl, og í stað fasteignaveða þurfti nú viðskiptahugmynd byggða á sýn um alþjóðavæðingu og væntingum um miklar tekjur af djörfum verkefnum. Opnun íslenska hagkerfisins var gríðarlegt framfaraskref en tölurnar sem nú koma fram um hverfandi hlut kvenna í þessari nýliðun eru uggvænlegar og vekja knýjandi spurningar um jafnræði og gegnsæi í viðskiptalífinu. Jafnræði og gegnsæi eru frumkröfur nútímaviðskiptalífs og þegar allt kemur til alls undirstaða hins fræga stöðugleika og sjálfs hagvaxtarins til langs tíma. Meðan konur eru svo miklu færri í þessum nýja heimi en efni standa til, er ástæða til að óttast að þessar grunnforsendur séu ekki fyrir hendi,“ segir Kristrún.

„Það logar viðvörunarljós í stjórnborði íslensks efnahagslífs og gerir viðvart um ójafnræði og lokun. Til að tryggja heilbrigði markaða hér á landi og styrk viðskiptalífsins verður að opna þessa umræðu og spyrja ákveðinna spurninga. Gagnrýnisleysi hefur ríkt of lengi. Mér þætti eðlilegt að háskólarnir rannsökuðu þessa þróun ofan í kjölinn, og liggur beinast við, enda blómstrar háskólakennsla í viðskiptafræðum sem aldrei fyrr.“

Auglýsir eftir skuldsettri yfirtökukonu

Í erindi sínu á Bifröst vitnaði Kristrún í nokkura ára gamalt framsöguerindi þar sem því var haldið fram að konur væru ekki komnar alla leið enn þá, heldur áleiðis og tíminn ynni með þeim. Aukin menntun í verkfræði, viðskiptafræði og lögfræði myndi skila konum ábyrgð og áhrifum í viðskipta- og atvinnulífi því það væru þær greinar sem algengast væri að skiluðu fólki forstjóra- og ábyrgðarstöðum.

„Frjáls verslun bjó til hugtak yfir nýliðun leiðtoga í atvinnulífi á Íslandi á síðasta ári og talaði um „nýju ‘68-kynslóðina“. Konur af þeirri kynslóð eru fullt eins margar og karlar með alla þá menntun sem talin hefur verið skipta máli, kynin njóta núna áður óþekkts jafnréttis til fæðingarorlofs, og þessi kynslóð kvenna hefur talið sig standa jafnfætis hverjum sem er að ég held. Samt gat Frjáls verslun ekki talið neina konu til „nýju ‘68-kynslóðarinnar“ í fyrra? Hvað skýrir þetta?“ spyr Kristrún og bætir við að þetta bendi til þess að tíminn vinni hreint ekkert með jafnræði kynjanna á þessu sviði.

„Þá kemur til greina að beina spurningunni í hina áttina og spyrja hvernig „nýja ´68-kynslóðin“ hafi farið að því að komast svo langt. Þá hygg ég að allir séu sammála um að það lánstraust sem þeir hafa notið sé lykilforsenda. Og ég lýsi hér með eftir dæmi um skuldsetta yfirtöku fyrirtækis sem kona hefur stýrt á Íslandi,“ segir Kristrún ákveðið. „Getur verið að það þyki jafn óhugsandi nú og það þótti fyrir 50 árum að kona yrði flugstjóri eða forseti?“

Blindni á helming þjóðarinnar

„Fjármögnun á Íslandi í dag byggist á nýjum skilgreiningum á forsendum lánstrausts. Hverjir eiga þar aðgang? Tölur um rýran hlut kvenna ættu að vera viðvörun. Einhverjar viðskiptahindranir eru til staðar, og hindra kannski líka marga aðra en konur á ósanngjarnan hátt eða hygla óeðlilega. Við verðum að greina hverjar hindranirnar eru, annað er ábyrgðarleysi,“ segir Kristrún og setur fram samskonar rök um stjórnun fyrirtækja.

„Ný skýrsla iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins og Byggðastofnunar sýnir að aðeins átta prósent íslenskra fyrirtækja hafa

ráðið konu í starf framkvæmdastjóra. Það er til marks um að eitthvað sé að mannauðsstjórnuninni. Ef fyrirtæki sér engan möguleika á að ráða konu í stjórnun eða forystuhlutverk, en auglýsir þó eða leitar eftir fólki með tiltekna menntun og hæfni, er með öðrum orðum blint á helming þjóðarinnar, þá er ljóst að fyrirtækin sem slík og við sem samfélag erum að verða af einhverju miklu. Samfélagið fjárfestir í menntun því fyrirtækin geta ekki borið allan þann mikla kostnað og ójafnræði kynja er að þessu leyti eins og að kasta peningum í sjóinn."

Traustir menn

Kristrún segist og auglýsa eftir opinskárri umræðu.

„Mikilvægasta framför okkar atvinnulífs er aukin fjölbreytni, en það er ekki til marks um fjölbreytni ef leiðtogar í atvinnulífi 21. aldarinnar verður næsta einsleit karlahjörð eins og hættumerki eru um. Við eigum tölur um að mun færri konur fái bankalán í fyrsta viðtali en karlar. Þegar leitað er skýringa á slíkum staðreyndum kemur nafnorðið „traust" æði oft við sögu; „traustir ábyrgðarmenn", „traust markaðsrannsókn", „traust næmisgreining" og svo auðvitað einfaldlega „traustir menn". Mat á viðskiptahugmyndum eru ekki nákvæm vísindi frekar en mat á trausti yfirleitt. Og margt er þoku hulið að þessu leyti hér á landi, þar á meðal sannfærandi, viðskiptalegar skýringar á rýrum hlut kvenna. Á meðan er óttinn sá að ákvarðanir séu teknar á grundvelli fordóma, að opnunin og frelsið í íslensku viðskiptalífi sé þrátt fyrir allt talið ekki orðinn veruleiki nema fyrir afmarkaðan hóp."

Karlar ekki fremri konum

Að sögn Kristrúnar byggjast hugmyndir um eflingu nútíma samfélags meðal annars á því að halda í við tækniþróun heimsins, byggja upp fleiri hátæknifyrirtæki og þjónustu af ýmsu tagi sem veitt geta eftirsótta vinnu.

„Forsenda þess er menntun, en ætlum við þá að halda áfram að mennta þúsundir kvenna en gera ekkert í því að skilja og nema brott þær hindranir sem þær greinilega mæta í atvinnulífinu?" spyr Kristrún og segist ekki sjá íslenskar konur gera neitt rangt til að verðskulda hin fáu tækifæri sem bjóðast.

„Ég get ekki séð að konur sem sækja sér menntun og gera allt til að standa sig sem best á vinnumarkaði, séu að gera neitt vitlaust. Þær verða bara að þora að tala út um þessa hluti. Og ég spyr: Hvaða feður á Íslandi vilja að dætur sínar hafi ekki sömu tækifæri og synirnir í atvinnulífi framtíðarinnar? Á undanförnum áratug hafa allir þurft að endurskoða skilning sinn á því hvernig stunda beri viðskipti, menn hafa lagt til hliðar gamlar hugmyndir og tekið mót nýjum tímum. Nú þarf á sama hátt hver að horfa í eigin barm og velta fyrir sér hvort fordómar lúri þar enn og útiloki konur. Það er viðskiptalega rétt að gera."

Kristrún segir sjálfstraust kvenna síst vera orsakavald í framgangi þeirra í fremstu röð viðskiptalífsins.

„Ég kannast ekki við að þær öflugu konur sem komist hafa til forystu í atvinnulífinu séu þekktar af því að klúðrað málum! Og viðskiptaklúður ýmissa karla eru auðvitað alkunn án þess að allir kynbræður þeirra hafi þar með verið taldir óhæfir! Ef við spyrjum okkur ekki spurninga um útilokun kvenna munum við á endanum sitja uppi með viðskiptalíf sem er lokað, þróttlítið og lamað gagnvart nýjum og spennandi hlutum. Það er hættumerki að viðhalda slíkri lokun, auk þess sem engum dettur í hug að halda því fram að allir þeir karlar sem sitja í stjórnum fyrirtækja séu svo hugdjarfir, útsjónarsamir, klárir og snjallir að þeir beri af öllum konum landsins. Það skortir ekkert á dirfsku kvenna; þær eru djarfar, duglegar og vel menntaðar, en skortir augljóslega aðgang að þessu nýja viðskiptaumhverfi. Þær hindranir þarf að útskýra lið fyrir lið." ■

Hendrix óklipptur á DVD

Tónleikar gítarsnillingsins Jimi Hendrix á Woodstock árið 1969 verða gefnir út í heild sinni á DVD-diski í næsta mánuði. Diskurinn nefnist Jimi Hendrix: Live at Woodstock (The Deluxe Edition) og hefur að geyma óklippta og endurhljóðblandaða frammistöðu Hendrix, sem fyrir löngu er orðin goðsagnakennd.

Hluti af tónleikum Hendrix á Woodstock var gefinn út í kvikmynd um hátíðina árið 1970 en það er fyrst nú sem þeir eru gefnir út í heild sinni. Hljóðmaðurinn Eddie Kramer, sem starfaði með Hendrix á árum áður, var fenginn til þess að breyta upptökunni af Hendrix í 5.1 surroundhljóm. Á disknum verður aukaefni með Woodstock-tónleikunum í heild sinni í svarthvítu. Einnig verður sýnt frá blaðamannafundi með Hendrix og viðtöl við Billy Cox og Larry Lee, sem störfuðu með kappanum.

JIMI HENDRIX Gítarsnillingurinn sálugi vakti gríðarlega athygli á Woodstock árið 1969.

GSM tilboð

Í tilefni af opnun nýrrar og glæsilegrar verslunar okkar í Smáralind, bjóðum við frábær **GSM** tilboð.

Samsung x480

9.900 kr.

Nokia 6101

19.900 kr.

Nokia 6230i

Tónlistarpakki
að verðmæti
8.900 kr. fylgir!

34.900 kr.

20% afsláttur af aukahlutum

og vodafone

Heyrumst!

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 29284 08/2005

GÖTURNAR Í LÍFI MÍNU > BRAGI ÓLAFSSON RITHÖFUNDUR

FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR ÓLA



BRAGI ÓLAFSSON Bragi hefur búið víða í Reykjavík, á Spáni og á Englandi. Hér er hann á Suðurgötunni þar sem hann býr í dag.

Reykjavík, pönk og skáldskapurinn

Rithöfundurinn hefur búið á Íslandi, Spáni og á Englandi. Hann man fyrst eftir sér í tindátaleik á stofugólfi en telur sig samt vita hvar hann varð til.

Brekkustígur 10 og Kaplaskjólsvegur 27, 1962 – 1966

Frumbernska. Of mikil fortíð til að ég muni eftir að hafa búið þarna. Þessar götur og þessi hús eru þó enn til.

Miðbraut 10, Seltjarnarnesi,1966 – 1970

Skýrasta minningin frá þessum stað er að hafa verið í tindátaleik á stofugólfinu og hlustað á Þrjú á palli í útvarpinu syngja um Jörund Hundadagakonung á meðan ég renndi glerkúlum eftir gólfinu til að fella tindátana. Þarna lærði ég líka að hjóla á hjóli sem vinur minn stal fyrir mig í klukkustund eða svo, eða nógu lengi til að ég gæti lært á það. Mér tókst að hjóla niður Miðbrautina en var ekki eins fljótur að læra að bremsa því ég rann alla leið ofan í fjöru og út í kaldan sjóinn við Suðurströndina.

Tómasarhagi 22, Reykjavík, 1970 – 1975

Jarðhæðin. Þarna eignaðist ég fyrsta plötuspilarann minn, einhvers konar ferðaapparat. Fékk líka hamstur en hann hvarf á bak við ofninn undir glugganum og sást aldrei aftur. Ljósbláir veggir og eitthvað mjög appelsínugult í herberginu, eitthvað sem ekki hefur varðveist á ljósmyndum.

Hagamelur 26, Reykjavík, 1975 – 1979

Efsta hæð. Mitt á milli Melabúðarinnar og Melaskólans. Brúnir veggir í herberginu og svartmálað loft. Þaðan á ég margar af mikilvægustu minningum mínum, enda held ég að ég hafi orðið til á þessum stað, ef mér leyfist að nota svo hástemmt orðalag.

Tómasarhagi 22, Reykjavík, 1979 – 1981

Af sérstökum ástæðum, eins og sagt er, flutti ég aftur í sama húsið við Tómasarhagann, í þetta sinn á efstu hæðina.

Stjarnan, verbúð, Neskaupstað, sumar 1981

Það var mjög sérstök tilfinning að standa í vinnugallanum í frystihúsinu og heyra spilað í útvarpinu lag sem maður hafði sjálfur tekið þátt í að hljóðrita á plötu fyrr um vorið. Það var eitt af einnar mínútu lögum Purrks Pillnikk. Mér er líka mjög minnistætt þegar glansandi falleg Mercedes Benz-bifreið rann inn á frystihúsplanið og út úr henni steig Hjörleifur Guttormsson.

Vesturgata 53b, Reykjavík, 1982 – 1983

Gamalt timburhús sem var rifið fyrir mörgum árum, eina húsið sem ég hef búið í sem hefur verið rifið. Á sama tíma og ég bjó þar var hljómplötuútgáfan Grammið í kjallaranum, og þar var ansi margt að gerast.

Garðastræti 14, Reykjavík, 1983 – 1984

Steinhús á horni Bárugötu, beint á móti Unuhúsi. Sigtryggur Baldursson bjó á sömu hæð, í hinni íbúðinni á hæðinni. Við höfðum ekki miklar spurnir hvor af öðrum á þessum tíma, enda tilheyrðum við gjörólíkum menningarafkimum, hljómsveitunum Purrki Pillnikk og Þey, algerlega grunlausir um að við myndum seinna stjórna saman hinni frægu Jazzhljómsveit Konráðs Bé, einhvern tíma í kringum 1990.

Mánagata 14, Reykjavík, 1984

Á þeim stutta tíma sem ég bjó þarna fannst mér ég oft vera staddur í söngtexta eftir Megas, ekki síst textanum Komdu og skoðaðu í kistuna mína. Ég var áskrifandi að Þjóðviljanum á þessum tíma og reykti Prince Albert. Ég finn enn þá ilminn af Prince Albert-reyknum og man enn þá ýmislegt sem stóð í Þjóðviljanum.

Calle San Patricio 8 – 12, Salamanca, Spáni, haustið 1984

Mikil upplifun að verða allt í einu háskólaborgari í einn mánuð, og búa í íbúð með þremur systrum frá Maldíveyjum.

Vallarbraut 7, Seltjarnarnesi, 1984 – 1985

Á Seltjarnarnesinu, af öllum stöðum, heyrði ég Heaven knows I'm miserable now í fyrsta sinn. Það er ógleymanleg stund, sérstaklega vegna þess að á þessum tíma hafði maður lært að njóta þess að vera miserable.

Poeta Manuel de Góngora 12og Calle Oidores 15, Albaicínhverfinu, Granada, Spáni 1985-6

Ég skrifaði megnið af fyrstu ljóðabókinni minni Dragsúgi í þessum húsum, aðallega á Oidores í gamla Márahverfinu, í hvítkölkuðu húsi þar sem leðurblökur tístu fyrir mig á kvöldin í rökkrinu úti fyrir svölunum. Lengi vel skildi ég ekki hvers vegna þessar leðurblökur rötuðu ekki inn í ljóðabókina mína.

Veghúsastígur 9, Reykjavík, 1989 -1995

Mikið að gerast. Uppteknir tímar í alls konar skilningi. Veghúsastígurinn er ein af skemmtilegri götum borgarinnar, henni tilheyra ekki nema fjögur eða fimm hús en samt er þetta aðalgata Skuggahverfisins.

Beauchamp Lane í Cowley, Oxford, og Walton Street, Oxford, sumrin 1999 – 2000

Skrifaði meginhluta fyrstu skáldsögu minnar í 350 ára gömlu prestssetri í Cowley. Hinum megin götunnar var pínulítil kirkja Hvítasunnusafnaðarins þar sem ég fór í messu einn sunnudaginn, meira af forvitni en öðrum hvötum, og litlu munaði að ég gengi í söfnuðinn óviljugur.

Brekkustígur
Kaplaskjólsvegur
Miðbraut
Tómasarhagi
Stjarnan, verbúð
Vesturgata
Garðastræti
Mánagata
Calle San Patricio
Vallarbraut
Poeta Manuel de Góngora
Calle Oidores
Veghúsastígur 9
Beauchamp Lane
Walton Street
Laufásvegur
Ægisíða
Suðurgata

Laufásvegur 25, 1998 – 2004

Frábær staður í þorpinu Þingholtunum. Í raun og veru eru húsin númer 25 og 27 á miðri skólalóð Kvennaskólans, svo eru þau líka mitt á milli bandarísku og bresku sendiráðanna.

Ægisíða 60, Reykjavík, 2004

Tveir mánuðir í risíbúð á horni Ægisíðu og Dunhaga, á meðan Suðurgata 31 var sett í stand. Útsýni yfir til Ólafs Ragnars og Dorritar á Álftanesinu, og æskustöðvarnar fyrir augunum á hverjum degi, þar á meðal gömlu gráleppuskúrarnir og grasbletturinn undir áramótabrennunni, þar sem göngustígurinn liggur núna.

Suðurgata 31, 2004 -

Hinum megin götunnar eru Benedikt Gröndal, Sigurður Breiðfjörð, Theódóra Thoroddsen og fleiri. Í hverjum einasta glugga er útsýnið íslenskur himinn og þykkur trjágróður. Það eina sem hægt er að kvarta yfir í augnablikinu er sú furðulega ákvörðun borgaryfirvalda að mjókka götuna til að gera hana að einstefnu en breikka hana ekki aftur þegar ákveðið var að hafa hana áfram tvístefnugötu með strætisvagnaumferð.

allt

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK	5.34	13.31	21.26
AKUREYRI	5.09	13.16	21.20

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er laugardagur 20. ágúst, 232. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Smáauglýsingar

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

visir

bílar o.fl.

Mégane coupé cabriolet reynsluekið

BLS. 2

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is

MYND/SIGURGEIR SIGURJÓNSSON

MORGAN +4
Framleiðsluland: Bretland
Árgerð: 1958
Vél: Standard Vanguard 200 kúbik
Hestöfl: Um 80
Gírkassi: Jagúar

Helga notar Morganinn bara spari.

Frekar erfitt að ná niður

Helga J. Gísladóttir vekur óhjákvæmilega athygli þegar hún brunar um götur borgarinnar á græna, gamla sportbílnum sínum, Morgan +4 sem er handsmíðaður.

„Ég bjó í Stokkhólmi um tíma meðan maðurinn minn var þar við nám og þá keypti ég þennan bíl. Þetta var 1970-71," segir Helga Jenný Gísladóttir sem ekur um stræti á glæsilegum grænum Morgan +4. Hún kveðst hafa verið auralítil á þessum tíma og eignast bílinn með afborgunum en á meðan hafi hann staðið inni í skúr hjá fyrri eiganda. „Maðurinn vildi endilega selja mér bílinn en geymdi hann þar til ég var búin að borga hann upp. Það tók sjö mánuði. Hann keypti sér svo annan fjögurra sæta því hann átti orðið fjölskyldu. En við sigldum heim með Gullfossi 1971 með okkar græna bíl og notuðum hann dálítið fyrst meðan við áttum engan annan," segir Helga og bætir við hlæjandi: „Það er reyndar frekar erfitt fyrir mig að keyra hann því ég er svo stutt í annan endann. En það hefst nú samt."

Morganinn er af árgerð 1958. Helga segir hann hafa verið eins og nýjan þegar hún fékk hann og þannig sé hann enn. „Þetta eru breskir bílar og þeir eru handsmíðaðir," lýsir hún og kveðst tvívegis hafa komið í verksmiðjurnar. Í annað skiptið bauð hún tveimur vinum með út sem höfðu hjálpað henni að gera við. Ekki veit hún hversu mikið bíllinn er keyrður en segir það mjög lítið miðað við aldur. Hún kveðst hafa haft bíladellu þegar hún var yngri en svo sé ekki lengur. Samt á hún annan sportbíl, sá er Mercedes Bens og er notaður til allra snúninga en Morganinn bara spari.

MYND/INGIBJÖRG EIRÍKSD.

Horft af Sveinstindi yfir Langasjó og Fögrufjöll.

Afmælisfjör hjá Útivist

ÚTIVIST FAGNAR 30 ÁRA AFMÆLI Í LOK ÞESSA MÁNAÐAR.

Meðal ferða Útivistar á næstunni er fimm daga gönguferð um Sveinstind-Skælinga og áfram Strútsstíg í skálann undir Strút. Þar má bæði ljúka ferð, byrja eða taka hvíldardag og halda svo áfram. Óvenjulegt sjónarhorn yfir Mælifellssand, Kaldaklof og Emstrur fæst þegar farið er upp á jökulsléttu Mýrdalsjökuls og gengið fyrir upptök Bláfjallakvíslar og Innri-Emstruár að Entujökli, sem er eitt fjölmargra leyndarmála Fjallabaksins. Eftir að hafa gist í Botnum verður arkað í Básá. Leiðarval ræðst af veðri og áhuga ferðalanga en eitt er víst að endað verður í grilli og tilheyrandi afmælisfjöri í Básum. Önnur ganga er yfir Fimmvörðuháls. Þá verður farið um Drangshlíðardal og upp með Skógaá að vestan, yfir Fimmvörðuháls og um Hvanngil í Básá. Auk þessa eru bæði dagsferðir og kvöldferðir í Básá í tilefni afmælisins. Nánar er sagt frá ferðunum á www.utivist.is

LIGGUR Í LOFTINU

í bílum

Hjá Ford í Bandaríkjunum telja menn að ný 16 milljón dollara öryggisprófunaraðstaða muni koma farartækjum tíu mánuðum fyrr á vegina. Aðstaðan er hluti af 65 milljón dollara tilraun fyrirtækisins til að minnka útgjöld og laga sig að breyttum markaði. Nú tekur það Ford um 28 mánuði að setja bifreið á markað frá því að hönnun er lokið. Hjá Ford ætla menn að stytta þennan tíma í 18 mánuði um mitt ár 2007. Í nýju aðstöðunni eru meðal annars tilraunastofur þar sem verkfræðingar geta prófað hve vel farartækin hindra höfuðmeiðsl. Forráðamenn Toyota, stærsta bílaframleiðanda Japans, ætla nánast að tvöfalda framleiðslugetuna í verksmiðju sinni í Suður-Afríku árið 2007. Þessi áætlun er hluti af stefnumörkun fyrirtækisins til að stækka við sig erlendis. Verksmiðjan, sem stjórnað er af dótturfyrirtækinu Toyota South Afrika Motors, mun auka afkastagetu sína í 200.000 farartæki á ári en getan er nú 110.000 farartæki. Árið 2007 er búist við að í verksmiðjunni verði settir saman 120.000 jeppa- og pallbílar. Farartækin verða flutt á evrópskan markað þar sem einingasala Toyota jókst um tíu prósent, upp í 916.000 farartæki, frá árinu áður.

atvinna@frettabladid.is

Himinn og haf-9040379

Hagstæð sumarhúsalán

60% veðsetningarhlutfall

Ertu að byggja, kaupa eða breyta sumarbústað? Þú getur auðveldlega samið um hagstætt sumarhúsalán hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum. Lánið getur numið allt að 60% af verðmæti eignar. Til framkvæmda er lánað allt að 75% af byggingarkostnaði.

Ráðgjafar Frjálsa fjárfestingarbankans veita allar nánari upplýsingar. Þú getur komið við í Ármúla 13a, hringt í síma 540 5000 eða sent tölvupóst á **frjalsi@frjalsi.is**.

Dæmi um mán. greiðslubyrði af 1.000.000 kr.*				
Vextir %	4,95%	5,50%	6,50%	7,00%
5 ár	18.850	19.100	19.560	19.800
10 ár	10.580	10.850	11.350	11.610
15 ár	7.880	8.170	8.710	8.990

* Lán með jafngreiðsluaðferð án verðbóta

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN
www.frjalsi.is

Bifreiðaskoðun
Bíla þarf að fara reglulega með í skoðun og segir síðasti stafurinn í bílnúmerinu til um hvaða mánuð ársins á að skoða bílinn. Ef meira en þrír mánuðir eru liðnir frá því að skoða átti bílinn getur lögregla sektað eigandann.

Vinnuvélanámskeið
Ný námskeið vikulega, staðsetning Mjódd
Verð kr. 44,900.-
Sími: 894-2737 www.ovs.is
Ökur- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving
Flest verkalýðsfélög styrkja nemendur á vinnuvélanámskeið

Gabriel höggdeyfar, ASCO kúplingssett, Tridon spindilkúlur, stýrisendar, gormar. Drifliðir, drifliðshlífar, ballansstangir. Tímareimar, ökuljós, stefnuljós o.fl. Sætaáklæði, sætahlífar á stóla – vatnsheldar fyrir veiðimenn, hestamenn o.fl. Kerruljós, kerrubretti og nefhjól.
GSvarahlutir
Sími 567 6744 • Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRIÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.
Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is
SUBARU Þjónusta · HONDA Þjónusta · NISSAN Þjónusta

Bílar & Sport 588 7888 NÝTT
askrift@bilarogsport.is

SMS
Bílasprautun og réttingar
• Réttum og málum allar tegundir bíla
• Við vinnum fyrir öll vátryggingarfélögin
• Fljót og góð þjónusta
• Útvegum bílaleigubíla
• Yfir 20 ára reynsla
CABAS tjónamat
Smiðshöfði 12
110 Reykjavík
bilasprautunsms@simnet.is
Sími 567 1101
Gsm 868 8317
Fax 567 1182

THE TRIO
TRIO GOLFHJÓL
Partur–Spyrnan–Lyftarar
Eldshöfða 10
s. 585 2500 og 567 8757

Auði · sikkens
Réttingaverkstæði Jóa ehf
Dalvegi 16a • 201 Kópavogur • Sími 564 5255
Fax 564 5254 • rettjoa@rettjoa.is • www.rettjoa.is
BÍLAMÁLUN RÉTTINGAR



Mégane CC Cabriolet er glæsilegur, líka áður en blæjan hefur verið tekin niður. Í raun sést ekki að um blæjubíl sé að ræða.

Capri-stemning á götum Reykjavíkur

Mégane Coupé Cabriolet er óneitanlega bíll sem vekur athygli, í það minnsta sé honum ekið með blæjuna niðri. Hann er straumlínulagaður og sportlegur eins og hæfir bíl af þessari gerð.

Mégane Coupé Cabriolet lítur í fljótu bragði út eins og sportlegur tveggja dyra bíll. Í raun er ekkert sem gefur til kynna að á ferðinni sé blæjubíll. Hins vegar hverfur toppur bílsins, sem að stærstum hluta er gler, ofan í skottið eins og hendi sé veifað, á aðeins 22 sekúndum, sé ýtt á einn takka. Skottið fer þó ekki allt undir þennan búnað því plastþynna afmarkar plássið sem nota má undir farangur þótt blæjan eigi að komast niður. Standi ekki til að taka niður blæjuna gengur plastþynnan inn í stokk og skottið getur nýst til fulls undir farangur.

Blæjubíll og Ísland gæti hljómað illsamræmanlegt en eins og Mégane CC er byggður gengur þetta fullkomlega upp. Það er nefnilega ekki bara að utan sem ekkert gefur til kynna að um blæjubíl sé að ræða, sé toppurinn uppi. Þá er bíllinn algerlega þéttur og í engu frábrugðinn venjulegum sportlegum bíl. Annað sem hlýtur að teljast kostur í íslenskri veðráttu er að unnt er að hafa hliðarrúðurnar uppi þótt þakið sé niðri og þær má taka upp og niður með einum takka í miðjustokknum við hliðina á þeim sem ýtt er á til að taka niður toppinn. Rúðurnar veita þannig skjól gegn vindi sem stundum fylgir sólríkum dögum.

Mégane CC er fulltrúi Méganefjölskyldunnar og ber þess merki á allan hátt. Sætin eru þægileg og halda vel utan um bílstjóra og farþega, aðgengi að mælum og hnöppum er notendavænt og útlitið nútímalegt og skemmtilegt. Geymsluhólf eru líka aðall þessara bíla og standa fáar tegundir þeim á sporði í fjölda og stærð þeirra. Loks er að geta öryggismála en bíllinn er búinn ESP-stöðugleikastýringu og sex loftpúðum, svo eitthvað sé nefnt, og Mégane-línan hefur komið afar vel út úr öryggisprófunum upp á síðkastið.

Mégane Coupé Cabriolet er í boði með 1600 og 2000 bensínvélum og 1900 dísilvél. Reynsluekið var bíl með 1600 en undirrituð telur að bílinn klæði líklega betur 2000 vél. Blæjubíll af þessari stærðargráðu má vera snarpari en þessi bíll getur orðið með 1600 vél.

steinunn@frettabladid.is

Toppur bílsins hverfur ofan í skottið eins og hendi sé veifað.

Umhverfi bílstjórans er aðgengilegt, stílhreint og nokkuð smart eins og alltaf þegar Renault á í hlut.

Blæjubíllinn myndar skemmtilega andstæðu við rigninguna í Heiðmörk.

MEGANE CC
1600 vél 115 hö
Dynamique Comfort-útgáfa með svörtu áklæði og innréttingu með burstuðu stáli, samlitum hliðarspeglum, krómuðum hurðaropnurum, leðurklæddu stýri, gírhnúð og gírpoka og 16" Nervastella-álfelgum.
Verð: kr. 2.470.000
Sjálfskipting kostar 150.000 krónur

Baksvipurinn er sportlegur þegar búið er að taka niður blæjuna.

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar
sala - viðgerðir
Bílaperur
venjulegar - superwhite - led
Dugguvogur 23
s: 5814991 - fax: 5814981
rafstilling@rafstilling.is

Harley-Davidson eigendur verða á Austurvelli til klukkan 17 í dag.

Kringum Tjörnina á Harley-Davidson

HARLEY-DAVIDSON-EIGENDUR Á ÍSLANDI BJÓÐA FÓLKI Á RÚNTINN Í DAG.

Hefur þig alltaf langað til að þeysa um borgina á Harley-Davidson-mótorhjóli? Í dag ætla Harley-Davidson-eigendur á Íslandi að bjóða þeim sem leggja leið sína í miðbæinn að stökkva á bak og skella sér á rúntinn. Einn rúntur aftan á Harley hjóli hringinn í kringum Tjörnina kostar 500 krónur. Öll innkoma rennur til langveika barna. Lagt er af stað frá Austurvelli en þar bíða kapparnir með hjólin sín til klukkan 17 í dag.

Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

Frelsið er yndislegt

Íslendingar hafa orð á sér fyrir að hafa ekki of miklar áhyggjur af því sem á eftir að gerast. Við látum hverjum degi nægja sínar þjáningar, tæklum vandamálin jafnóðum og þau verða til og trúum því statt og stöðugt að ekkert verkefni sé of stórt fyrir okkur að leysa á nokkrum klukkutímum. Þetta reddast.

Sennilega á veðrið sinn þátt í þessu, við þurfum að vera undir allt búin, en ef við hefðum áhyggjur af veðrinu í hvert sinn sem það breyttist myndum við sennilega ganga af göflunum.

Það er því kannski ekki skrítið að það heyri til undantekninga að Íslendingar gefi stefnuljós. Slík fyrirhyggja og merki um niðurnjörfandi áætlanagerð er einfaldlega ekki okkar stíll. Við viljum geta tekið bráðaákvörðun um hvert við förum og ef við þurfum að láta heiminn vita með nokkurra metra fyrirvara erum við einfaldlega að fórna frelsi og mannréttindum sem okkur þykja sjálfsögð. Slíka fjötra er ekki hægt að setja á íslensku þjóðarsálina.

Úti í hinum stóra heimi er þetta öðruvísi. Þar er enginn frjáls í umferðinni og allir gefa stefnuljós. Tímanlega. Þeir vita þá líka hvenær bíllinn á undan ætlar að beygja. Þeir vita hvort bílstjórinn sem steytir hnefann við hliðina á þeim er að reyna að skipta um akrein eða hvort hann er einfaldlega morgunfúll. Þeir vita hvort er verið hleypa þeim framúr, hvort bíllinn úti í kanti ætlar að vera þar áfram, hverjir það eru hinum megin við gatnamótin sem ætla að keyra þvert á þeirra stefnu og svo mætti lengi telja. Úti í hinum stóra heimi eru þessar upplýsingar aðgengilegar á kostnað frelsisins. Í staðinn fyrir að gera það sem þeir vilja þurfa erlendir bílstjórar að gefa stefnuljós með nokkurra sekúndna fyrirvara og margir eru svo langt leiddir að þeir víkja fyrir öðrum sem nota þessi merki. Til dæmis ef bílstjóri gefur til kynna með stefnuljósi að hann vilji komast inn í bílaröð á næstu akrein. Já, það er sko margt skrítið í útlandinu.

Fyrir þá sem vilja prófa er rétt að benda á að stefnuljós eru gefin með því að ýta stangarrofanum vinstra megin við stýrishjólið upp (fyrir hægra ljós) eða niður (fyrir vinstra ljós). Með einföldum æfingum má ná töluverðri færni í þessari list en munum að það er ekki síður mikilvægt að gefa æfingum annarra gaum og sýna þeim tillitssemi með því að skapa þeim svigrúm, enda flækir þessi viðbót stjórnun bifreiðar til muna.

Frelsið er yndislegt... en stefnuljós eru ekkert alslæm heldur.

Sjötta kynslóð Variant kynnt

Hjá Heklu hefst sala á nýjum Passat Variant í september.

Nýr Volkswagen Passat Variant kom á markað í Þýskalandi í gær. Hann er væntanlegur hjá Heklu í september en þetta er sjötta kynslóð Passat skutbílsins.

Variant merkið hefur verið vörumerki skutbíla frá Volkswagen í 43 ár og hingað til hafa verið smíðaðar rúmlega 4,3 milljónir slíkra bíla.

Hinn nýi Variant mun fást í fjórum gerðum með mismunandi búnaði; Trendline, Comfortline, Sportline og Highline. Grunngerðin Trendline er til dæmis

Nýi Variantinn er 477 sentímetra langur og 182 sentímetra breiður en það þýðir að hann er 9,23 sentímetrum lengri og 7,4 sentímetrum breiðari en áður.

búin rafrænum stöðugleikabúnaði, Climatic loftræstibúnaði, sex loftpúðum, sextán tommu felgum, rafmagnshandbremsu, rafstýrðu aflstýri, tölvustýrðum ræsihnappi og þakgrindum.

Sé Variant pantaður með dráttartengi er bíllinn útbúinn rafrænum stöðugleikabúnaði fyrir farartækið sem dregið er.

Átta gerðir véla verða fáanlegar á Evrópumarkaði og skila þær allt að 250 hestöflum. Grunngerðin er búin fimm gíra kassa, allar hinar sex gíra kassa. Tvær vélarnar eru nýrrar gerðar. Önnur er tveggja lítra TDI-vél, hin er 3,2 lítra V6 FSI-vél. Frá og með haustinu 2005 verður einnig hægt að fá 4MOTION með 2.0 FSI bensínvél og 2.0 TDI dísilvél með forþjöppu.

Mikil sorg var hjá starfsmönnum MG Rover þegar fyrirtækið fór á hausinn í apríl.

Ný bílalína á rústum MG Rover

NANJING AUTOMOBILE GROUP OG GB SPORTS CAR COMPANY HEFJA FRAMLEIÐSLU Á NÝJUM BÍLUM INNAN ÁRS. Nanjing Automobile Group, kínverska fyrirtækið sem keypti eftirstandandi eigur MG Rover, ætlar að vinna með breskum hönnuðum hjá GB Sports Car Company að því að framleiða nýja bílalínu í Longbridge í Birmingham á Englandi. Vonast er til þess að framleiðsla nýju bílanna verði hafin innan árs og stefnt er að framleiðslu áttatíu þúsund bíla á ári. Þegar Rover var selt stóðu vonir starfsmanna til þess að tvö þúsund störf yrðu til. Næstum sex þúsund manns misstu vinnuna þegar fyrirtækið varð gjaldþrota í apríl. Ráðningar starfsmanna hjá GB Sports Car Company hefjast innan skamms.

Vegakort
Fátt er mikilvægara á ferðalögum en vegakort. Kynntu þér áður en lagt er af stað hvaða kort eru best, en yfirleitt er hægt að fá þau í handhægum bókum. Farðu vel yfir kortið áður en lagt er af stað og settu lítinn límflipa á þá síðu sem mest er notuð.

BÓKMENNTAÞÁTTURINN
Á Talstöðinni alla laugardaga milli kl. 13 og 14.
Í þættinum ræðir Gunnar Þorri við rithöfunda, innlenda sem erlenda, þýðendur og kynnir áhugaverð skrif af ýmsu tagi.
Laugardagar kl. 13 -14
Í umsjón Gunnars Þorris Péturssonar

Talstöðin
FM 90,9

Heidelberg er ein fallegasta borg Þýskalands.

Hjartað varð eftir í Heidelberg

Þessi rómantíska borg er þægilegur áfangastaður fyrir íslenska ferðamenn.

Gamalt þýskt lag fjallar um það hversu auðvelt það sé að glata hjarta sínu í Heidelberg. Og það kemur engum á óvart sem þangað hefur komið. Heidelberg slapp nánast algerlega við þá eyðileggingu sem margar borgir í Þýskalandi lentu í undir lok síðari heimsstyrjaldarinnar og er einstaklega falleg borg, troðfull af sögu og menningu. Þar er hægt að slaka á í fallegu umhverfi en einnig býður borgin upp á menningu og svo má ekki gleyma því að borgin er ein sú gönguvænasta í Evrópu og margar fallegar gönguleiðir í nágrenninu.

Heidelberg-kastali er einn sá frægasti í Evrópu og fallegur líka. Hver einasti steinn á sér sögu og því er hægt að dunda sér þar tímunum saman. Hægt er að ganga upp að kastalanum en fyrir fótfúna gengur kláfur upp bratta brekkuna.

Háskólinn í Heidelberg er sá elsti í Þýskalandi og í kringum hann hafa skapast margar skemmtilegar hefðir. Þar má til dæmis finna stúdentafangelsið en þar var óþekktarormum úr hópi háskólanema stungið inn fyrir minniháttar afbrot eins og að viðhafa drykkjulæti um lágnættið.

Varla er hægt að heimsækja Suður-Þýskaland án þess að gæða sér á bratwurst og súrkáli.

Gaman er að rölta um **miðbæinn**, kíkja í búðir eða bara drekka í sig andrúmsloftið. Svo er nauðsyn að setjast og kneyfa öl, snæða pylsur og fá sér svo dýrlega bollu eða köku í eftirrétt en í Heidelberg má fá kostagóðar kökur.

Við leitum að hraustu, rösku og samviskusömu starfsfólki til að vinna margvíslega lagerstörf. Um er að ræða full störf og sveigjanlega vinnutíma.

Umsóknareyðublöð er að finna á www.IKEA.is og þjónustuborði IKEA, tilgreina þarf starfið sem sótt er um.

IKEA býður upp á fjölbreytt og lifandi starfsumhverfi. Starfsfólki gefst tækifæri til að vaxa í starfi, axla ábyrgð og vera mikilvægur hlekkur í kraftmiklu og ört vaxandi fyrirtæki.

SÝNINGAR

UPPELDISÞÁTTURINN

Í Uppeldisþættinum er komið inn á óteljandi málefni sem tengjast fjölskyldunni. Fjallað er um barnauppeldi, farsæl hjónabönd, skilnaði, stjúptengsl, foreldrahlutverkið, tilfinngar og fleira mannlegt sem fylgir því að vera í fjölskyldu eða ala upp barn.

Sunnudagar kl. 14 - 15
Í umsjón Berghildar Erlu Bernharðsdóttur

Talstöðin
FM 90,9

FASTEIGNIR

Sýningarhús - Opið hús
Starmói 13, Selfossi

Opið almenningi til sýningar föstudaginn
19. ágúst frá kl. 14.00 - 19.00 og laugardaginn 20. ágúst frá kl. 10.00 - 17.00

www.sghus.is

SGHús
Austurvegi 69 • 800 Selfoss • Sími 482 3850

Sýningarhúsið er samstarfsverkefni milli SG húsa hf. og Eastern Newfoundland Home Builders

NÁMSKEIÐ

Umhverfisráðuneytið
Prófnefnd mannvirkjahönnuða

Námskeið

Námskeið fyrir mannvirkjahönnuði, sem óska löggildingar umhverfisráðuneytisins til að gera aðal- og séruppdrætti sbr. ákvæði 48. og 49. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, verður haldið í september 2005, ef næg þátttaka fæst. Námskeiðið mun hefjast föstudaginn 9. september 2005 kl. 13:00 og standa dagana 9., 10., 16., 17., 23. og 24. september 2005 og ljúka með prófi laugardaginn 1. október 2005.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublað fást hjá Menntafélagi byggingariðnaðarins (MFB), Hallveigarstíg 1, Reykjavík eða vefsetrinu www.mfb.is. Umsóknum skal skilað þangað útfylltum ásamt nauðsynlegum fylgiskjölum eigi síðar en föstudaginn 26. ágúst 2005.

Nánari upplýsingar í síma 590 6430.

Reykjavík 17. ágúst 2005
Prófnefnd mannvirkjahönnuða
– umhverfisráðuneytið.

EIGNAMIÐLUN

sími: 588 9090 • fax: 588 9095 • Síðumúla 21
eignamidlun@eignamidlun.is www.eignamidlun.is
Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

Arnarhraun 36, í miðbæ Hafnarfjarðar

Vorum að fá í sölu mjög fallegt 245 fm einbýlishús á tveimur hæðum við Arnarhraun í Hafnarfirði. Húsið skiptist m.a. í tvær stofur, sólstofu, fimm herbergi, baðherbergi og snyrtingu. Sérstaklega fallegur garður til suðurs. Úr sólstofu er gengið út í garð á timburverönd. Húsið er mjög vel staðsett en þaðan er örstutt í miðbæinn, skóla, íþróttahús, Lækinn og fl. Húsið getur verið laust fljótlega. **Verð 39,5 millj.**
HÚSIÐ VERÐUR TIL SÝNIS SUNNUDAG FRÁ KL. 13-15.
Fasteignasali verður á staðnum.

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

RE/MAX
FASTEIGNASALAN BÚI

FASTEIGNASALAN RE/MAX BÚI -Stórhöfða 17 - 110 Reykjavík - Sigurður Guðmundsson hdl. löggiltur fasteignasali

Pálmi Þór sölufulltrúi
GSM: 895 5643
palmi@remax.is

Eign: Langholtsvegur 116 b

Staður: 104 Reykjavík

Stærð: Raðhús

Verð: 38,2 millj.

Opið hús
sunnudag kl.15:00 - 15:30

Stærð: 220,5 fm.

Byggár: 1960

Fallegt og notalegt endaraðhús á einkar vinsælum stað í borginni

Um er að ræða fallegt 220,5 fm endaraðhús þar af 20fm bílskúr. LAUS STRAX !

Neðri hæð: Komið inn á flísalagt anddyri með fatahengi, gestasnyrting með flísalögðu gólfi. Flísalagt hol opið inn í eldhús, sem er flísalagt og með eikar innréttingu. Opið úr eldhúsi inn í borðstofu og stofu, parkett á gólfi. Gengið niður á pall sem er flísalagður og þaðan útgengi út í garð. Sólpallur með heitum potti og garður sem er nánast viðhaldsfrír.

Efri hæð: Parketlagður stigi og svefngangur. Þrjú svefnherbergi með parket á gólfum. Stórar svalir út af hjónaherbergi. Fallegt baðherbergi, flísar á gólfi og FIBO plötur á veggjum og baðkar.

Í kjallara er sér studíóíbúð sem er verið að taka í gegn. Einnig geymsla og þvottahús sem er flísalagt

Bílskúr er innréttaður sem herbergi með öllum lögnum. Gott hellulagt bílastæði fyrir framan húsið.

Stutt í alla þjónustu og örstutt í bæði leikskóla og skóla.

Áhugasamir hafi samband við Pálma Þór í síma 895-5643 eða með tölvupósti í palmi@remax.is

DRAUMAHELGIN



Sævar Finnbogason
vildi vera símasambandslaus í faðmi fjölskyldunnar og grilla á Vestfjörðum.

Tölvu- og símasambandslaus að grilla

Sævar Finnbogason, auglýsingamaður, söngvari og gítarleikari í hljómsveitinni Stingandi strá, myndi vilja fara í vesturátt um draumahelgina sína. „Ég myndi vilja fá að ráða veðrinu líka, hafa sólskin og 18-20 gráðu hita, sem eru kjöraðstæður fyrir mann eins og mig. Svo væri lykilatriði að fara á einhvern stað þar sem er ekkert tölvusamband eða símasamband því ég hef tilhneigingu til að fara að vinna ef ég kemst í þessi tæki. Ég þarf að hafa vit fyrir sjálfum mér. Mest myndi mig langa til að komast á Vestfirðina því það er ýmislegt sem ég þarf að gera þar. Ég þarf að keyra Dýrafjörðinn og fyrir hornið þar, ævintýraleg-an veg sem ég hef ætlað mér að aka í nokkur ár. Vegurinn hangir utan í fjallinu og er mjög spennandi. Svo þyrfti ég líka að ganga upp á svo sem eins og eitt fjall og grilla. Mikið. Mér finnst gaman að grilla og enn þá meira gaman að borða grillmat. Ég veit ekki hvort það sést á mér en ein helsta nautnin í mínu lífi er að borða góðan mat. Ég tek með mér fjölskylduna, konuna og krakkana tvo, það er ekkert varið í ferðalag án þess að þau séu með."

Öldungadeild MH

MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ
STOFNAÐUR 1966

Ný stundatafla

Innritun lýkur í dag 20 ágúst
kl. 10 – 14

Einnig eru unnt að innrita sig
á vefnum

www.mh.is

VÍSINDAVEFUR
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Draugaverkir í draugalimum

GETUR FÓLK SEM MISSIR ÚTLIM ENN FUNDIÐ FYRIR HONUM ÞÓTT HANN VANTI?

Hægt er að finna fyrir útlim sem fólk hefur misst eða fæðst án og nefnist það að hafa vofuverk eða gerningaverk. Á ensku kallast útlimurinn sem er horfinn 'phantom limb' og á íslensku draugalimur. Draugalimur er nokkuð algengur þar sem um 70% fólks sem missir útlim finnur fyrir honum áfram. Algengast er að fólk finni til í draugalimnum en það getur einnig fundið fyrir hita, kulda, þrýstingi og kláða. Skynjunin getur jafnvel verið svo sterk að fólk reyni að grípa um hluti með draugahönd eða stíga í draugafót, án mikils árangurs að sjálfsögðu.

Boð frá taugaendum í stubbnum ekki skýringin

Eitt sinn var talið að skýringin á draugalimum lægi í því að taugaendar í útlimastubbnum sendu enn frá sér skynboð rétt eins og útlimurinn væri til staðar. Til að lækna sársauka í draugalim reyndu menn því með ýmsum ráðum að koma í veg fyrir að þessi boð bærust heilanum, til að mynda með því að skera á taugarnar frá útlimastubbnum eða laska skyntaugabrautir í mænu eða heila. Þetta hafði hins vegar yfirleitt engin langtímaáhrif á sársaukaskynjun í draugalim sjúklingsins og því var farið að leita annarra hugsanlegra skýringa.

Enduruppbygging í heila

Nú er almennt talið að skýringuna á draugalimum megi finna í gerð heilans. Þessu til stuðnings má nefna að fólk sem fæðist án útlims getur fundið fyrir draugaútlim, nokkuð sem erfitt er að skýra með virkni tauga sem eitt sinn tengdust útlimnum því hann var jú aldrei til staðar. Einnig er áhugavert að þegar fólk missir útlim verður oft allvíðtæk enduruppbygging í heilanum. Því meiri sem þessi enduruppbygging er, þeim mun líklegra er að fólk finni fyrir einhverju í draugalimnum, svo sem sársauka.

Skynsvæði heila taka við boðum

Þegar boð hætta að berast frá tilteknum útlimum til skynsvæða heilans, fara þessi heilasvæði oft að svara skynboðum frá öðrum svæðum líkamans. Ef fólk missir til að mynda aðra höndina virðist handarskynsvæðið taka að einhverju leyti við hlutverki andlitsskynsvæðisins, en þessi tvö svæði eru aðliggjandi. Þegar kinn slíks sjúklings er snert finnur hann því fyrir snertingu við kinnina en getur á sama tíma fundist að draugaþumallinn sé snertur; snerting efri varar myndi sömuleiðis samtímis vekja upp skynjun um snertingu á draugavísifingri og svo framvegis. Meira að segja er dæmi um mann sem missti fótlegg en fann fyrir fullnægingu í draugafætinum þegar kynfæri hans voru örvuð. Þetta skýrist að öllum líkindum af því að skynsvæði fóta og kynfæra liggja hvort að öðru, og fótaskynsvæðið hefur því farið að taka við upplýsingum frá kynfærunum.

Hreyfingar draugaútlims

Að lokum má geta þess að „hreyfing" draugaútlims getur haft áhrif á hreyfigetu samsvarandi eðlilegs útlims. Margir kannast við að erfitt er að gera eitthvað tvennt ólíkt með hvorri hendi, svo sem að klappa sér á koll með annarri hendinni en strjúka með hringhreyfingum á sér magann með hinni. Sjúklingur með draugahönd var látinn leysa svipað verkefni, eða að teikna línu með eðlilegu hendinni á meðan hann „gerði" hringhreyfingar með fingri draugahandarinnar. Í ljós kom að sjúklingurinn truflaðist jafnmikið við þetta og annað fólk sem hafði raunverulegan fingur til að hreyfa.

Heiða María Sigurðardóttir, B.A. í sálfræði og starfsmaður Vísindavefsins

Svifið um loftið, hangandi í blöðrum.

HVAÐ ÞARF MARGAR GASBLÖÐRUR TIL AÐ LYFTA FULLORÐNUM MANNI?

Til þess að svara þessari spurningu þarf að hafa í huga lögmál Arkímedesar sem felur í sér að hlutur sem dýft er í vökva eða gas léttist sem nemur þyngd efnisins sem hann ryður frá sér.

Helín léttara en andrúmsloft

Gasblöðrur, eins og þær sem seldar eru á 17. júní, eru fylltar með helíni (He). Helín er létt gastegund, mun léttari en loftið í andrúmsloftinu. Gasblaðra ryður frá sér lofti sem er þyngra en helínið innan í henni. Eðlismassi helíns er 0,18 kg/m^3 og eðlismassi lofts er 1,29 kg/m^3. Hver rúmmetri af helíni getur því lyft 1,11 kílógrömmum.

1200 blöðrur þarf til að lyfta barni

Ef gert er ráð fyrir að gasblaðra sé alveg kúlulaga og þvermál hennar um 30 cm þá inniheldur hún 0,0141 m^3 af helíni. Miðað við að 1 rúmmetri helíns lyfti 1,11 kílógrömmum getur því hver blaðra lyft 15,7 grömmum. Ef við miðum við fullorðinn karlmann sem er 80 kg þá þarf um 5.100 blöðrur til að hann takist á loft.

Við sjáum að það þarf ansi margar blöðrur til að lyfta manninum en hvað ætli þurfi margar til að lyfta barni? Ef miðað er við barn sem er aðeins 20 kg, þá þarf samt meira en 1.200 blöðrur til að lyfta því. Fólki er því óhætt að kaupa nokkuð margar blöðrur handa krökkunum án þess að eiga á hættu að þau takist á loft.

Einhverjir sérvitringar hafa þó látið drauminn um að svífa upp í loftið hangandi í litríkum blöðrum rætast. Á síðunni www.clusterballoon.org má sjá skemmtilegar myndir af flugferðum með stórar helínblöðrur. Blöðrurnar sem þarna eru notaðar eru þó ekki venjulegar 17. júní-blöðrur. Þær eru mun stærri og úr sterkara efni.

Hildur Guðmundsdóttir, eðlisfræðinemi og starfsmaður Vísindavefsins

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem þar hefur verið glímt við að undanförnu eru: Er til getnaðarvarnarpilla eða -sprauta fyrir karlmenn, hvort er Blær kvenmanns- eða karlmannsnafn, geturðu útskýrt fyrir mér boðspennu í frumum, hvernig virkar Morsekóði og hver fann hann upp, er vitað hversu margir loftsteinar hafa fallið á jörðina og er það satt að búið sé að finna nýja tegund tígrisdýra? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is.

Fröken Freyja leysir vandann

Alltaf að horfa á afturenda.

Ég er virðulegur maður á sextugsaldri. Ég er framkvæmdastjóri í stórfyrirtæki og tel mig vera mikinn herramann í eðli mínu. Um daginn var ég í viðskiptaferð ásamt ungri vinkonu minni. Ég hef hingað til haft unun af því að labba á eftir konum og fylgjast með hvernig rasskinnarnar hreyfast undir pilsinu. Núna finn ég hins vegar hvernig þessi þörf eykst og get ég ekki haft augun af afturendum kvenmanna almennt. Er þetta eðlilegt eða er ég að breytast í pervert? ***GG í Garðabæ***

Þú þarft ekki að byrja að hafa áhyggjur fyrr en þú ferð að missa hluti í gólfið til þess að reyna að horfa upp undir pilsin með myndavélasíma við höndina. Þá fyrst verður þú kominn í vandræði.

Miklar vangaveltur

Málið er að ég er að fara að gifta mig í janúar 2006. Ég er að farast úr áhyggjum því ég veit ekki hvort ég eigi að láta snyrta „vinkonuna" í brasilískum stíl eða velja Vegas bikinívax. Hvort ætti ég að velja?

LU í Borgarnesi

Hey, það er skítkalt í janúar og þar að auki er það löngu dottið úr móð að raka kynfærin hvað þá vaxa þau. Nú myndi ég bara safna og láta svo snyrta kantana stuttu fyrir brúðkaupið. Maðurinn þinn hlýtur að gera sér grein fyrir að hann er að giftast konu ekki ellefu ára stúlkukind.

Deitvandræði

Dóttir mín er farin að vera með strák sem mér líkar alls ekki við. Í mínum huga er hann dóttur minni ekki samboðinn og ég sé ekki fyrir mér að þau geti átt bjarta framtíð. Hvað get ég gert? Slitið þau í sundur með mínum klækjum eða lokað augunum fyrir þessum hrotta?

BB á Vopnafirði

Slitið þau í sundur??? Hvað heldur þú að móðir þín hafi sagt þegar þú komst með barnsföðurinn heim í fyrsta skipti? Hún hefur varla hugsað: „Vá hvað hann er æðislegur þessi". Bíttu á jaxlinn og vertu góð við tilvonandi tengasoninn. Þú veist ekki hvað framtíðin ber í skauti sér.

Sendið fyrirspurnir og vandamál til fröken Freyju, Fréttablaðið, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, eða sendið henni tölvupóst á netfangið frk-freyja@frettabladid.is. Nöfn sendanda verða ekki gefin upp í blaðinu.

KOLAPORTIÐ

Leikfangabásinn við Kaffi Port auglýsir

Pennapokar í úrvali
500. kr.

Frábært verð takmarkað magn

Frítt með öllum töskum skæri og gráðubogi eða bókarplast

opið laugardag 11-17 og 19:30-23
opið sunnudag 11-17

Kennsla hefst 12. September

Domus Vox
-Þar sem röddin þín hljómar.

- **Einsöngsnám** 1 - 5 stig.
  - Hópatímar - Einkatímar
- **Unglingadeild** 13 - 18 ára.
- **Barnadeild** 8 - 12 ára.
- **Syngjandi forskóli** 3 - 5 ára.
- **Stúlknakór Reykjarvíkur**
  - yngri deild 6 - 10 ára.
  - eldri deild 11- 16 ára.
  - Vox junior framhaldsdeild 16 ára og eldri.
- **Kennarar:**
  Agnar Már Magnússon, Ástríður Haraldsdóttir, Inga Backman, Marius Sverrisson, Stefanía Ólafsdóttir, Zu Wen, Arnhildur Valgarðsdóttir, Hanna B. Guðjónsdóttir, Ingunn Ragnarsdóttir, Seth Sharp, Stefán S. Stefánsson
- **Skólastjóri og kóstjórnandi:**
  Margrét Pálmadóttir

Innritun hefst 22 .ágúst og lýkur 2. september. Upplýsingar og greiðsla námsgjalda fer fram alla virka daga frá kl. 16:00-19:00 á skrifstofu skólans Skúlagötu 30 eða í síma 511-3737 / 861-7328. www.domusvox.is

Starfandi kórar á vegum Domus Vox:
Vox Feminae
Gospelsystur Reykjavíkur
Stúlknakór Reykjavíkur

- **Söngur í portinu Skúlagötu 30 á menningarnótt milli kl. 19-21.**

40% 30% 2

Nú fer hver að verða
síðastur að gera frábæ

ÚTSÖL

40% 30% 2

INTER

0 50% 60

r kaup!

LULOK

Á SUNNUDAG!!!

0% 50% 60%

SPORT®

Húsgagnahöllin
s. 585 7220
Opið: Mán - föstud. 10 - 19
Laugard. 10 - 18 og sunnud.12 - 18

Smáralind
s. 585 7240
Opið: Mán - föstud. 11 - 19
Laugard. 11 - 18 og sunnud.13 - 18

Selfossi
s. 480 7009
Opið: Mán - föstud. 9 - 21
Laugard. 9 - 21 og sunnud.10 - 21

Eitur eða kaloríulaus snilld?

Eitt algengasta sætuefnið í matvælum í dag er **aspartam** sem finna má meðal annars í sykurlausum gosdrykkjum og mjólkurvörum án viðbætts sykurs. Styr hefur staðið um aspartam alla tíð og í júlí komu fram nýjar rannsóknir sem setja aspartamið í eldlínuna á ný. *Rósa Signý Gísladóttir* kynnti sér málið.

Aspartam var uppgötvað árið 1965 þegar efnafræðingur sem vann að framleiðslu á lyfi eða smyrsli fyrir sár uppgötvaði fyrir tilviljun að efnið sem myndaðist var sætt á bragðið. FDA, matvælaeftirlitið í Bandaríkjunum, samþykkti notkun aspartams í þurrvöru 1981 og í gosdrykki 1983 en það var ekki fyrr en 1996 að FDA leyfði notkun aspartams í öllum gerðum matvæla. Sumir hafa haldið því fram að notkun aspartam útskýri vaxandi tíðni heilaæxla í Bandaríkjunum og annars staðar. Vísindanefnd Evrópusambandsins um matvæli (SCF) fór yfir rannsóknir um aspartam árið 2001 vegna þrýstings frá bresku matvælastofnuninni (FSA). Nefndin fór yfir meira en 500 vísindagreinar og efni sem kom út á þrettán ára tímabili og komst nefndin að þeirri niðurstöðu að daglega neyslugildið, sem er 40 mg á hvert kíló líkamsþyngdar á dag (40 mg/kg/dag) væri öruggt, magnið sem talið er óhætt að neyta daglega alla ævi án þess að hætta stafi af.

Ný rannsókn vísbending um skaðsemi aspartams

Rannsókn vísindamanna á Ítalíu sem gerð var opinber 14. júlí 2005 (gerð af The cancer research centre of the European Foundation of Oncology and Environmental sciences „B. Ramazzini“ í Bologna) leiddi í ljós að aspartam olli marktækri aukningu á hvítblæði og illkynja eitilfrumum í kvenrottum í skammtastærðum á borð við þær sem menn neyta af efninu. Rannsóknin fann hins vegar enga marktæka aukningu á illkynja heilaæxlum í rottunum. Hér á landi fer Umhverfisstofnun með samræmingu eftirlits með aukaefnum í matvælum og hefur Ingólfur Gissurason, fagstjóri hjá Umhverfisstofnun, kynnt sér málið. „Rannsóknin bendir til þess að aspartam gæti hugsanlega verið skaðlegra en menn héldu áður. Þetta er einungis vísbending en ekki niðurstaða enda aðeins um eina dýrarannsókn að ræða og þarf fleiri rannsóknir svo hægt sé að draga vísindalegar ályktanir. Það væri nú þegar búið að taka aspartam af markaði ef aukaefnið væri bráðhættulegt. Þetta er í ferli núna hjá Matvælaöryggisstofnun Evrópusambandsins, EFSA (European Food Safety Authority). Brugðist verður við ef eitthvað nýtt kemur fram því helsta markmið aukaefnareglugerðarinnar er að tryggja öryggi neytandans,“ segir Ingólfur. Hann bendir á að sennilega sé aspartam það efni í matvöru sem er hvað mest rannsakað.

Aukin neysla sætuefna

Á undanförnum árum hafa sífellt fleiri gert sér grein fyrir óhollustu sykurs, til dæmis vegna Atkins og annarra kolvetnislausra kúra og þá leitar fólk í sykurlausar vörur með sætuefni í staðinn.

Sætuefni skiptast í tvo flokka. Annars vegar er um að ræða efni sem finnast ekki í náttúrunni og eru efnafræðilega óskyld sykri. Þessi efni, sem kalla má gervisykur, gefa mjög litla orku en eru nokkur hundruð sinnum sætari en sykur. **Aspartam**, oft kallað Equal eða NutraSweet, er algengast ásamt **acesulfame-k** sem oft má finna í vörum sem einnig innihalda aspartam, til dæmis í Coca Cola Light. **Sakkarín** (í Sweet n'Low), **sucralose** (oft kallað Splenda) og **cyklamat** eru önnur algeng gervisætuefni. Öll eru þau umdeild en leyfð til notkunar í matvælum.

Hin sætuefnin eru náttúruleg að því leyti að þau finnast í náttúrunni, til dæmis í berjum og öðrum ávöxtum, grænmeti og sveppum. Þau eru hins vegar framleidd í verksmiðjum. Efnin kallast sykur alkahól, eða polyols. **Xylitól**, **sorbitól**, **mannitól** og **maltitól** eru vinsæl náttúruleg sætuefni. Xylitol er algengast og er nokkurn veginn jafnsætt og sykur en inniheldur 40 prósent minni orku. Það hefur góð áhrif á tennur og mikið notað í tyggjó og sælgæti af þeim sökum. Flest náttúruleg sætuefni, þar á meðal xylitol, geta haft hægðalosandi áhrif í miklu magni en að öðru leyti hafa engar rannsóknir komið fram sem benda til skaðsemi þeirra. Fólk hefur innbyrt allt að 400 grömm af xylitoli á dag til langs tíma án þess að verða vart við slæmar afleiðingar.

Rannsóknarstofnunin á Ítalíu: http://www.ramazzini.it/eng/fondazione/

Mjólkuriðnaðurinn á Íslandi hefur nýlega kynnt til sögunnar fjölda sykursnauðra vara með aspartami og efnið er að finna í ýmsum öðrum vörum. Björn Gunnarsson, matvæla- og næringarfræðingur hjá Mjólkursamsölunni, segir að matvælaiðnaðurinn út um allan heim sé í þeirri klemmu að nota annað hvort sykur, sem er mjög óvinsæll hjá stórum hóp fólks, eða bragðbæta vörur með sætuefni og þá sé aspartam besti kosturinn enda mest rannsakað. „Að sjálfsögðu myndum við vera fyrstir til þess að kippa þessu af markaðnum ef þetta væri hættulegt, því við höfum engan sérstakan hag af því að selja vöru með aspartami,“ segir Björn. Hann telur að mest hætta stafi af gosdrykkjum með sætuefni því það sé vara sem sumir neyti í lítravís á dag. „Það hefur oft komið fram þessi brandari um að maður þurfi að innbyrða baðkar á dag en þetta er ekki það mikið,“ segir hann.

Ingólfur hjá Umhverfisstofnun segir að í ljósi aukinnar neyslu á aspartami sé nauðsynlegt að skoða vel nýjar rannsóknir á efninu en að fólk þurfi að borða mjög mikið af efninu daglega til þess að fara yfir hættumörkin. Daglega neyslugildið (ADI, „acceptable daily intake,“ 40 mg/kg) er gefið upp í mg á kg líkamsþyndar þannig að þeir sem eru þyngri geta borðað meira af aspartami en þeir sem léttari eru, til dæmis börn. „Auðvitað á fólk alltaf að hugsa um þetta. Þetta er mjög góður kostur, til dæmis fyrir sykursjúka og þá sem vilja forðast sykur, en eins og með öll matvæli er allt best í hófi.“

Einhver hópur fólks hugsanlega nálægt hættumörkum

Magnið er einmitt aðalatriðið. „Það er hægt að segja að járn valdi hjartasjúkdómum og járn drepi en það gerist einungis í mjög miklu magni. Svipað er að segja um aspartam, þó að það sé auðvitað ekki lífsnauðsynlegt næringarefni eins og járn,“ segir Inga Þórsdóttir, prófessor í næringarfræði á Rannsóknarstofu í næringarfræði á Landspítalanum og Háskóla Íslands. Er hugsanlegt að þeir sem drekki einn til tvo lítra á dag af sykurlausu gosi og borði nokkra skammta af mjólkurvörum með sætuefni daglega innbyrði of mikið af aspartami? Inga segir að vísbendingar séu um að þeir sem borði mjög mikið af vörum með aspartami nálgist hættumörkin. „Norðmenn hafa reiknað þetta og fundu að það er ákveðinn hluti unglingsstúlkna sem eru á mörkum þess að neyta magns sem fer yfir hættumörkin. Þess vegna myndi ég vilja geta gert þessa úttekt á gögnum um matarræði Íslendinga sem liggja fyrir,“ segir Inga.

Hvað segir hómópatinn?

Birna Ásbjörnsdóttir hómópati og næringarráðgjafi hefur sterkar skoðanir á aspartami. „Það veikir ónæmiskerfið í líkamanum og er örvandi efni, það örvar heilafrumur sem síðan deyja. Þetta eru svipuð áhrif og af áfengi í raun-inni, það má líka þessu saman. Sætuefnið í gosdrykkjum gerir fólk örara þannig að fólk dettur inn í það að drekka marga lítra á dag svo það er ávanabindandi á sinn hátt. Aspartam hægir líka á eða kemur í veg fyrir myndun á serótónín og þýðir að það verður aukin löngun í kolvetni. Þannig að þetta eykur í raun matarlyst og löngun í sætindin og er alls ekki grennandi,“ segir Birna. Hún segir þó að sykur sé ekkert góður heldur en hann sé náttúruleg fæða og því hótinu skárri.

INGÓLFUR GISSURASON HJÁ UMHVERFISSTOFNUN Ingólfur hefur fylgst með rannsóknum og úttektum á aspartam og segir að ef efnið væri hættulegt væri búið að taka það af markaðnum.

BIRNA ÁSBJÖRNSDÓTTIR HÓMÓPATI Birna segir að aspartam veiki ónæmiskerfið, sé örvandi og ávanabindandi.

INGA ÞÓRSDÓTTIR NÆRINGARFRÆÐINGUR Inga segir að vísbendingar séu um að ákveðinn hópur fólks neyti of mikils aspartams.

Læknar og næringarfræðingar ekki jafnáhyggjufullir

„Ég hef ekkert séð sem bendir til þess að þetta veiki ónæmiskerfið en það eru vísbendingar í dýratilraunum sem benda til þess að í mjög miklu magni hafi aspartam áhrif á heila- og taugakerfið,“ segir Inga. Fréttablaðið hafði samband við nokkra lækna og flestir töldu að umræðan um skaðsemi sætuefna væri gömul og búið væri að sýna fram á að þau væru skaðlaus í réttu magni. „Maður verður að vega kosti og galla þess að vera að nota sætuefni eins og aspartam og hingað til hef ég ekki heyrt að gallarnir séu stærri en kostirnir. Þetta er betri kostur en sykur fyrir stóran hóp fólks. En hvort aspartam valdi krabbameini er ég ekki tilbúinn að tjá mig um,“ segir Sigurður Björnsson krabbameinslæknir og formaður Krabbameinsfélagsins.

salatbarinn

Árleg grillveisla okkar er í dag frá kl. 12 - 15. Grillum ferskt íslenskt grænmeti. Menningarstemmari með Greifunum, Spútnik og Bjargræðiskvartettnum.

Menningarverð í tilefni dagsins

aðeins kr. 1.000,-

Frítt fyrir börn 8 ára og yngri.

hausverk / sia

Salatbarinn Faxafeni 9 • Sími 588 0222 • www.salatbarinn.is

Skóladagar TOYOTA
- Betri notaðir bílar!
Medion Black Dragon
kaupauki með bíl!

Skóla dagar!

NÝTT
KORTATÍMABIL
FYRSTA GREIÐSLA
1.OKT

MEDION

MD95333-DVD
MEDION X2 BLACK DRAGON DVD
- Intel® Celeron® M 360 örgjörvi
- 512MB DDR minni • 40GB harður diskur
- DVD±R brennari - Útvær USB
- S3 UniChrome skjástýring
- 802.11G 54Mbps þráðlaust net
- VGA tengi, 4x USB 2.0 • Lithium-Ion rafhlaða
- Nett og Létt! • Mál: 33 x 27.7 x 2.3/3.4 cm
- Þyngd aðeins 2.2 kg.

Ekki láta hugbúnaðinn vanta!
799 kr. 12 mán. vaxtal. m. fartölvu
Verð kr. 9.588 með fartölvu

Nú með DVD skrifara

Gullna tölvan
Allar Medion tölvur eru framleiddar samkvæmt ströngustu gæðastöðlum í Þýskalandi. Þá hafa Medion tölvur unnið til ótal verðlauna t.d. Gullnu Tölvuna

Þráðlaust net
Innbyggt 54Mbps netkort, vélin dettur beint inn á þráðlausa netið - ekkert snúruvesen.

DVD skrifari
Auðvelt er að afrita DVD. Skrifanlegir DVD diskar rúma allt að 7 falt gagnamagn miðað við eldri geisladiskana

Örgjörvi Intel Celeron Mobile 1.4 Öflugur en jafnframt hagkvæmur örgjörvi byggður á orksuparandi Centrino tækninni.

Skóladagar
Kannastu við tilfinninguna að fá hærri einkunn á prófi en þú reiknaðir með?
Það er eins og að fá meiri bíl en maður borgar fyrir og fartölvu í kaupauka.
BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

15"

2.399* Tölvukaupalán 48 mán.
6.499 ** Vaxtalaust 12 mán.
77.988 Staðgreitt

3.527*

BT Bestu kaupin

15,4"

16:9 WIDE SCREEN

Ekki láta hugbúnaðinn vanta!
799 kr. 12 mán. vaxtal. m. fartölvu
Verð kr. 9.588 með fartölvu

Geggjuð vél!!

TOSHIBA Satellite

Toshiba Satellite M40X-119
PSM4XE-01L018G3

- Intel® Centrino™ mobile tækni
- Intel® Pentium® M 740 1.73 GHz (Dothan)
- 512MB DDR minni (Mest 2048MB)
- 60GB S.M.A.R.T. drif
- 15.4" Breiðtjaldsskjár (1280 x 800 upplausn
- Intel GMA 915 skjástýring
- Super DVD Multi brennari
- 10/100 Ethernet og V.90 mótald
- VGA, TV-OUT, kortalesari
- i.LINK® (IEEE 1394), 3x USB 2.0, hljóð inn/út
- 365 x 275 x 29.5 mm, 3.0 kg
- Lithium-ion, Allt að 3.16 klst. (Mobile Mark™)
- Intel® PRO/Wireless 2200 b/g 54Mbps
- Windows XP Home
- **2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum**

15,4 Breiðtjaldsskjár
Sjáðu alla myndina í góðri upplausn en hámarks-upplausn er 1280 x 800 punktar.

Intel Pentium Centrino Dothan örgjörvi Ný útgáfa af Centrino örgjörvanum sem afkastar allt að 22% meira

Super DVD skrifari
Auðvelt er að afrita DVD. Skrifanlegir DVD diskar rúma allt að 7 falt gagnamagn miðað við eldri geisladiskana

S.M.A.R.T
Verndar gögnin þín. Með þessari tækni eru gögnin þín öruggari. Lætur þig vita af yfirvofandi bilun harða disksins.

Ný Intel tækni – Sonoma
Hraðari gagnabrautir, meiri stöðugleiki ásamt mun öflugri skjástýringu.

Tengdu við sjónvarp
Auðvelt er að tengja tölvuna við sjónvarp.

Toshiba er ALLTAF ódýrari í BT!

20th Anniversary Toshiba Notebook PC Since 1985

Árið 1985 var fyrsta fartölva heimsins sett á markað af Toshiba. Toshiba hefur verið leiðandi í framleiðslu og þróun fartölva í 20 ár

2.399*

BT

3.527* Tölvukaupalán 48 mán.
9.999 ** Vaxtalaust 12 mán.
119.988 Staðgreitt

www.bt.is

*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.Í.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.

**Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

NÝJAR VÖRUR DAGLEGA
LAGER SALA SENU
NÝTT KORTATÍMABIL
ER Í FULLUM GANGI
FRÍR ÍS
Á AKTU TAKTU
FYRIR ALLA SEM MÆTA Á LAGERSÖLUNA!
TÓNLIST
TÖLVULEIKIR
DVD
299kr 499kr
699kr 999kr
FYLLTU Á SAFNIÐ FYRIR SMÁAURA
OPIÐ 11-20
ALLA DAGA
LAGERSALA SENU FELLSMÚLA 28
(gamla World Class húsinu)
sena

DRAUGAGANGUR Í GAMLA MORGUNBLAÐSHÚSINU Draugasetrið á Stokkseyri stendur fyrir óhugnalegri galdrasýningu í húsi Tryggingamiðstöðvarinnar í Aðalstræti í dag í tilefni Menningarnætur.

Draugar kveðnir niður í gamla Morgunblaðshúsinu

„Já, það er ekkert skrítið að allt hafi þurrkast út af diktafóninum þínum eftir að við höfðum rætt um þessi draugamál áðan. Ég þori ekki fyrir mitt litla líf að minnast á draugana aftur," segir Benedikt Guðmundsson, framkvæmdastjóri Draugasetursins á Stokkseyri, eftir að fyrra samtal hans við blaðamann þurrkaðist út af upptökutæki hins síðarnefnda. „Það er alls ekki þorandi að tala um þessa hluti."

Samtalið fjallaði um heljarinnar draugasýningu sem Draugasetrið á Stokkseyri stendur fyrir í dag í gamla Morgunblaðshúsinu, húsi Tryggingamiðstöðvarinnar, Aðalstræti 6, og hefst hún klukkan 13. „Þarna verða allir frægustu og merkustu draugar Íslandssögunnar, svo sem Djákninn á Myrká og ýmsir mórar og skottur."

Hús Tryggingamiðstöðvarinnar hefur verið klætt í draugabúning af þessu tilefni og er ekki loku fyrir það skotið að stemningin í húsinu verði öll hin skelfilegasta í dag því Þór Vigfússon, stjórnarformaður Draugasetursins, segir að draugar séu ákaflega félagslyndar verur sem finnist gaman að láta á sér kræla í mannfögnuðum. Í dag er einmitt Menningarnótt og ætti miðbærinn því að verða stútfullur af fólki.

„Það væri undarlegt ef draugarnir fylgdu okkur ekki til Reykjavíkur á laugardaginn því mér fylgir oft einhver móri sem hefur svo gott lag á því að stríða mér. Það hefur til dæmis oft gerst að þegar ég stíg inn í bankann minn á Selfossi fara allar snúrurnar í húsinu úr sambandi. Þá segir afgreiðslufólkið við mig að þetta sé mér að kenna því ég hafi tekið drauginn minn með mér. Það er svo komið að afgreiðslufólkið er farið að segja hvert við annað þegar ég kem í bankann: Vistið allt því Þór er að koma!" segir Þór.

„Það verða vaktir upp draugar og svo verða þeir kveðnir niður aftur, í það minnsta á ég von á því að Tryggingamiðstöðin muni tryggja að svo verði því ekki vilja menn hafa drauga á sveimi í húsinu sínu. Ég veit ekki til þess að þarna hafi nokkru sinni verið draugur en miðað við öll þau skrif sem þarna hafa farið fram í gegnum tíðina kæmi það mér ekkert á óvart."

Prestlærður maður frá Selfossi, Kristinn Á. Friðfinnsson, mun taka þátt í uppákomunni og mun hann leika forföður sinn, séra Tómas í Villingaholti, sem uppi var um 1800. Tómas þessi var fenginn til að ráða niðurlögum uppvaknings erlends bakara sem jarðaður var í kikjugarðinum í Villingaholti eftir að skip sem hann var farþegi á sökk í miklu mannskaðaveðri úti fyrir ströndum Suðurlands og verður uppákoman byggð upp á þeirri sögu, sem til er í mörgum myndum á Suðurlandi. „Það má segja að það sé hlutverk okkar prestanna að kveða niður drauga í lifanda lífi og því er þetta vel. Almúgamönnum á Suðurlandi tókst ekki að kveða niður draug bakarans og því var séra Tómas kallaður til og eins er um mig núna, " segir Kristinn.

Draugagangurinn í húsi Tryggingamiðstöðvarinnar mun standa til klukkan 21 í kvöld og kannski enn lengur ef ekki tekst að bæla myrkraöflin niður með guðsorði og góðri trú. ■

Þjóðmál frekar en innréttingar

„Það var bara hringt í mig og mér leist svo vel á starfið að ég ákvað að slá til," segir fjölmiðlakonan Lóa Pind Aldísardóttir en hún hefur tekið við nýju starfi á Talstöðinni í fréttatengda þjóðmálaþættinum Allt og sumt. „Ég tek við af Helgu Völu Helgadóttur en hún ætlar að setjast á skólabekk í Háskólanum í Reykjavík. Leikkonan er nú að fara að læra lögfræði," segir Lóa en hún á tíu ára reynslu af frétta- og blaðamennsku að baki. Lóa hefur verið í fæðingarorlofi síðastliðið ár en áður en hún fór í orlof gegndi hún starfi ritstjóra tímaritsins Hús og hýbýli í þrjú ár. „Ég var búin með minn tíma í þeim geira og er mjög ánægð að vera að fara að takast á við nýja hluti," segir Lóa en hún stýrir þættinum í samstarfi við Hallgrím Thorsteinsson og Helga Seljan. „Ég verð líka að viðurkenna að ég hef meiri áhuga á þjóðmálunum en sófum og eldhúsinnréttingum."

Lóa hóf störf á Talstöðinni á mánudaginn. „Ég hef ekki tekið þátt í umræðum í beinni útvarpsútsendingu áður og þarf að venjast því að geta brugðist skjótt við," en útvarpsmiðillinn er fyrrum ritstýrunni þó ekki algjörlega framandi. „Ég vann einu sinni í hálft ár sem fréttamaður á Rás 1. Þar var maður stundum í beinni en alltaf með texta á blaði fyrir framan sig sem maður var búinn að undirbúa vel. Það verður því ný reynsla að vera með þriggja tíma þátt sem byggist bæði á pistlum og svo viðtölum og umræðum þar sem allt getur gerst. ■

LÓA PIND ALDÍSARDÓTTIR
Fyrrverandi ritstýra Húsa og Hýbýla tekur nú við af Helgu Völu Helgadóttur í Allt og Sumt á Talstöðinni.

TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

0% VEXTIR
Dagana 18-21 ágúst!

Allar tölvur vaxtalaust. Þú velur dreifingu á 3-18 mánuði. Tilboð gilda afmælisdagana 18-21 ágúst

2 MÁN FRÍTT
Dagana 18-21 ágúst!

*Frí 2ja mánaða ADSL áskrift hjá Hive, ótakmarkað niðurhal, allt að 12Mb hraði og þráðlaus router. Gildir 18-21 ágúst

Hive

2 Dagar eftir!

2 Dagar eftir af afmælisveislunni. Frábær afmælistilboð á ferða- og heimilistölvum og allt vaxtalaust. Ís, kökur og gos í boði eins lengi og birgðir endast. Og ekki gleyma **ALLAR TÖLVUR VAXTALAUST**

Lurkur

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

emmessís

Coca-Cola

Ískalt og friskandi gos í boði Vífilfells

*Hive tilboð miðast við að gerður sé 12 mánaða samningur á greiðslukort eða með greiðsluseðli

OPNUNARTÍMAR

20. ágúst	10-18
21. ágúst	13-17

Tilboð á þessari síðu gilda eingöngu við kaup á nýrri tölvu dagana 18-21 ágúst

MasterCard VISA

Vaxtalaus afmælistilboð eru miðuð við mánaðalegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3,5% stimpil og lántökugjald bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann

TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

Siglt undan oki siðmenningar með Ísmanninum

Sendinefnd á vegum skákfélagsins Hróksins sló upp skákveislu í Tasiilaq á austurströnd Grænlands í síðustu viku. ***Þórarinn Þórarinsson*** slóst með í för og fylgdist með Ísmanninum **Sigurði Péturssyni** breyta siðprúðum menningarvitum í villidýr.

ÍSMAÐURINN ÓGURLEGI Hefur stutt skáklandnám Hróksins á Grænlandi með ráðum og dáð og er mikilvægur liðsmaður félagsins. Hann er formaður skákfélagsins í heimabæ sínum Kuummiit og hefur tröllatrú á að skákvakningin muni hafa jákvæð áhrif á líf heimamanna.

Ísmaðurinn Sigurður Pétursson var sendinefnd Hróksins á Grænlandi ómetanleg hjálparhella og hann er orðinn einn mikilvægasti tengiliður skákfélagsins við Grænlendingana. Þar fyrir utan hafði Ísmaðurinn ofan af fyrir Hrókslíðinu með krassandi sögum af ævintýrum sínum auk þess sem hann reyndi að gera veiðimenn úr nokkrum landkröbbum þegar þeir stóðu upp frá skákborðunum.

Hann fór með danska stórmeistarann og skólastjóra Hróksins, Henrik Danielsen, og Namibíumeistarann Otto Nakapunda í ferð frá Tasiilaq til Kuummiit. Ekki þarf að fjölyrða um hversu mikið ævintýri það var fyrir skákfélagana, ekki síst Otto, en allt sem fyrir augu hans bar á Grænlandi var framandi og nýtt.

Henrik, sem er stóískur rólyndismaður, lét undan áskorun Ísmannsins og reyndi að fella seli með byssu en hafði ekki erindi sem erfiði. Hann lét þess þó getið að þótt hann hefði snúið tómhentur heim hefði hann fundið villidýrið brjótast um innra með sér þegar hann var kominn í veiðiham með vopnið í hönd.

MYND/SÍMON BIRGISSON

HENRIK DANIELSEN Þessi ljúfi danski stórmeistari sem má ekkert aumt sjá breyttist í villidýr á siglingu sinni með Ísmanninum. Hann stóð hreyfingarlaus og beið eftir bráðinni með þolinmæði skákmannsins en felldi þó ekkert kvikt. Við taflborðið segir Danielsen að allt snúist þetta um pláss, tíma og aflsmuni en úti á sjá klikkaði eitthvað af þessu.

Selur felldur í einu skoti

Guðmundur T. Haraldsson leikari var öllu fengsælli í leiðangri sínum með Sigurði. „Við sáum sel á einum jakanum og hann henti bara byssunni í mig og hrópaðu „dreptu hann, dreptu hann“.“ Heppnin var með Guðmundi, sem aldrei hefur gert flugu mein, og honum tókst að fella selinn í sínu fyrsta skoti. „Þá tók við mikill hamagangur þegar við lönduðum honum en það mátti litlu muna að við misstum hann í sjóinn. Siggi skar hann svo upp, fláði og gerði að honum á staðnum og lét mig taka bita úr hrárri lifrinni að veiðimanna sið.“

Guðmundur segist hafa hikað augnablik en svo hlýtt Ísmanninum og tekið vænan bita af blóðugri lifrinni, sem var enn ylvolg. Hann matreiddi svo það sem eftir var af selnum sjálfur um kvöldið og bar hann á borð fyrir félaga sína á hrísgrjónabeði. Sigurður sjálfur gefur ekki mikið fyrir svoleiðis tildur og segir best að henda kjötinu í pott og sjóða það upp úr sjó. Það spilli þó ekki fyrir ef maður geti kryddað kjötið með smá aromati.

Ber beinin á jakanum

„Ég er búinn að vera hérna í átta ár,“ segir Sigurður, sem var á sínum tíma fengsæll skipstjóri á Vestfjörðum. „Það kom nú eiginlega ekkert til. Ég fór hingað sem túristi og ílentist.“

Sigurður mun hafa orðið fyrir vitrun þegar hann kom til Qaqortoq á suðurströndinni og þar hét hann ferðafélögum sínum því að hann myndi setjast að á Grænlandi. „Þetta er ekkert svipað Íslandi og er langtum betra en allt sem við þekkjum þar,“ segir Ísmaðurinn, sem dvaldi einn vetur á Suður-Grænlandi áður en hann sigldi upp á austurströndina og settist að í Kuummiit, þar sem hann býr núna.

Sigurður segist ekki geta hugsað sér að flytja aftur til Íslands enda sé ekkert þangað að sækja. „Ég drepst hér fyrir rest og reikna frekar með að það verði á einhverjum ísjakanum. Annars veit ég ekkert um það en Ísland býður ekki upp á neitt nema stress. Þar eru allir alltaf að fara eitthvert eða koma einhvers staðar frá án þess að maður sjái beinlínis tilganginn. Bílaumferðin er yfirþyrmandi og annar hver maður blaðrar í farsíma. Mér leiðist þetta og get ekki hugsað mér að lenda aftur í þessu ati. Því er Grænland sá kostur sem ég hef valið og þar ætla ég að vera.“

Sama um alla heimsins pressu

Ísmaðurinn var Hrókslíðinu til halds og trausts í Tasiilaq og Kuummiit en að því verkefni loknu ætlar hann að leggja upp í náhvalsveiði. En hversu mikill fengur er í þeim skepnum?

„Við seljum tennurnar og eitthvað af spikinu og svo þurrkum við kjötið, sem ég ét frekar mikið af. Þetta eru tímafrekar veiðar og maður býr oft í bátnum í mánuð eða meira.“

Sigurður er þekktur ísbjarnabani en hann segir þó náhvalinn vera miklu meiri feng auk þess sem það sé miklu skemmtilegra að veiða hann en nokkra aðra skepnu. „Það er ágætt að eiga við ísbirnina líka. Maður eltist síður við þá en ef þeir verða á vegi manns er sjálfsagt að fella þá. Það má fá ágætt verð fyrir feldinn og kjötið og svo ét ég líka töluvert af ísbjarnakjötinu.“

GUÐMUNDUR T. HARALDSSON Var ekki alveg svona þrifalegur um borð í báti Ísmannsins þar sem hann felldi sel í einu skoti og át úr honum lifrina hráa og ylvolga.

Ísmaðurinn komst í heimsfréttirnar árið 2003 eftir að Fréttablaðið greindi frá því að hann hefði drepið hákarl með berum höndum. „Það var einhver djöfulsins hákarl að reyna að éta frá mér náhval sem ég var að gera að í fjöruborðinu þannig að ég dró hann á land og drap hann í fjörunni. Þessi saga fór út um allan heim í alls konar útgáfum,“ segir Sigurður, sem hefur þó engan áhuga á að ræða afrek sín við blaðamenn. „Mér er sama um alla helvítis heimsins pressu. Það eru alltaf einhverjir fréttamenn að eltast við mann en ég hef lítið viljað tala við þá.“

Ísmaðurinn sýnir það svo með látbragði að honum er farið að leiðast þófið. „Er þetta ekki orðið gott. Getum við ekki haft þetta viðtal stutt og laggott. Þú skáldar svo bara í eyðurnar eins og þið gerið hvort eð er alltaf þessir blaðasnápar.“ ■

Chevrolet gæði, frábært verð!

Fjölskyldubíllinn Chevrolet Lacetti er einstaklega vel búinn bíll á frábæru verði. Staðalbúnaður innifelur m.a: 1,8 ltr. 122 hestafla vél, regnskynjara á framrúðu, TCS veggrips-stýringu, spólvörn, þokuljós, útvarp með 5 diska geislaspilara og kassettutæki, 8 hátalarar, rafknúnar rúðuvindur og útispeglar, leðurklætt velti- og aðdráttarstýri, hljómtækjastillir í stýrishjóli, aflstýri sem þyngist með auknum hraða, þriggja punkta bílbelti í öllum sætum og m.fl.

Allt þetta fyrir aðeins
kr. 1.699.000
beinskiptur
kr. 1.899.000 sjálfskiptur
Nýtið ykkur hagstætt gengi !

Verð aðeins kr. 1.699.000

Aukahlutir á mynd: álfelgur.

Kalos SE kr. 1.199.000,- | Lacetti Sport kr. 1.499.000,- | Lacetti cdx kr. 1.599.000,- | Lacetti cdx Station kr. 1.699.000,- | Evanda Executive kr. 2.399.000,-

Bílabúð Benna

Komdu, skoðaðu og reynsluaktu Chevrolet Lacetti.

Opið virka daga 09 - 18. Laugardaga 12 - 16.

Bílasalan Ós • Njarðarnes 1 • 603 Akureyri • Sími 462 1430

Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23 • Sími 590 2000 • www.benni.is

CHEVROLET

ENNEMM / SÍA / NM13168

ÞAKKIR TIL ÞEIRRA SEM HLÍFA ÖÐRUM VIÐ TÓBAKSREYK

HÖLDUM HEILSUNNI Á LOFTI

LÝÐHEILSUSTÖÐ
- lifið heil

Líður að Reykjavík Dance Festival

„Hátíðin hefur aldrei verði jafnstór og í ár. Við bjóðum upp á átta sviðsverk í Borgarleikhúsinu og sýnum tvö vídeódansverk á bíótíma í Regnboganum," segir dansarinn Ástrós Gunnarsdóttir en Reykjavík Dance Festival verður haldið í fjórða sinn dagana 1.-4. september.

Aðalmarkmið Reykjavík Dance Festival hefur verið frá upphafi að kynna íslenska höfunda og dansara. „Með hátíðinni viljum við koma á mótvægi við það sem er nú þegar til staðar í íslenskri dansflóru. Íslenski dansflokkurinn hefur um árabil verið mjög áberandi en við viljum skapa samkeppnisaðstöðu og sýna fram á hversu mikil gróska er í gangi hjá óháðum danshöfundum."

Ýmsar nýjungar er að finna á hátíðinni í ár. „Við bjóðum til okkar frá Bandaríkjunum ungum og mjög spennandi danshöfundi sem heitir Steinunn Ketilsdóttir. Hún er nýútskrifuð úr námi í New York og er ekkert á leiðinni að flytja heim svo það er alveg frábært að geta boðið henni að sýna verk á hátíðinni."

Meðal íslensku danshöfundanna í ár eru auk Steinunnar þau Sveinbjörg Þórhallsdóttir, Margrét Sara Guðjónsdóttur, Jóhann Freyr Björgvinsson, Ólöf Ingólfsdóttir og Nadia Banine en Reykjavík Dans Festival býður líka erlendum listamönnum að sýna á hátíðinni. „Í fyrra fengum við sænskan dansflokk en núna eru gestalistamennirnir frá Frakklandi, Portúgal og Englandi."

Ástrós segist ekki í vafa um að vaxandi áhugi sé meðal almennings á nútímadansi. „Maður þarf ekki lengur að byrja á því að útskýra hvað nútímadans er þegar maður hittir fólk. Í kjölfar þess að nú er meiri fjölbreytni og framboð af danssýningum hér heima þá kemur eftirspurnin. Þekking fólks og víðsýni er að aukast og það er ánægjulegt."

Reykjavík Dance Festival verður sett á blaðamannafundi í Borgarleikhúsinu 27. ágúst klukkan 19.00. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÁSTRÓS GUNNARSDÓTTIR Er ein af skipuleggjendum Reykjavík Dance Festival sem haldin verður í fjórða sinn í Borgarleikhúsinu 1. -4. september.

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni • www.skifan.is

[METSÖLULISTI]

AÐALLISTINN – ALLAR BÆKUR

1. **GAMLA GÓÐA KAUPMANNAHÖFN** Guðlaugur Arason
2. **MÓÐIR Í HJÁVERKUM** *KILJA* – Allison Pearson
3. **ALKEMISTINN** *KILJA* – Paulo Coelho
4. **ÆTIGARÐURINN** Hildur Hákonardóttir
5. **ENGLAR OG DJÖFLAR** *KILJA* – Dan Brown
6. **FUGLAR Í NÁTTÚRU ÍSLANDS** Guðmundur Páll Ólafsson
7. **ELLEFU MÍNÚTUR** *KILJA* – Paulo Coelho
8. **DÖNSK-ÍSL./ÍSL.-DÖNSK ORÐABÓK** Orðabókaútgáfan
9. **KORTABÓK MÁLS OG MENNINGAR** Mál og menning
10. **KLEIFARVATN** *KILJA* – Arnaldur Indriðason

BARNABÆKUR

1. **GALDRASTELPUR - SKÓLADAGBÓK 2005/2006** Vaka Helgafell
2. **GEITUNGURINN 1** Árni Árnason og Halldór Baldursson
3. **PRINSESSUR** Walt Disney
4. **GALDRASTELPUR – HLIÐIN TÓLF – 2** Vaka Helgafell
5. **ALGJÖR MILLI** Madonna
6. **ATLAS BARNANNA** Anita Ganeri og Chris Oxlade
7. **HERRA KITLI OG DREKINN** Roger Hargreaves
8. **VÍSNABÓK IÐUNNAR** Iðunn
9. **ENSKU RÓSIRNAR** Madonna
10. **BUBBI BYGGIR: HRAPPUR DREKI** Iona Treahy

Listinn er gerður út frá sölu dagana 10.08.05 – 16.08.05 í *EYMUNDSSON - MÁL OG MENNING - PENNINN*

Ágætt grunge-popp

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Lights on the Highway vakti fyrst á sér athygli þegar hún vann hljómsveitakeppnina Battle of the Bands á síðasta ári. Í framhaldinu spilaði sveitin á úrslitakvöldinu í London og hefur síðan unnið við að þróa sinn hljóm áfram.

Upphafslagið á fyrstu plötu sveitarinnar, Jameson's State, er prýðilegt rokklag, bæði grípandi og þétt, og kemur plötunni vel af stað. Flest önnur lögin á plötunni eru keimilík en ekki alveg í sama gæðaflokki. Til að mynda hljóma The Moment og Rest of Us afar svipuð.

Helst náðu Down the Alley og All For the Better að hreyfa við mér með fínu popp/rokki. Afgangurinn rann ágætlega í gegn en skildi frekar lítið eftir sig.

Lights on the Highway spilar frambærilega blöndu af grunge-popp/rokki í anda Alice in Chains með nettum skammti af hippaáhrifum. Hljóðfæraleikur og söngur er góður og flest lögin eru fyrir ofan meðallag. Eitthvað vantar aftur á móti upp á til að platan fái tvo þumla upp. Kannski tekur sveitin sig bara of alvarlega, sem hefur síðan áhrif á skemmtanagildið. Engu að síður ágætis frumburður.

Freyr Bjarnason

LIGHTS ON THE HIGHWAY: LIGHTS ON THE HIGHWAY

Niðurstaða: Eitthvað vantar aftur á móti upp á til að platan fái tvo þumla upp. Kannski tekur sveitin sig bara of alvarlega, sem hefur síðan áhrif á skemmtanagildið.

Miðasala gengur vel

Miðasala á tónleika Gospelkór Reykjavíkur í Laugardalshöll 3. september næstkomandi hefur farið fram úr björtustu vonum. Kórinn mun koma fram undir stjórn Óskars Einarssonar ásamt fjölda þekktra tónlistarmanna. Gestasöngvari á tónleikunum verður Páll Rósinkranz.

Tónleikar Gospelkórsins hafa þótt einstakir tónlistaviðburðir en þeir hafa til þessa verið haldnir í kirkjum og smærri tónleikasölum. Miðasala á tónleikana fer fram í á concert.is og í verslunum Skífunnar í Reykjavík, BT á Akureyri, Selfossi og Egilsstöðum. ■

GOSPELKÓR REYKJAVÍKUR Tónleikar Gospelkórsins þykja einstakir tónlistarviðburðir.

NÝJAR BÆKUR

Bókaforlagið Bjartur hefur gefið út skáldsöguna Dauðinn og mörgæsin eftir Andrej Kúrkov í þýðingu Áslaugar Agnarsdóttur. Bókin kemur út í neon-flokki Bjarts, sem helgaður er nýjum erlendum skáldverkum í allra fremstu röð.

Hjá Máli og menningu er komin út Íslensk-dönsk, dönsk-íslensk vasaorðabók í ritstjórn Halldóru Jónsdóttur. Ný íslensk-dönsk orðabók hefur ekki komið út í áratugi og því er mikill fengur að bókinni. Gerð fyrri hluta bókarinnar tók mið af almennu íslensku nútímamáli, jafnt talmáli sem ritmáli. Orðaforði síðari hluta bókarinnar var sniðinn eftir nýjum og uppfærðum orðagrunni frá Gyldendal í Danmörku, en uppbygging er miðuð við nýendurskoðaða Dansk-íslenska skólaorðabók sem kom út hjá Eddu fyrr á þessu ári. Í bókinni er að finna um 37.000 uppflettiorð og rúmlega 12.000 dæmi um málnotkun.

Út er komin hjá Bókaútgáfunni Sölku bókin Kyrrðin talar eftir Eckhart Tolle. Eftir Tolle hefur komið fjöldi bóka og þar á meðal er metsölubókin Mátturinn í núinu. Í Kyrrðin talar eru máttug skilaboð sett fram í tíu köflum þar sem hver kafli beinir athygli að einstöku atriði en saman mynda þeir heild sem opnar lesandanum nýja lífssýn. Bókin er 134 blaðsíður og er það Vésteinn Lúðvíksson sem hefur þýtt hana.

Hjá Máli og menningu er komin út Algjör Milli eftir Madonnu. Algjör Milli er fimmta og jafnframt síðasta bók Madonnu fyrir börn á öllum aldri. Rui Paes myndskreytir bókina. Hann er af portúgölsku bergi brotinn, fæddur í Mósambik en býr og starfar í London og Suffolk. Verk eftir hann, meðal annars veggmyndir og leikmyndir, eru í einkaeign um allan heim. Þetta er fyrsta barnabókin sem hann myndskreytir. Líkt og með fyrri bækur Madonnu rennur allur ágóði af sölu bókarinnar til Spirituality for Kids Foundation Algjör Milli er barnabók mánaðarins. Fullt verð er 2.290 kr. mánaðarbókaverð 1.590 kr.

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum
Kletthálsi 11 • Laugavegi 174 • sími 590 5040
www.bilathing.is

ÚTSÖLUSTAÐIR

KLAKKUR, Vík / **BYM**, Mosfellsbæ / **FOSSRAF**, Selfossi / **GEISLI**, Vestmannaeyjum / **HS RAF**, Eskifirði / **KH.** BLÖNDUÓSI / **KAUPF.HVAMMSTANGA** / **LÓNIÐ**, Höfn **RAFBÚÐ RÓ**, Keflavík / **RAFBÚÐIN ÁLFASKEIÐI**, Hafnarfirði / **RAFALDA**, Neskaupstað / **RAFBÆR**, Siglufirði / **ÞRISTUR**, Ísafirði / **RAFLAMPAR**, Akureyri **ÖRYGGI**, Húsavík / **RAFSJÁ**, Sauðárkróki / **KRÁKUR**, Blönduósi / **SVEINN GUÐMUNDSSON**, Egilsstöðum / **RAFLOST**, Djúpavogi

Allir í maraþon

Hið árlega Reykjavíkurmaraþon verður háð í 23. sinn í miðbænum á morgun og hafa aldrei verið fleiri útlendingar skráðir til leiks. Maraþonið hefst kl. 10.00 en upphitun fyrir skemmtiskokkið hefst kl. 10.45 og hlaupið sjálft stundarfjórðungi síðar. Í tengslum við maraþonið verður skemmtidagskrá í Lækjargötunni sem hefst kl. 11.40.

sport

sport@frettabladid.is

STEINGRÍMUR JÓHANNESSON: HEFUR SKORAÐ 80 DEILDARMÖRK Á FERLINUM, ÞAR AF 50 Í EYJUM

Freistandi að ná upp í hundrað mörk

Markahrókurinn Steingrímur Jóhannesson hefur skorað fimmtíu deildarmörk í Vestmannaeyjum en þeim áfanga náði hann á á fimmtudag þegar ÍBV vann 5-1 sigur á Grindavík. „Það kom mér á óvart hvað það var lítil barátta í Grindavíkurliðinu en við spiluðum vel og hefðu leikmenn nýtt færin hefði leikurinn farið svona 10-3. Það er mikill stígandi í okkar leik og nú þegar allir virðast heilir þá gengur þetta ansi vel," sagði Steingrímur en hann skoraði 49 af þessum mörkum í Eyjum með ÍBV en eitt fyrir Fylki gegn ÍBV. Hann hefur alls skorað 80 deildarmörk.

Sigurinn var ansi mikilvægur fyrir Eyjamenn sem komust úr fallsæti. „Það er meira fjör þarna í botnbaráttunni en á toppi deildarinnar þar sem mótið er nánast ónýtt! Ég man þegar ég var að byrja með meistaraflokki að þá fengum við utanlandsferðir fyrir að bjarga okkur frá falli en svo urðum við meistarar 1997 og fengum ekkert. Það er meira í húfi á botninum," sagði Steingrímur sem er orðinn 32 ára og hefur ekki getað spilað af fullum krafti undanfarin ár vegna meiðsla.

„Það hefur verið mjög þreytandi að geta ekki spilað. Fyrst maður er kominn með 80 mörk þá er freistandi að reyna að ná upp í 100 en það verður sífellt erfiðara eftir því sem aldurinn færist yfir mann og maður missir svona mikið úr. Maður hefur verið að íhuga hvort það sé ekki að koma tími til að fara að segja þetta gott."

Steingrímur segist ekki vera neitt stressaður þótt lið hans sé í harðri botnbaráttu. „Sumum finnst ég vera full rólegur en ég er ekkert að stressa mig. Það mikill kostur fyrir okkur að leika þessa sex stiga leiki á heimavelli og næsti leikur verður gegn Þrótti á sunnudag sem er ekki síður mikilvægur leikur. Okkar heimavöllur er án nokkurs vafa besti völlur landsins og það er frábært að spila þar," sagði Steingrímur.

> Við gleðjumst ...

... með Gretu Mjöll Samúelsdóttur, framherja Breiðabliks í Landsbankadeild kvenna í knattspyrnu, sem valin hefur verið í íslenska landsliðið sem mætir Hvít-Rússum á sunnudag, í stað Katrínar Jónsdóttur sem á við meiðsli að stríða. Gréta Mjöll hefur verið aðaldriffjöðurin í sóknarleik Blika í sumar og er verðlaunuð með landsliðssæti.

> Við hlökkum ...

.... til að fylgjast með íslensku leikmönnunum í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta í vetur, sem virðast vera í mjög góðu formi af undirbúningstímabilinu að dæma. Í gær skoraði Einar Hólmgeirsson átta mörk í æfingaleik með Grosswalstad.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

17 18 19 20 21 22 23

Sunnudagur

LEIKIR

☐ 16.00 **Breiðablik** mætir **KS** á Kópavogsvelli í 1.deild karla.

SJÓNVARP

☐ 10.50 **Formúla 1** á RÚV.

☐ 11.00 **Upphitun** á Enska boltanum. Spáð í spilin í umferð helgarinnar.

☐ 11.20 **Skoski fótboltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Glasgow Rangers** og **Glasgow Celtic**.

☐ 11.30 **Man. Utd–Aston Villa** á Enska boltanum. Bein útsending.

☐ 12.10 **Gullmót í frjálsum íþróttum** á RÚV.

☐ 13.20 **Strandblak** á Sýn.

☐ 13.30 **Á vellinum með Snorra Má** á Enska boltanum.

☐ 13.45 **Liverpool–Sunderland** á Enska boltanum. Bein útsending. Á öðrum rásum eru eftirtaldir leikir sýndir: Blackburn–Fulham, Charlton–Wigan, Newcastle–West Ham og Tottenham–Middlesbrough.

☐ 14.10 **Götufótbolti** á Sýn.

☐ 14.20 **PGA mótaröðin í golfi** á Sýn.

☐ 14.45 **Mótorsport 2005** á Sýn.

☐ 15.15 **Motorworld** á Sýn.

☐ 15.45 **World Supercross** á Sýn.

☐ 16.00 **Birmingham–Man. City** á Enska boltanum. Bein útsending.

☐ 17.10 **Golf Greatest Round** á Sýn.

☐ 18.00 **Skoski fótboltinn** á Sýn. Útsending frá leik **Rangers** og **Celtic**.

☐ 19.50 **Supercopa** á Sýn. Útsending frá síðari leik **Barcelona** og **Real Betis**.

☐ 22.00 **Hnefaleikar** á Sýn.

☐ 00.00 **Hnefaleikar** á Sýn.

Naumt tap gegn Spáni

Íslendingar biðu lægri hlut, 32–31, fyrir Spáni á HM U-21 árs liða í handbolta. Ísland verður að sigra Þýskaland í dag til að eiga möguleika á að vinna mótið.

HANDBOLTI Piltalandslið Íslands í handknattleik tapaði með eins marks mun, 32-31, fyrir Spáni á heimsmeistaramótinu í Ungverjalandi. Íslendingar byrjuðu leikinn vel en náðu ekki fylgja því eftir og náðu Spánverjar fljótlega öruggri forystu. Um miðbik hálfleiksins var staðan 15-8 Spáni í vil en Íslenska liðinu tókst að laga stöðuna áður en flautað var til hálfleiks og minnkaði muninn í fimm mörk, 17-12.

Leikmenn íslenska liðsins komu ákveðnir til leiks í seinni hálfleik og minnkuðu muninn fljótlega í þrjú mörk, 20-17. Spánverjar héldu svo þriggja marka forskoti fram á lokamínúturnar þegar íslenska liðinu tókst með mikilli baráttu að minnka muninn í eitt mark þegar aðeins ein mínúta var eftir. Spánverjar fóru í sókn og náðu að skora úr vítakasti. Íslendingar náðu að skora í næstu sókn en tíminn var of skammur og því voru það Spánverjar sem hrósuðu sigri.

Línumaðurinn Kári Kristjánsson, sem nýlega gekk til liðs við Hauka frá ÍBV, átti stórleik og skoraði ellefu mörk úr ellefu skottilraunum. Ásgeir Örn Hallgrímsson kom næstur með sjö mörk og Árni Sigtryggsson skoraði sex.

Íslenska liðið mætir því þýska í dag og hreinlega verður að vinna til að eiga einhvern möguleika á verðlaunasæti. Fari svo að íslenska liðið tapi fer það stigalaust í milliriðilinn, en það gerir möguleikana nánast að engu.

- mh

KÁRI KRISTJÁNSSON Kári átti stórleik í gær og var markahæsti leikmaður íslenska liðsins með ellefu mörk úr ellefu marktilraunum.

MÖRK ÍSLANDS

Kári Kristjánsson	11 (11 skot)
Ásgeir Örn Hallgrímsson	**7 (15)**
Árni Sigtryggsson	6 (11)
Arnór Atlason	**4 (5)**
Ragnar Njálsson	1 (2)
Daníel Berg Grétarsson	**1 (1)**
Árni Þórarinsson	1 (1)

VARIN SKOT

Björgvin Gústavsson	8 (af 34 skotum)
Davíð Svansson	**5 (af 11)**

Stúdínur eru búnar að missa fyrirliða sinn í kvennakörfunni:

Alda Leif til hollensku meistaranna

KÖRFUBOLTI Alda Leif Jónsdóttir, fyrirliði ÍS í 1. deild kvenna í körfubolta og fimmta leikjahæsta landsliðskona Íslands frá upphafi, mun spila með hollenska liðinu Den Helder í hollensku úrvalsdeildinni næsta vetur.

Den Helder vann meistaratitilinn annað árið í röð á síðasta keppnistímabili og hefur orðið meistari alls ellefu sinnum frá árinu 1985. Með liðinu leika nú meðal annars tvær af efnilegustu körfuknattleikskonum Hollands, 186 sm framherjinn Leonie Kooij og 188 sm miðherjinn Naomi Halman en þær eru báðar aðeins 19 ára. Den Helder-liðið er þekkt fyrir frábært uppbyggingarstarf og þar hafa margar af fremstu körfuboltakonum landsins stigið sín fyrstu spor en þjálfari liðsins er jafnframt þjálfari unglingalandsliða Hollands.

Alda Leif sem er 26 ára gömul var valin í lið ársins í sjöunda sinn síðasta vetur, leiddi deildina í vítanýtingu (88,8%) og var með 15,6 stig og 5,7 stoðsendingar að meðaltali í leik.

Þetta er mikill missir fyrir ÍS en liðið hefur nú misst báða leikstjórnendur sína frá því í fyrra, því á dögunum gekk Erna Rún Magnúsdóttir til liðs við Grindavík á nýjan leik. Ívar Ásgrímsson hefur tekið við þjálfun liðsins á ný eftir árs fjarveru.

Alda Leif og kærasti hennar Sigurður Þorvaldsson verða því bæði á fullu í hollenska körfuboltanum næsta vetur því Sigurður mun spila með Woon!Aris Leeuwarden ásamt Hlyni Bæringssyni en sá bær er í klukkutíma fjarlægð frá Den Helder.

Þetta er í annað sinn sem Alda Leif reynir fyrir sér erlendis en hún lék við góðan orðstír hjá danska liðinu Holbæk veturinn 2000-01.



Þjálfaranámskeið ÍSÍ

Almennur hluti 1 - Fjarnám

www.isisport.is

Þjálfaranámskeið ÍSÍ

ÍSÍ býður upp á þjálfaranámskeið í gegnum fjarnám. Námskeiðið innheldur námsefni þeirra þriggja námskeiða sem ÍSÍ hefur boðið uppá á 1. stigi. Námskeiðið er jafngilt ÍÞF102 áfanga framhaldsskólanna og kennt verður í gegnum Menntagátt Menntamálaráðuneytisins.
Námskeiðið er ígildi 60 kennslustunda og er byggt upp með verkefnum og umræðum auk þess sem farið er í glærusýningar. Námsbækur eru þær sömu og á hefðbundnum þjálfaranámskeiðum ÍSÍ.
Að auki gefst þátttakendum færi á að skoða verklega þætti á geisladiski sem fylgir námskeiðinu.

Verð á námskeiðið er **kr. 20.000,-** en þeir aðilar sem lokið hafa hluta námsins í gegnum önnur námskeið ÍSÍ eða hafa sambærilegt nám að baki gefst kostur á sækja þetta námskeið á lægra verði.
Skráningar þurfa að berast á netfangið **namskeid@isisport.is** eða í síma **514-4000** fyrir mánudaginn 5. september. Kennsla hefst mánudaginn 12. september.

Frekari upplýsingar má finna á
www.isisport.is

Þjálfaramenntun íþróttahreyfingarinnar fæst metin til eininga í framhaldsskólum samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla.

BORÐSTOFUSETT

AFSLÁTTUR 60%

DECO BORÐ (180X90)
OG 6 STÓLAR
M/LAUSU ÁKLÆÐI
59.600 KR.
ÁÐUR 149.000 KR.

ZAMBIA

AFSLÁTTUR 30%

BASTSÓFAR OG STÓLL

3JA SÆTA	62.300 KR.	ÁÐUR 89.000 KR.
2JA SÆTA	55.300 KR.	ÁÐUR 79.000 KR.
STÓLL	34.300 KR.	ÁÐUR 49.000 KR.
BASTKISTA	16.800 KR.	ÁÐUR 24.000 KR.

20% AFSLÁTTUR

NÝJAR VÖRUR!
KIDDO BARNAHÚSGÖGN

FIRENZE

AFSLÁTTUR 40%

LEÐURSÓFAR OG STÓLL

4RA SÆTA	79.800 KR.	ÁÐUR 133.000 KR.
3JA SÆTA	69.600 KR.	ÁÐUR 116.000 KR.
STÓLL	39.000 KR.	ÁÐUR 65.000 KR.

BORÐSTOFUSETT

AFSLÁTTUR 40%

TOSCA-BORÐ OG
6 PORTOBELLO-LEÐURSTÓLAR
83.8800 KR.
ÁÐUR 139.800 KR.

ÚTSALA! ÚTSALA!

10-70% AFSLÁTTUR

FABRIKAN

TEKK COMPANY

OPIÐ LAUGARDAG 10-18 OG SUNNUDAG 13-18

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435

na na thai
Thai Restaurant & Store

ÓDÝRT FERSKT GRÆNMETI OG ÁVEXTIR FRÁ TÆLANDI!

Kynningarverð á Thai Heritage sósum.

Langar þig til að elda tælenskan mat?
Hafðu samband!

Allt sem þarf til að búa til tælenskan mat.

Nana-thai thailenskur veitinga- og matvörustaður

STUÐ MILLI STRÍÐA : Er Íslandsvinurinn að deyja út?

FREYR BJARNASON VELTIR FYRIR SÉR HUGTAKINU ÍSLANDSVINUR.

MYND: HELGI SIGURÐSSON

Hugtakið Íslandsvinur hefur lengi verið notað yfir þær erlendu stjörnur eða hljómsveitir sem ákveða að sækja okkar litla land heim. Þetta er ótrúlega fyndið og sætt hugtak sem felur í sér þá merkingu að sá sem kemur hingað sé einn af fáum þekktum persónum sem nenni á annað borð að heiðra okkur með nærveru sinni.

Þannig fylgir ákveðin minnimáttarkennd hugtakinu. Stjarnan er vinur okkar fyrir það eitt að koma hingað í heimsókn og þegar hún er tekin í viðtal er fyrsta spurningin oftast: „How do you like Iceland?“ Við viljum fá staðfestingu á að það við séum sko ekkert lítil og aumingjaleg þrátt fyrir að vera fámenn og úr alfaraleið. Hvaðan er þá betra að þessa staðfestingu en frá hinum nýja og fræga Íslandsvini?

Undanfarin ár hefur hver stjarnan og hver hljómsveitin á fætur annarri sótt landið heim og fyrir blaðamenn verður það sífellt erfiðara að nota orðið Íslandsvinur við ritun fréttar. Því til frekari sönnunar skuluð þið lesa þessa litlu grein: „Íslandsvinurinn Cameron Diaz hefur tekið að sér hlutverk í nýrri kvikmynd sem er leikstýrt af Íslandsvininum Clint Eastwood. Með önnur hlutverk fara Íslandsvinirnir Rob Schneider, Ryan Phillippe, Forest Whitaker og Julia Stiles. Íslandsvinirnir í Foo Fighters sömdu tónlistina við myndina ásamt félögum sínum, Íslandsvinunum í Queens of the Stone Age. Íslandsvinurinn Alice Cooper leikur sjálfan sig í myndinni auk þess sem Íslandsvinurinn Eric Clapton kemur óvænt við sögu í hlutverki laxveiðimanns.“

Þarna hafið þið það. Íslandsvinur er dautt hugtak. Við erum orðin stór hluti af alþjóðasamfélaginu og afar eftirsóknarvert land til að heimsækja. Við erum smá en kná og stjörnurnar bíða í röðum eftir því að komast hingað. Ég held nefnilega að við séum orðin meiri vinir þeirra en þær okkar. ■

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

PÚ OG PA

Eftir SÖB

KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell

BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott

SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

9	5	6	8	4	2	7	1	3
3	2	4	1	6	7	9	5	8
8	7	1	9	5	3	4	2	6
6	4	3	7	9	5	1	8	2
5	8	9	4	2	1	6	3	7
7	1	2	3	8	6	5	9	4
2	9	5	6	7	8	3	4	1
4	3	7	2	1	9	8	6	5
1	6	8	5	3	4	2	7	9

	7			1	5	9		
6			4		2	7		
9		4					8	2
	2			8	4	6	5	
		3				4		
	8	9	5	3			1	
2	3					8		5
		1	6		7			9
		5	3	2			4	

su|do|ku
© Puzzles by Pappocom

Morðóðar geimverur í góðu stuði

[TÖLVULEIKIR]

UMFJÖLLUN

Destroy All Humans gerist á jörðinni á fimmta áratugnum þegar kommúnisminn var aðalógnin. Geimverur frá plánetunni Furon hafa gert innrás til að safna DNA úr jarðarbúum til að viðhalda lífi í sínu kyni þar sem allir frá Furon eru klónaðir. Aðal persónurnar eru tvær, annars vegar Crypto sem sér um innrásina og Pox sem er heilinn á bak við innrásina. Þú spilar sem sagt sem geimveran sem er ansi skapill og vill koma jarðarbúum fyrir kattarnef sem fyrst.

Heimurinn er ágætlega stór með mörgum borðum stútfullum af mannfólki til að tæta í sig. Það er mikill húmor í leiknum og eru B-myndir frá þessu tímabili óspart notaðar til að skapa skemmtilegan heim. Andstæðingar Crypto eru lögreglan, herinn og Majestic sem er leynideild Bandaríkjastjórnar sem flestir þekkja sem menn í svörtum fötum (MIB). Ásamt þessum rekst Crypto á bændur með haglabyssur undir hendinni en þeir eru ekki mikil ógn við innrásina.

Spilun

Leikurinn er tvískiptur í spilun, annarsvegar er Crypto fótgangandi með „jetpack“ á bakinu eða í geimskipinu sínu. Á jörðinni getur Crypto breytt sér í hvaða jarðarbúa sem er til að dulbúast og nýtist það vel þegar hann er í njósnaleiðöngrum. Crypto býr yfir frábærum hæfileikum eins og að geta lyft fólki og farartækjum með hugarorkunni, hann getur lesið hugsanir og gefið fólki skipanir. Crypto þarf að safna saman DNA úr mannfólki og getur nýtt uppsafnað DNA til að uppfæra hæfileika sína og einnig geimskipið. Verkefnin í leiknum eru margvísleg sem heldur spilaranum við efnið.

Grafík og hljóð

Útlit leiksins er ágætlega hannað þó svo að smáatriðin vanti og grafíkin hefði orðið betri ef framleiðandinn hefði fínpússað hana. Hljóðsetning er til fyrirmyndar og tónlistin skapar frábæra vísindaskáldskaparstemmingu með hæfilegri þeramínnotkun.

Franz Gunnarsson

Vélbúnaður: Playstation 2
Framleiðandi: Pandemic Studios
http://www.destroyallhumansgame.com

DESTROY ALL HUMANS

NIÐURSTAÐA: Það dregur úr endingu leikjarins að það vantar fjöldaspilun en góður söguþráður vegur upp á móti ásamt miklu skemmtanagildi sem setur leikinn í sérflokk.



GOD OF WAR Þessi magnaði bardagaleikur er að gera allt vitlaust á PlayStation. Grafíkin þykir mögnuð og djöfulgangurinn í bardögum Stríðsguðsins við alls koanr óféti og andskota er slíkur að leikurinn er fyrst og fremst ætlaður þeim eldri og reyndari.

FOOTBALL MANAGER Nýi leikurinn er væntanlegur 4. nóvember.

Nýjungar í Football Manager

Þónokkrar nýjungar verða í tölvuleiknum Football Manager 2006 sem verður gefinn út þann 4. nóvember næstkomandi fyrir PC og Mac-tölvurnar.

Lýsingar á leikjunum hafa verið teknar í gegn. Nýjum setningum hefur verið bætt inn í lýsingarnar til að bæta stemninguna og til að draga fram fleiri smáatriði. Einnig verða ítarlegri upplýsingar um form leikmanna og hversu vel þeir hafa staðið sig í leikjum, sett fram á nýjum og einföldum skjámyndum.

Að auki geta knattspyrnustjórar óskað af hliðarlínunni til að gera breytingar á leik liðsins án þess að þurfa að stoppa leikinn. Þeir geta einnig lesið yfir leikmönnum sínum í hálfleik og látið þá vita eftir leik hvaða álit þeir hafa á spilamennsku þeirra.

Ray Houghton, fyrrum leikmaður Liverpool og írska landsliðsins, var jafnframt fenginn til að greina hvert atriði vélarinnar sem keyrir leikina áfram, til að leikmenn líti eins raunverulega út og hægt er. ■

Talstöðin
FM 90,9

Thor aðstoðaði Tarkovskí

Á Kirkjulistahátíð 2005 sem hefst í dag, og stendur til 28. ágúst, verður haldið málþing um rússneska kvikmyndagerðarmanninn Andrei Tarkovskí. Thor Vilhjálmsson aðstoðaði Tarkovskí í baráttunni við Sovétvaldið um miðjan níunda áratuginn.

Málþing um rússneska kvikmyndagerðarmanninn Andrei Tarkovskí verður í næstu viku á Kirkjulistahátíð 2005. Á þriðjudagskvöld verða tvær af myndum Tarkovskís, Æska Ívans og Fórnin, sýndar í Bæjarbíói í Hafnarfirði og á miðvikudag verður haldið málþing í Hallgrímskirkju um listamanninn.

Thor Vilhjálmsson rithöfundur er einn þeirra sem taka til máls á þinginu en tengsl hans og Tarkovskís ná meira en tuttugu ár aftur í tímann því Thor aðstoðaði Tarkovskí og eiginkonu hans Larissu við að fá son þeirra til sín frá Sovétríkjunum en yfirvöld þar í landi vildu ekki leyfa honum að fara úr landi.

ANDREI TARKOVSKÍ Málþing verður haldið um listamanninn næstkomandi miðvikudag á vegum Kirkjulistahátíðar 2005. Tarkovskí átti í útistöðum við ráðamenn í Moskvu þegar Sovétríkin voru og hétu og gekk erfiðlega að fá leyfi til að fá son sinn sendan þaðan.

„Tarkovskí og kona hans Larissa voru á flækingi um hin ýmsu lönd á þessum árum, voru hálfgerðir útlagar. Þau áttu í miklum erfiðleikum með að fá son sinn til sín frá Sovétríkjunum þar sem hann bjó hjá Babúsku ömmu sem var orðin nokkuð gömul. Þau skildu ekki af hverju þau máttu ekki fá drenginn til sín. Þegar ég heyrði af þessu var ég svo snortinn að ég hringdi í nokkra vini mína og við stofnuðum sérstaka Tarkovskí-nefnd og beittum við okkur í því að þau fengju drenginn til sín," segir Thor og bætir því við að í kjölfarið hafi þeir komist yfir allar myndir Tarkovskís og hafið sýningar á þeim á Íslandi. Starfsmaður sovéska sendiráðsins hringdi í Thor eftir þetta og vildi stöðva sýningar á myndum Tarkovskís hér á landi en allt kom fyrir ekki.

„Ég hafði samband við Halldór Laxness og bað hann að skrifa Gorbatsjov, æðsta ráðamanni Sovétríkjanna, bréf til að styðja það að drengurinn fengi að fara frá Rússlandi, það var ákaflega fallegt bréf. Svo talaði ég við Olaf Palme, forsætisráðherra Svíþjóðar, og veitti hann okkur stuðning sinn. Eftir þetta stofnaði ég Tarkovskí-nefnd í Svíþjóð sem beitti sér í málinu og einnig talaði ég við nokkra aðila á Ítalíu og þeir þrýstu á sovésk stjórnvöld," segir Thor. Að sögn Thors var Ísland eini staðurinn í heiminum á þessum tíma, 1985, þar sem hægt var að sjá allar myndir Tarkovskís.

„Við fórum þrír í sendiráð Sovétríkjanna á Íslandi til að þrýsta á þá. Sendiherrann talaði hins vegar mest um hversu ástandið í Sovétríkjunum væri nú gott, að matarverð væri þar lágt, hann ætti ágæta íbúð í Moskvu, að rafmagnsverð væri sérlega lágt og eitthvað slíkt. Hann sagði að í Rússlandi væru til 100 kvikmyndagerðarmenn eins og Tarkovskí og hann skildi ekki af hverju við værum að standa í þessu. Við sögðum hins vegar við hann að það væri bara til einn Tarkovskí í heiminum og að allur heimurinn þyrfti á slíku skáldi að halda og að okkur langaði að vita hvort bréf Laxness hefði ekki örugglega komist til Gorbatsjovs," segir Thor og bætir því við að á endanum hafi drengur Tarkovskís svo fengið að koma til þeirra hjóna.

THOR VILHJÁLMSSON Var einn þeirra sem veittu Andrei Tarkovskí lið í að fá son Tarkovskís frá Sovétríkjunum eftir að kvikmyndagerðarmaðurinn hafði hrökklast þaðan á fyrri hluta níunda áratugarins.

„Þessar myndir hans Tarkovskís gefa manni ævinlega svo mikið því þær eru svo fallegar og ég get horft á þær aftur og aftur og því er maður svo glaður að vita af svona framtaki eins og hjá stjórnendum Kirkjulistahátíðar," segir Thor. ■

www.toyota.is

Kraftmiklir félagar fyrir góðar stundir

Mercedes Benz C 240 W 203
F. skráð. 08/04, ek. 3000.km
Vél: 2600cc, sjsk., 4x4
Litur: Svartur
Verð: 5.690.000
Tilboðsverð: 4.690.000 kr.

Toyota Rav4 4wd
F. skráð. 09.2004, ekinn 15.000 km
Vél: 2000cc 5 g
Litur: Svartur
Verð: 2.590.000 kr.

Toyota Corolla W/G
F. skráð. 10.2003, ekinn 40.000 km
Vél: 1600cc, sjsk.
Litur: Silfur
Verð: 1.720.000 kr.

Mercedes Benz E 320 S/D 4
F. skráð. 12/2000, ekinn 73.000 km
Vél: 3200cc, sjsk., 4x4
Litur: Grár
Verð: 3.700.000 kr.
Tilboðsverð: 3.350.000 kr.

Toyota Hilux D/C SR5 Diesel
F. skráð. 05/2005, ekinn 5.000 km
Vél: 2500cc 5 g
Aukab: 35" breyting, pallhús, heitklæðning í pall
Litur: Gyltur
Verð: 3.390.000 kr.

Volvo S 70 S/D
F. skráð. 12/1998, ekinn 84.000 km
Vél: 2500cc, sjsk.
Litur: Grár
Verð: 1.290.000 kr.

Toyota Land Cruiser 100 bensín
F. skráð. 08/2000, ekinn 85.000 km
Vél: 4700cc, sjsk., 4x4
Litur: Svartur
Verð: 3.690.000 kr.
Tilboðsverð: 3.390.000 kr.

Toyota Land Cruiser 90 VX Bensín
F. skráð. 06/2002, ekinn 94.000 km
Vél: 3400cc, sjsk.
Litur: Grár
Verð: 3.150.000 kr.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

Áhyggjulaus og örugg bílaviðskipti - strangt skoðunarferli, 14 daga skiptiréttur, ókeypis skoðun eftir 1000 km, allt að 1 árs ábyrgð.
Skoðaðu úrvalið á Nýbýlavegi 4, á www.toyota.is eða hringdu í 570 5070.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 29109 08/2005

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

17 18 19 **20** 21 22 23

Laugardagur

TÓNLEIKAR

16.00 **Setning Kirkjulistahátíðar** í **Hallgrímskirkju**. Flytjendur eru meðal annarra **Mótettukór Hallgrímskirkju**, **Alþjóðlega barokksveitin í Den Haag** og **David Sanger** orgelleikari. Í framhaldi verður myndlistarsýning Kirkjulistahátíðar opnuð, **Salt jarðar og ljós heimsins** borgarlistamaður 2005 **Rúrí** sýnir í forkirkju og kirkjuskipi.

16.00 Á elleftu tónleikum sumartónleikaraðar veitingahússins **Jómfrúarinnar** við Lækjargötu, kemur fram gítarleikarinn **Andrés Þór Gunnlaugsson** og hljómsveit hans; **Hummus**. Auk Andrésar eru í hljómsveitinni þeir Sigurður Flosason á saxófón, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson á kontrabassa og Scott McLemore á trommur. Tónleikarnir standa til kl. 18.

23.00 **Geirmundur Valtýsson** og hljómsveit mætir til höfuðborgarinnar í öllu sínu veldi og skemmtir gestum **Kringlukráarinnar**.

OPNANIR

16.00 Myndlistarmennirnir **Carl Boutard** og **Dodda Maggý** opna hvor sína einkasýninguna í **Skaftfelli-Menningarmiðstöð** á Seyðisfirði.

16.00 **Hulda Stefánsdóttir** opnar sýninguna **Yfirlýstir staðir** og **Kristín Reynisdóttir** opnar sýningu á innsetningunni **Yfirborð** í **Listasafni ASÍ**. Sýningarnar standa til 11. september. Listasafn ASÍ er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 13.00 til 17.00 Aðgangur er ókeypis.

MENNINGARNÓTT

11.00 Borgarstjórinn í Reykjavík, **Steinunn Valdís Óskarsdóttir**, setur **Menningarnótt** í miðborginni.

11.40 Skemmtidagskrá hefst í **Lækjargötunni**. Hljómsveitin **Í svörtum fötum** hvetur maraþonhlaupara og skemmtir stuðningsmönnum í Lækjargötu. Einnig skemmta í **Karlakórinn Fóstbræður**, **Götuleikhúsið** - eldgleypar og **Georg og Masi** í verða í góðum gír.

14.00 **Kaupmannahöfn á Menningarnótt**. Setning dagskrár frá Kaupmannahöfn á Menningarnótt 2005 í **Ráðhúsi Reykjavíkur**. Við tekur fjölbreytt dagskrá frá Kaupmannahöfn allan daginn.

14.30 **Hrafnagaldur Óðins**, **Snjáfjallavísur** og annar kveðskapur fluttur af **Steindóri Andersen** kvæðamanni og **Hilmari Erni Hilmarssyni** tónskáldi í **Þjóðminjasafni Íslands**. Aftur kl. 16:30.

15.00 **Hiphop-tónleikar** í **Bílastæðaporti**. Fram koma margar af ferskustu og efnilegustu Hiphop-hljómsveitum landsins og flytja nokkur lög. Eftir tónleikana verður opinn hljóðnemi. Sjá nánari dagskrá á www.hiphop.is.

18.00 **Tónlistarveisla í Tjarnarbíói**. Fram koma margar hljómsveitir sem skipaðar eru fólki í yngri kantinum. Meðal annars **Mammút**, **Hermigerfill** og **Llama**.

20.00 **Reykjavík, Ríó!**. **Alþjóðahúsið** blæs til karnivals í miðbænum á Menningarnótt. Fylkt verður liði í litskrúðugri göngu niður Hverfisgötuna en tilgangur göngunnar er að fanga fjölbreytileika mannlífsins í Reykjavík. **Frá Hlemmi**.

20.45 **Stórtónleikar Rásar 2 og Rauða krossins** í samstarfi við Íslandsbanka á **Miðbakka Reykjavíkurhafnar**. Fram koma meðal annars **Todmobile**, **Hjálmar** og **Í svörtum fötum**.

23.00 **Glæsileg flugeldasýning** í boði Orkuveitu Reykjavíkur.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Jöklumyndir Ólafs Elíassonar

Í dag klukkan fjögur verður opnuð sýning á Jöklumyndum Ólafs Elíassonar á Eiðum. Myndirnar á sýningunni eru 48 litljósmyndir teknar úr lofti. Ljósmyndirnar sýna Jökulsá á Dal frá upptökum framhjá Kárahnjúkum og niður í byggð en myndirnar hafa áður verið til sýningar hér á landi sem hluti af Listahátíð í Reykjavík. Í tengslum við listahátíðina birtust Jöklumyndir Ólafs Elíassonar í fylgiblaði Morgunblaðsins í vor og á sýningu í 101 Gallerí.

Ólafur Elíasson er starfandi og búsettur í Berlín um þessar mundir. Frægastur er hann fyrir gervisólina sem var til sýnis í listasafninu Tate Modern í Lundúnum. Verk hans eru gjarnan stórar innsetningar þar sem áhorfandinn er á einhvern hátt þátttakandi í verkinu. Auk stórra innsetninga fæst Ólafur við að skapa skúlptúra og taka ljósmyndir en í myndum hans má sjá útfærslu á rannsókn eða skrásetningu á náttúru og landslagi. ■

ÓLAFUR ELÍASSON Frá opnun á sýningum Ólafs í 101 Gallerí á Jöklumyndum hans en myndirnar verða til sýnis á Eiðum frá og með deginum í dag.

Rokland Hallgríms Helgasonar

Hallgrímur Helgason rithöfundur mun senda frá sér skáldsögu fyrir jólin sem ber heitið Rokland. Þar mun vera á ferðinni mikil hörkubók sem lýst er sem samblandi af tveimur eldri bókum Hallgríms, 101 Reykjavík og Þetta er allt að koma.

Rokland er saga Bödda Steingríms, reiðs bloggara á landsbyggðinni sem snýr aftur heim á Krókinn eftir tíu ára náms- og hangsdvöl í Þýskalandi. Það reynist alltof lítill staður fyrir svo stóryrtan mann og á ýmsu gengur í samskiptum Bödda við bæjarbúa. Böddi fær útrás fyrir reiði sína á bloggsíðu sinni þar sem bæjarbúar fá það óþvegið frá honum sem og landsmenn allir því honum er mjög uppsigað við hið endalausa íslenska góðæri. Að hans mati er þjóðfélagið flugfélag sem flýgur í vitlausa átt. „Of mikil velsæld skapar vesæld“ er eitt af hans slagorðum. Ásamt því að vera saga um þennan einmana uppreisnarmann er Rokland jafnframt snörp þjóðfélagsádrepa og samtímaspegill sem gaman verður að bera upp að íslensku samfélagi þegar þar að kemur. ■

HALLGRÍMUR HELGASON Sendir frá sér skáldsöguna Rokland sem fjallar um Bödda Steingríms, reiðan bloggara á landsbyggðinni.

Glæsilegt opnunartilboð:
Þriggja sæta hægindasófi og tveir hægindastólar (3+1+1) af bestu gerð.
Sannkallaðir letistólar.
Verð aðeins 209.900

Gallerí húsgögn

Glæsileg húsgagnaverslun að Dalvegi 18

Einn sá flottasti!
Horn sófi með snúningi á endasætum.
Opnunartilboð aðeins 221.800

Mikið úrval af borðstofusettum

Úrval skilrúma, kommóða, borða.
Sjón er sögu ríkari!

Stofuborð.
Listagripur úr kopar og gleri.

Sá sem ríður á vaðið í galleríi okkar er
Haukur Dór

Verið velkomin að Dalvegi 18.

Gallery Húsgögn

Opið alla virka daga frá 11-18, laugardaga 11-16 og sunnudaga frá 13-16

MÓÐUR VIKUNNAR
> MARTA SMARTA FER YFIR MÁLIN

Unglingur í dömufíling?

Þegar ég var yngri fannst mér haustið alltaf svo dásamlegur tími. Ég hef reyndar ekki skipt um skoðun, áherslurnar hafa bara breyst. Áður en skólinn byrjaði kviknuðu margar góðar hugmyndir og var ég sérlega upptekin við að „pródúsera“ klæðnað komandi vetrar. Yfirleitt skutu þær hugmyndir upp kollinum að ég ætlaði að vera sérlega dömuleg. Eitt síðsumarið beit ég það í mig að flauel væri málið þann veturinn. Ég saumaði mér flauelsbuxur sem voru nokkuð vel heppnaðar. Við þær klæddist ég tíglapeysu, rúllukragapeysu eða hneppri vínrauðri V-hálsmálspeysu frá Guðsteini. Þegar ég var komin í þennan dömulega klæðnað vantaði mig sárlega hælaskó og velti því fyrir mér vel og lengi hvort ég ætti að stökkva. Ég var 15 ára og gellugangur var í algjöru lágmarki í Árbænum nema náttúrlega hjá þröngu kráti sem ég tilheyrði ekki. Mér fannst ég því tefla heldur djarft að kaupa skóna sem voru nota bene með fimm sm háum kubbahæl. Ég lét þó vaða eftir langa umhugsun og sé ekki eftir því. Skórnir voru flottir þótt það hafi stundum verið svolítið erfitt að hlaupa í þeim eftir strætó í hvaða veðri sem var.

Það sem er þó fyndið þegar maður lítur til baka er að þessi klæðnaður er allt annað en gellulegur. Hann er meira í átt við klæðaskáp vistmanna á Hrafnistu eða Hobbita sem reykja vindla og safna frímerkjum í sínum litlu holum. Þar sem ég var að vinna á Hrafnistu um sumarið hef ég því líklega orðið fyrir óáþreifanlegum innblæstri. Ég get ekki greint hvort innblásturinn hafi komið frá A eða C-álmu eða bara úr matsalnum.

Þessi tilfinning að langa í tíglapeysur og flauelsbuxur á haustin hefur þó elt mig síðan á Hrafnistutímanum. Öll tískuslys sem ratað hafa í fataskápinn hafa yfirleitt gerst á þessum árstíma. Ég verð svo æst þegar haustvörurnar koma að ég missi mig stundum í einhverja vitleysu sem ég er langt frá því að vera stolt af. Það sem huggar mig er að ég er ekki eina manneskjan í alheiminum sem tapa mér stundum og því vil ég brýna fyrir þeim sem hafa þessa veikleika að fara hægt um gleðinnar dyr.

Með þessari ferð verður Kjartan fyrstur til þess að róa hringinn í kringum landið á árabáti. Ferð hans er tileinkuð hreyfihömluðum og ferðafrelsi þeirra. Kjartan er hjálparliði hjá Sjálfsbjörg og hvetur landsmenn til að leggja söfnuninni lið.

Söfnunarsími Hjálparliðasjóðs Sjálfsbjargar er:

908 2003

ÆÐISLEGA fallegur köflóttur skokkur úr Zöru.

SÆT OG SVEITALEG peysa úr Vero Moda.

FLOTT að vera með gróf og þykk belti við vetrarfötin.

LOÐFELDIR Koma alltaf sterkir inn á haustin.

STÍGVÉL úr Vero Moda

SJAL ÚR ZÖRU Þegar vetrarhríðin hamast á gluggunum er fátt þægilegra en að kúra sig ofan í mjúkt sjal.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA, GETTY

Sveitarómantík á köldum vetrarkvöldum

Einn af kostunum við að búa í köldu landi er að þurfa ekki alltaf að vera í sandölum og hlírabol heldur geta smeygt sér í notalegar rúllukragapeysur og æðislegar ullarkápur þegar hausta tekur. Það er alltaf jafn gaman að skoða í tískubúðirnar á þessum tíma þegar virkilega gerðarlegar flíkur eru í boði. Ef litið er yfir haust-tískuna í ár sést vel að rómantískur sveitablær svífur yfir vötnum og að þessu sinni eru köflóttar flíkur hvað mest áberandi. Sköpunarverk hönnuða á borð við Marc Jacobs, Önnu Sui og Karen Walker minna á þau föt sem hástéttarfólk klæddist á sveitasetrum sínum fyrr á tímum þar sem fallegar skyrtur með háum kraga og síð ullarpils við upphneppt stígvél réðu ríkjum. Áhrifa gætir einnig frá hinum góðu þáttum um Húsið á sléttunni og fötin myndu sóma sér vel jafnt í fjallakofa í Ölpunum eða bara heima fyrir framan arininn. Afslappað, kvenlegt og hástéttar-sveitó eru einkunnarorðin og ef pils eða kjólar eru í styttri kantinum er um að gera að skella sér í þykkar bómullarsokkabuxur og jafnvel köflótta sokka yfir þær. Líkt og fötin er fallegast að hárið sé afslappað og náttúrulegt og förðunin í lágmarki.

soleyk@frettabladid.is

HLÝTT OG KÓSÍ Anna Sui sýndi stórar prjónaðar rúllukragapeysur við sveitaleg pils í haust- og vetrarlínu sinni.

GWEN er alltaf flott í tauinu og hér er hún í gamaldags skyrtu með háum kraga undir köflóttum jakka.

ÞYKKAR BÓMULLARSOKKABUXUR Verða ómissandi undir köflóttu pilsin. Sock shop.

TREFILL úr Zöru.

ANNA SUI Naomi Campbell í gamaldags skyrtu við fallegan köflóttan skokk.

SÍÐ OG VÍÐ Pils úr Vero Moda (t.v.) og Zöru (t.h.)

ÆÐISLEG stígvél úr Vero Moda.

MJÖG SMART er að láta tíglasokka gægjast upp úr stígvélunum eða einfaldlega vera í þeim við háhælaða skó.

SMEKKURINN EIDÍS ANNA BJÖRNSDÓTTIR EIGANDI MÚNDERINGU

Frumlegar múnderingar

Fatahönnuðurinn Eidís Anna opnaði nýverið verslunina Múnderingu á Akureyri. Hún er mikil glyskona sem elskar gull. Hún hrífst af frumlegum fötum og hönnunarhópurinn Asfour í New York er í mestu uppáhaldi.

Spáir þú mikið í tískuna? Ég neita því ekki. Ég er dugleg að skoða á netinu það sem er að gerast og mér finnst gaman að pæla í hverju fólk klæðist. Auðvitað skoða ég tískublöðin líka.

Uppáhaldshönnuðir? Asfour, ekki spurning.

Fallegustu litirnir? Gull og metallic litir og bleikur.

Hverju ertu mest svag fyrir? Skóm og glingri.

Hvaða flík keyptir þú þér síðast? Pallíettumittistösku úr Frúnni í Hamborg sem er verslun á Akureyri.

Hvað finnst þér mest sjarmerandi í tískunni? Fjölbreytileiki. Mér finnst leiðinlegt þegar allir eru eins og finnst frábært þegar fólk er sjálfstætt í fatavali og leyfir persónulegum stíl að njóta sín.

Hvað ætlar þú að kaupa þér fyrir haustið? Ekkert ákveðið enn þá en ég á ábyggilega eftir að finna mér eitthvað.

Uppáhaldsverslun? Múndering að sjálfsögðu. Seven og Opening ceremony í New York og svo er The Container Store ein skemmtilegasta búð sem ég hef farið í.

Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði? Það er rosalega misjafnt. Ef ég skrepp til útlanda, tek ég mig til og eyði svakalegum upphæðum í föt en þess á milli er ég ekkert að eyða svo miklu.

Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án? Ég var að eignast nýja skó, lágbotna gullskó úr Kron sem eru mjög þægilegir. Ég gæti hreinlega ekki verið án þeirra núna. Svo verð ég alltaf að eiga þægileg föt sem ég fer í á kvöldin eftir vinnu.

Uppáhaldsflík? Lítill pels sem foreldrar mínir gáfu mér þegar ég var 2ja ára. Svo er það Martine Sitbon kjóllinn minn er í algjöru uppáhaldi hjá mér, hann er svartur og klassískur og alveg jafn fallegur og þegar ég keypti hann.

Hvert myndir þú fara í verslunarferð? Til New York , ekki spurning. Þar getur þú getur fengið allt sem hugurinn girnist og svo er ótrúlega gaman að versla í París.

Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér? Flatbotnaupphair leopard skór sem ég keypti mér á útimarkaði í New York. Mér fannst þeir hryllilega ljótir en samt svolítið skemmtilegir. Dálitlu seinna urðu þeir uppáhaldsskórnir mínir sem ég er búin að gatslíta. Að ógleymdum hárauðum flip flops skónum með hælnum sem ég keypti í sömu ferð. Í þá hef ég aldrei stigið því þeir eru ólýsanlega ljótir. Ég á jafnvel erfitt með að viðurkenna að ég hafi keypt þá!

Mjúkir og ilmandi fætur

Það kannast flestir við þá óþægilegu tilfinningu að koma heim í lok dags með sára fætur og súrar tásur. Nú hefur L'Occitane brugðist við þessu vandamáli með því að setja á markaðinn æðislegt krem fyrir þreytta fætur. Í kreminu eru slakandi lavender-olíur og friskandi mynta sem lina þá verki sem álag dagsins getur valdið. Það er mjög mjúkt og létt í sér og nærir húðina með ýmsum vítamínum. Kremið er bæði tilvalið á sumrin þegar stífir sandalar eru allsráðandi og á veturna þegar fæturnir eru innilokaðir í skóm allan daginn.

Hugljúfar minningar

Dásamlega léttur og leikandi ilmur sem minnir á friskandi haustgolu er einkenni nýjasta ilmvatnsins frá L'Occitane, Eau de la Récolte Bleue. Topplykt ilmvatnsins ber með sér græn lauf og lofnarblóm en millistig þess ilmar af fresíum, morgunfrú og köldum ferskjum. Imvatnið skilur svo eftir sig nautnalega viðar- og muskulykt.

Innblástur ilmvatnsins er sumarnætur Provence-héraðs í Suður-Frakklandi en minningar um góðar sumarnætur eru það sem kemur fólki gegnum langa vetur.

Ilmvatnsglasið er fallegt og einfalt þar sem himinblár litur ilmvatnsins fær að njóta sín.

SUMAR TILBOÐ!

Allar nýjar og vinsælar geislaplötur á sumartilboði í verslunum Skífunnar

1.999 kr.
Pétur Kristjánsson-Gamlar myndir

1.999 kr.
Leaves - The Angela Test

1.999 kr.
Jakob Sveistrup

1.999 kr.
Magic Numbers

1.999 kr.
Pottþétt 38

1.999 kr.
Raevonettes-Pretty In Black


1.999 kr.
Lights On The Highway


1.999 kr.
Supergrass - Road To Rouen

1.999 kr.
Sonic Youth - Nurse

DVD
Eagles-Farewell

S·K·Í·F·A·N
...skemmtir þér ;)

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni • www.skifan.is

Homme í hnéaðgerð

Josh Homme, forsprakki Íslandsvinanna í Queens of the Stone Age, þurfti að gangast undir aðgerð á hné á dögunum eftir að hafa meiðst á tónleikum í Ástralíu í síðasta mánuði.

Þrátt fyrir meiðslin ætlar sveitin að halda tvenna tónleika í London dagana 22. og 23. ágúst. Liðsmenn Queens of the Stone Age hafa þegar þurft að fresta fimm tónleikum í Bretlandi á þessu ári og vildu ekki bæta tveimur í sarpinn. Í byrjun árs var þremur tónleikum frestað eftir að Homme veiktist og 7. júlí voru tvennir tónleikar afboðaðir vegna hryðjuverkaárásanna í London. ■



JOSH HOMME Forsprakki Queens of the Stone Age þurfti að gangast undir hnéaðgerð á dögunum.

Rómeó og Júlía heilla Finna

Sýningin Rómeó og Júlía er að gera góða hluti á leiklistarhátíð í Finnlandi um þessar mundir. Fréttablaðið náði tali af Rakel Garðarsdóttur hjá Vesturporti. Hún sagði viðtökurnar hafa verið frábærar og forseti Finna hefði meðal annars mætt á eina sýninguna. „Þetta hefur gengið mjög vel og það hefur verið uppselt hjá okkur," sagði Rakel.

Leikhópurinn er einnig með leiksýninguna Brim á hátíðinni sem sýndur var á sunnudag og mánudag. Eftir það lá leiðin svo aftur heim en þó í stutt stopp. „Við erum að fara með Brim til Moskvu í Rússlandi," sagði Rakel og var hvergi nærri orðin þreytt á ferðalögunum.

„Ef það væri ekki fyrir þau væri þetta ekkert gaman." ■

VESTURPORT Leiksýningin Rómeó og Júlía hefur fengið frábæra dóma hjá finnskum blaðamönnum sem eru víst ekkert alltof duglegir við að vera jákvæðir.

BRITNEY OG BUMBAN Slúðurblaðamenn í Bandaríkjunum eru að fara á límingunum yfir því af hvaða kyni barnið sé. Þeir hallast að því að þetta sé strákur og að hann eigi að heita Preston.

Ber Britney dreng undir belti?

Kynið á barni Britney Spears er mönnum mikil ráðgáta. Á tímabili virtust flestir veðja á að barnið væri stúlka en þeim hinum sömu hefur snúist hugur. Bandarísku slúðurblöðin segjast vera þess fullviss að hún beri dreng undir belti. Það sást nefnilega til hennar í barnafatabúð í Beverly Hills þar sem söngkonan eyddi miklum peningum í strákaföt.

Götublaðið The Sun hefur eftir heimildarmanni sínum að Spears og eiginmaður hennar Kevin séu mikið að velta strákanöfnum fyrir sér og Preston á að vera í miklu uppáhaldi. Hvað svo sem verður þá kemur allt í ljós í næsta mánuði þegar Spears eignast loks sitt fyrsta barn. ■

JUDE OG SIENNA Eitthvað virðist vera að birta til í lífi Siennu og Jude. Þau hafa sést saman í síauknum mæli en hvort þau eru jafn hamingjusöm og á þessari mynd skal ósagt látið

Þíða milli Miller og Law

Það er heldur betur að þiðna milli Jude Law og Siennu Miller. Þau ætla að mæta saman í brúðkaup systur Millers og nú sást til þeirra arka eftir Hampstead Heath í London. Ekki er langt síðan útlit var fyrir að allt væri búið á milli þeirra eftir að Law viðurkenndi framhjáhald sitt með barnfóstru barna sinna.

Það er götublaðið The Sun sem greinir frá þessu og hefur eftir heimildarmanni að Sienna sé ekki alveg búin að taka Law í sátt. „Hún er að gera sitt besta til að bjarga sambandinu," er haft eftir honum. „Hún elskar hann og er í öngum sínum yfir því hvernig hann sveik hana," heldur heimildarmaðurinn áfram og bætir því við að Jude Law reyni af öllum mætti að sannfæra spúsu sína um að þetta hafi verið mistök sem ekki verði endurtekin. ■

SURVIVOR Íslenskur veruleikaþáttur í anda Survivor verður sýndur á Sirkus á næstunni.

Tökur á veruleikaþætti að hefjast

Nýr íslenskur veruleikaþáttur verður frumsýndur á sjónvarpsstöðinni Sirkus á næstu mánuðum. Verður hann sýndur á fimmtudagskvöldum klukkan 22.00.

Tökur á þættinum, sem hefjast von bráðar, fara mestmegnis fram í útlöndum og mun þetta verða veruleikaþáttur af gerð sem hefur aldrei áður sést á Íslandi. Tölverður fjöldi Íslendinga verður í þættinum, sem verður í ætt við hinn gríðarvinsæla Survivor.

Alls verða níu íslenskir þættir sýndir á Sirkus í vetur. Eins og Fréttablaðið greindi frá síðastliðinn sunnudag sjá þau Vala Matt og Hálfdán Steinþórsson um hönnunar- og lífsstílsþáttinn Veggfóður sem hefst 29. ágúst. Kvöldþáttur Guðmundar Steingrímssonar mun halda áfram auk þess sem fréttaþátturinn Sirkus RVK verður á dagskrá frá mánudegi til fimmtudags. Um verður að ræða stutt innskot þar sem kynnt verður hvaða afþreying er í boði fyrir Reykvíkinga og nærsveitamenn þá vikuna.

Idol Extra færist frá Popptíví yfir á Sirkus en þar verður fylgst með Idol-keppninni á bak við tjöldin, auk þess sem Súpersport verður á dagskrá. Þar kynnir Bjarni Bærings jaðaríþróttir í stuttum þáttum. ■

ROB SCHNEIDER Gamanleikarinn er á leiðinni til Íslands til að kynna sína nýjustu kvikmynd.

Scnheider kemur á þriðjudag

Bandaríski gamanleikarinn Rob Schneider er væntanlegur til landsins næstkomandi þriðjudag til að kynna gamanmyndina Deuce Bigalow European Gigolo.

Schneider verður viðstaddur boðsýningu á vegum FM957 á miðvikudagskvöldið í Smárabíói og að sýningunni lokinni ætlar hann að skemmta sér í eftirpartíi á skemmtistað í miðborginni. Síðan ætlar hann að skoða helstu ferðamannastaði, slappa af í Bláa lóninu og kynna sér næturlíf borgarinnar áður en hann kveður land og þjóð.

Deuce Bigalow European Gigolo verður frumsýnd föstudaginn 9. september í Smárabíói, Regnboganum og Borgarbíói Akureyri. ■

Salou

Súpersól 26. ágúst og 2. sept.

Frá kr. 24.995

Kr. 24.995 í 5 daga / 34.990 í 12 daga
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn. Súpersól tilboð, 26. ágúst og 2. sept. í 5 eða 12 daga.

Kr. 34.995 í 5 daga / 44.990 í 12 daga
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna. Súpersól tilboð, 26. ágúst í 5 eða 12 daga.

Síðustu sætin
Terra Nova býður síðustu sætin til Salou í ágúst ótrúlegum kjörum. Salou er fallegur bær á Costa Dorada ströndinni, sunnan Barcelona. Þar er Port Aventura, glæsilegasti skemmtigarður Spánar. Salou skartar stórkostlegum ströndum, fjölbreyttri afþreyingu og litríku næturlífi. Þú bókar sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

TERRA NOVA - SPENNANDI VALKOSTUR

Stangarhyl 3
110 Reykjavík
Sími: 591 9000
www.terranova.is
Akureyri sími: 461 1099

MENNINGARNÓTT

OPIÐ 10 - 18 Í DAG

ÚTSÖLULOK

Á LAUGAVEGI

70%

afsláttur af öllum útsöluvörum

DIESEL - 4YOU - LAURA AIME - MISS SIXTY - CAMPER - ENERGIE

galleri sautján

Laugavegi s. 512 1717 - www.ntc.is

Sýningar í :	SMÁRABÍÓ	REGNBOGANUM	BORGARBÍÓ
Fantastic Four b.i. 10 ára	kl. 1, 2, 3.20, 4.20, 5.40, 6.40, 8, 9, 10.20 og 11.20 - Lúxus kl. 1, 3.20 og 5.40	kl. 3, 6, 8.30 og 10.50	kl. 5.50, 8 og 10.10
Wedding Crashers	kl. 2.40, 5.20, 8 og 10.30 - Lúxus kl. 8 og 10.30	kl. 3, 6, 8.30 og 11	kl. 3.50, 8 og 10.20
Sharkboy and Lavagirl 3D	kl. 1.30, 3.40 og 5.50	kl. 3 og 6	kl. 4 og 6
The Longest Yard	kl. 8	kl. 8 og 10.30	——
Sin City b.i. 16 ára	kl. 10.30	——	——
Hostage	——	kl. 8 og 10.30	——
Star Wars EP3 b.i. 10 ára	——	kl. 3 og 5.30	——

Dolby SDDS THX 400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu BÍÓ.IS – allt á einum stað

UPPLIFÐU 3 BÍÓ Í MIÐBÆNUM

FJÖLSKYLDUTILBOÐ AÐEINS 400 KR. KLUKKAN. 3

REGNBOGINN

SEAN CONNERY Oftast nefndur sem hinn eini sanni James Bond. Var orðinn 53 ára þegar hann sneri aftur í myndinni Never say Never again.

GEORGE LAZENBY Er af mörgum talinn besti Bond fyrr og síðar en fékk bara að leika í einni mynd.

ROGER MOORE Þótti einstaklega fyndinn Bond og gerði njósnarann ótrúlega vinsælan.

Pierce Brosnan Lék í alls fjórum James Bond-myndum og er af mörgum talinn vera sá sem hefur komist næst Sean Connery.

Pierce verður aldrei aftur Bond

Pierce Brosnan, sem flestir ættu að kannast við sem James Bond, segir við tímartið Entertainment Weekly að eitt símtal hafi útilokað hann frá frekari þátttöku í Bond-seríunni. „Þeir hringdu í mig og sögðu mér að samstarfinu væri lokið,“ sagði leikarinn við blaðið.

Brosnan afrekaði að leika leyniþjónustumanninn alls fjórum sinnum. Hann átti stóran þátt í því að reisa spæjarann upp úr þeirri öskustó sem Timothy Dalton hafði komið honum í. Brosnan viðurkennir í viðtalinu að kvikmyndaferill hans hafi byrjað fyrir alvöru með hlutverki Bonds. Brosnan var 42 ára þegar hann landaði loks hlutverkinu.

Hann segist þó finna fyrir létti nú þegar þessu tímabili í lífi hans er lokið. „Ég þarf ekki að hafa áhyggjur af einhverri ímynd, get gert hvað sem er svo þetta er ákveðin frelsun,“ sagði leikarinn.

Næst mun hann leika leigumorðingja í myndinni The Matador á móti Greg Kinnear. „Það er gott að vera laus við fimmaura brandarana,“ segir þessi fyrrum Bond.

Næsta Bond-myndin, Casino Royale, er á leiðinni í tökur á næstunni. John Cleese og Judi Dench hafa þegar tilkynnt að þau muni halda áfram að leika Q og M þannig að nú vantar bara Bond og vonda gæjann, að ógleymdum Bond-gellunum.

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum
Kletthálsi 11 • Laugavegi 174 • sími 590 5040
www.bilathing.is

Rapparinn **Eminem** hefur verið lagður inn á spítala vegna svefnpillufíknar sinnar. Hann er kominn undir læknishendur og mun á næstu vikum vera í meðferð gegn þessari fíkn. Þessar fréttir koma í kjölfar þess að Eminem ákvað að fresta öllu tónleikahaldi og bar fyrir sig gífurlegri þreytu.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Daniel Craig hefur tekið að sér hlutverk í endurgerð kvikmyndarinnar **Invasion of the Bodysnatchers**. Craig er íslenskum kvikmyndaáhugamönnum að góðu kunnur fyrir leik sinn í myndinni Layer Cake. Í myndinni mun hann leika vísindamann á móti sjálfri **Nicole Kidman**. Þau koma til með að berjast saman gegn innrás geimveira auk þess sem rómantíkin kemur til með að svífa yfir vötnum.

Keira er bara heppin

Leikkonan Keira Knightley segist ekki þakka leikhæfileikum sínum þann frama sem hún hefur náð heldur heppni. Í viðtali við tímaritið Now segir hún að þetta sé allt spurning um að vera á réttum stað. „Ég er hvorki hæfileikaríkust né fallegust á svæðinu,“ segir hin hógværa leikkona. „Myndirnar sem ég hef leikið í hafa gengið vel en það er nærveru minni ekkert að þakka,“ hafði blaðið eftir henni. Keira vakti fyrst athygli í myndinni Bend it Like Beckham og hefur leikið í hverri stórmyndinni af annarri eftir það.

Keira er á lausu eftir að hafa losað sig við írsku fyrirsætuna Jamie Dorman en þau voru saman í tvö ár. Keira vildi ekkert ræða um það hvers vegna þau hefðu slitið samvistum en sagði sambönd tveggja einstaklinga vera flókin.“Það er ekkert svart og hvítt í þessu, bara heill hellingur af gráum svæðum. Það verður stundum að horfa á heildarmyndina,“ sagði leikkonan sem hefur fengið mikinn stuðning frá fjölskyldu og vinum. „Ég er heppin að hafa góða vini í kringum mig sem ég get rætt um allt við.“

HIN HEPPNA KEIRA Eins og sjá má er Keira einstaklega heppin...með útlit. Hún segist sjálf bara vera lukkunnar pamfíll og frami hennar hafi ekkert með útlit eða leikhæfileika að gera.



dagskrá

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„You'd think I was trying to replace Jesus Christ or something."

Svar:
Roger Maris úr kvikmyndinni 61 árið 2001.

Í TÆKINU

EDDIE LEIKUR Í THE HAUNTED MANSION KL. 20.10 Á STÖÐ 2 Í KVÖLD.

Vinsælasti strákurinn í skólanum

Edward Regan Murphy fæddist 3. apríl árið 1961 og ólst upp á Long Island í Bandaríkjunum. Faðir hans, lögreglumaður í Brooklyn, dó þegar Eddie var aðeins átta ára.
Eddie var alltaf með skopskynið í lagi og var ávallt bekkjartrúðurinn. Hann var valinn vinsælasti nemandinn í miðskólanum sínum og var undrabarn í grínheiminum þar sem hann byrjaði að selja inn á skemmtanir sínar þegar hann var fimmtán ára.
Þegar Eddie var nítján ára komst hann inn í þáttinn Saturday Night Live hjá NBC og fékk að koma fram reglulega. Persónurnar, sem hann skapaði, eins og Buckwheat og Gumby, James Brown og Mr. Robinson, urðu fljótlega að goðsögn og Hollywood var ekki lengi að uppgötva strákinn.
Fyrsta myndin hans, 48 Hrs. árið 1982, varð óvænt vinsæl og varð Eddie stjarna á stóra tjaldinu. Árið eftir lék hann í Trading Places, annarri mynd sem sló í gegn en Eddie varð ekki alvöru Hollywood-stjarna fyrr en árið 1984 þegar hann lék í Beverly Hills Cop.
Það var sama hvað Eddie gerði á níunda áratugnum – það sló allt í gegn. Jafnvel meðalgóða myndin The Golden Child árið 1986 malaði gull í miðasölum bíóhúsa og auðvitað lék Eddie í framhaldi af Beverly Hills Cop. Eftir það gerði Eddie margar myndir sem hafa gleymst og leikstýrði Harlem Nights árið 1989 sem var algjört klúður.
En kvikmyndaferill Eddies breyttist til hins betra árið 1996 þegar hann lék í endurgerð á The Nutty Professor. Stuttu seinna lék hann í Dr. Dolittle og hefur slegið í gegn hjá yngri kynslóðinni með því að tala inn á teiknimyndir eins og Mulan og Shrek. Eddie stendur nú í skilnaði við eiginkonu sína til tólf ára, Nicole Mitchell, en þau eiga fjögur börn saman.

Þrjár bestu myndir Eddies: **Trading Places** – 1983 **Beverly Hills Cop** – 1984 **Coming to America** – 1988

▶ **18.00** *Matur*
MATUR UM VÍÐA VERÖLD



▶ **20.10** *Bíó*
THE HAUNTED MANSION

▶ **19.00** *Drama*
TRU CALLING

▶ **19.00** *fasteignir*
ÞAK YFIR HÖFUÐIÐ

▶ **11.20** *Íþróttir*
RANGERS – CELTIC

SJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar **8.01** Gurra grís **8.06** Kóalabræður **8.17** Pósturinn Páll **8.35** Hopp og hí Sessamí **9.00** Fræknir ferðalangar **9.25** Tómas og Tim (8:10) **9.34** Gormur (31:52) **10.25** Kastljósið **10.50** Formúla 1. Tímataka fyrir kappaksturinn í Tyrklandi.

12.10 Gullmót í frjálsum **14.10** Götufótbolti **14.35** Hlé **15.55** Landsleikur í fótbolta. Sýnt frá vináttulandsleik karlalandsliða Íslands og Suður-Afríku. **17.50** Táknmálsfréttir ▶**18.00** Matur um víða veröld

18.54 **Lottó**
19.00 **Fréttir, íþróttir og veður**
19.40 **Fjölskylda mín (13:13)** (My Family)
20.15 **Ást og stríð á Ítalíu** (In Love and War) Bandarísk sjónvarpsmynd frá 2001 byggð á sjálfsævisögulegri frásögn Erics Newby um breskan hermann sem Ítalir taka til fanga í síðari heimsstyrjöld.
21.55 **Rembrandt** (Rembrandt) Dönsk bíómynd frá 2003 byggð á sönnum atburðum. Feðgarnir og smábófarnir Mick og Tom eru fengnir til að stela málverki af safni. Þeir stela óvart rangri mynd, eina Rembrandt-verkinu sem til er í Danmörku. Leikstjóri er Jannik Johansen og meðal leikenda eru Lars Brygmann, Jakob Cedergren, Nikolaj Coster-Waldau, Nicolas Bro, Sonja Richter og Paprika Steen. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára.

23.40 Hálsfestin (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára. e) **1.35** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2

7.00 Barnatími Stöðvar 2 (Snjóbörnin, The Jellies, Músti, Skúli og Skafti, Póstkort frá Felix, Pingu, Töfravagninn, Barney, Kærleiksbirnirnir, Kærleiksbirnirnir, Engie Benjy, Sullukollar, Hjólagengið, BeyBlade, Börnin í Ólátagarði)

12.00 Bold and the Beautiful **13.45** Það var lagið **14.40** Osbournes 3 (3:10) **15.05** Kevin Hill (20:22) **16.05** Strong Medicine 3 (16:22) **16.55** Oprah Winfrey **17.40** 60 Minutes I 2004

18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.54 **Lottó**
19.00 **Íþróttir og veður**
19.15 **Whose Line Is it Anyway?**
19.40 **Absolutely Fabulous (3:8)**
▶ **20.10** **The Haunted Mansion** Skemmtileg hrollvekja fyrir alla fjölskylduna. Fasteignasalinn Jim Evers er forfallinn vinnualki. Eiginkona hans er ýmsu vön og vonast til að Jim sleppi vinnunni á brúðkaupsafmælinu þeirra. Aðalhlutverk: Eddie Murphy, Terence Stamp, Nathaniel Parker. Leikstjóri: Rob Minkoff. 2003.
21.35 **Barton Fink** Hér segir af leikritaskáldinu Barton Fink sem flyst frá New York til Hollywod árið 1941 og ætlar að hasla sér völl í heimi kvikmyndanna. Aðalhlutverk: John Turturro, John Goodman, Judy Davis, Michael Lerner. Leikstjóri: Joel & Ethan Cohen. 1991. Bönnuð börnum.

23.30 3000 Miles to Graceland (Stranglega bönnuð börnum) **1.30** The Mask of Zorro (Bönnuð börnum) **3.40** Fréttir Stöðvar 2 **4.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS

14.00 David Letterman **15.00** Real World: San Diego **15.30** Real World: San Diego **16.00** Kvöldþátturinn **16.50** Supersport (6:50) **17.00** Íslenski listinn **17.30** Friends 2 (12:24) **18.00** Friends 2 (13:24)

18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
▶ **19.00** **Tru Calling (8:20)** Tru Davis er læknanemi sem ræður sig í vinnu í líkhúsi. Þar uppgötvar hún dulda hæfileika sína sem gætu bjargað mannslífum. Tru getur upplifað sama daginn aftur og þannig komið í veg fyrir ótímabær dauðsföll.
19.45 **Sjáðu**
20.00 **Joan Of Arcadia (7:23)** Táningsstelpan Joan er nýflutt til smábæjarins Arcadia þegar skrítnar uppákomur fara að henda hana.
20.45 **Sjáðu**
21.00 **Rescue Me (8:13)** Þættir um hóp slökkviliðsmanna í New York borg þar sem alltaf er eitthvað í gangi. Ef það eru ekki vandamál í vinnunni þá er það einkalífið sem er að angra þá.

23.00 Caribbean Uncovered **0.00** Paradise Hotel (7:28) **0.50** David Letterman

SKJÁREINN

14.00 Still Standing (e) **14.30** Less than Perfect (e) **15.00** According to Jim (e) **15.30** The Swan (e) **16.15** Tremors (e) **17.00** The Contender (e) **18.00** MTV Cribs – lokaþáttur (e)

18.30 **Wildboyz (e)** Í þáttunum Wildboyz heimsækja Steve O og Chris Pontius ólík lönd og einbeita sér að því að öðlast þekkingu á þeim ólíku dýrategundum sem byggja hvert land. Og að sjálfsögðu er fíflagangurinn í hávegum hafður.
19.00 **Þak yfir höfuðið**
▶**20.00** **The Contender – maraþon** Í tilefni þess að senn líður að hinum rosalega lokabardaga verður kýlt á það og slegið upp maraþonveislu.
20.50 **Þak yfir höfuðið** Á hverjum degi verður boðið upp á aðgengilegt og skemmtilegt fasteignasjónvarp. Skoðað verður íbúðarhúsnæði; bæði nýbyggingar og eldra húsnæði en einnig atvinnuhúsnæði, sumarbústaðir og fleira og boðið upp á ráðleggingar varðandi fasteignaviðskipti, fjármálin og fleira. Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
21.00 **The Contender - maraþon (framhald).**

0.45 Law & Order (e) **1.30** Tvöfaldur Jay Leno (e) **3.00** Óstöðvandi tónlist

SÝN besta sætið

▶ **11.20** Enski boltinn. Bein útsending frá leik erkifjendanna Glasgow Rangers og Glasgow Celtic.

13.20 2005 AVP Pro Beach Volleyball **14.20** Inside the US PGA Tour **14.45** Mótorsport **15.15** Motorworld **15.45** World Supercross **16.40** Fifth Gear **17.10** Golf Greatest Round **18.00** Enski boltinn (Rangers – Celtic)

19.50 **Supercopa** (Barcelona – Real Betis) Bein útsending frá leik Barcelona og Real Betis. Heimamenn eru Spánarmeistarar en gestirnir bikarmeistarar. Þetta er seinni leikur liðanna í Supercopa.
22.00 **Hnefaleikar** (JL Castillo – Diego Corrales) Útsending frá hnefaleikakeppni í Las Vegas í maí. Á meðal þeirra sem mættust voru Jose Luis Castillo og Diego Corrales en í húfi var heimsmeistaratitill WBC-sambandsins í léttvigt. Bardagi kappanna þótti einn sá eftirminnilegasti í boxsögunni og er þá mikið sagt.

0.00 Hnefaleikar (Mike Tyson – Kevin McBride)

STÖÐ 2 BÍÓ

6.10 Hvítir mávar **8.00** Kalli á þakinu **10.00** Heartbreakers **12.00** Race to Space **14.00** Hvítir mávar **16.00** Kalli á þakinu **18.00** Heartbreakers **20.00** Race to Space **22.00** The Italian Job **0.00** Cheech and Chong's Next Movie **2.00** American Pimp **4.00** The Italian Job

OMEGA

8.00 Barnaefni **8.30** Barnaefni **9.00** Blandað efni **10.00** Transformed by His Word **10.30** Good News for All Nations **11.00** Blandað ísl. efni **11.30** Dr. David Cho **12.00** Mack Lyon **12.30** R.G. Hardy **13.00** Voice of Triumph **13.30** Miracle Moments **14.00** Kvöldljós **15.00** Ísrael í dag **16.00** Blandað efni **16.30** Barnaefni **17.00** Barnaefni **17.30** The Way of the Master **18.00** Blandað efni **20.00** Kvöldljós **21.00** Believers Christian Fellowship **22.00** Robert Schuller **23.00** Ulf Ekman **0.30** LifeLine **1.30** Extreme Prophetic

E! ENTERTAINMENT

12.00 Hollywood Nights Gone Bad **12.30** Gastineau Girls **13.00** Fight For Fame **14.00** America's Sweetheart **15.00** Style Star **15.30** Behind the Scenes **16.00** The E! True Hollywood Story **18.00** Hotspot Hollywood Roosevelt Hotel **18.30** My Crazy Life **19.00** Uncut **20.00** E! Hollywood Hold 'Em **21.00** The Anna Nicole Show **22.00** Wild On **23.00** Hollywood Nights Gone Bad **0.00** Scream Play **1.00** Wild On

AKSJÓN

7.15 Korter **14.00** Samkoma í Fíladelfíu **18.15** Korter

ENSKI BOLTINN

9.00 Sunderland – Charlton frá 13.08. **11.00** Upphitun (e) **11.30** Man. Utd. – Aston Villa (b) **13.30** Á vellinum með Snorra Má (b) **13.45** Liverpool – Sunderland (b) **15.45** Á vellinum með Snorra Má (framhald) **16.00** Birmingham – Man. City (b) **18.30** WBA – Portsmouth **20.30** Newcastle – West Ham **22.30**

Bein útsending kl. 14.00 á aukarásum:
EB 2 Blackburn – Fulham
EB 3 Charlton – Wigan
EB 4 Newcastle – West Ham
EB 5 Tottenham – Middlesbrough

Kannastu við tilfinninguna að fá hærri einkunn á prófi en þú reiknaðir með?

Það er eins og að fá meiri bíl en maður borgar fyrir og Medion fartölvu í kaupauka!

Á Skóladögum hjá Betri notuðum bílum getur þú valið um **100 bíla** á frábærum tilboðskjörum.
Nú er tækifærið til að hífa upp mætinguna í skólann í vetur. Komdu og kynntu þér málið.
Þeir fyrstu verða ekki síðastir.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 29285 08/2005

Áhyggjulaus og örugg bílaviðskipti - strangt skoðunarferli, 14 daga skiptiréttur, ókeypis skoðun eftir 1000 km, allt að 1 árs ábyrgð.

Toyota, Nýbýlavegi 4, KÓPAVOGUR, Sími 570-5070
Toyota Akureyri, Baldursnesi 1, AKUREYRI, Sími: 460-4300
Bifreiðaverkstæði Borgþórs, Miðási 2, EGILSSTAÐIR, Sími: 471-2660
Toyotasalurinn, Njarðarbraut 19, REYKJANESBÆR, Sími: 421-4888
Toyotasalurinn, Fossnesi 14, SELFOSS, Sími: 480-8000

NÁMSVILD
Allt að 90% lánshlutfall án ábyrgðarmanna fyrir þá sem eru í Námsvild Íslandsbanka
Gerðu kröfur!

Í samstarfi við Glitnir
100% fjármögnun á notuðum bílum.

MEDION

VIÐ MÆLUM MEÐ...

The Contender maraþon — Skjár einn **kl. 20.00**

Höfundur þáttanna er Mark Burnett

Magnað maraþon

Skjár einn hefur sýnt raunveruleikaþáttinn The Contender um nokkurt skeið. Þar keppa ungir og upprennandi hnefaleikamenn um verðlaunafé og tækifæri til að gerast atvinnuboxari en framleiðendur þáttarins eru þeir Sylvester Stallone og Sugar Ray Leonard. Í tilefni þess að senn styttist í lokabardagann í seríunni er sérstakt The Contender-maraþon í dag þar sem aðdáendur geta rifjað upp þáttaröðina. Spennan magnast og sigurvegarans bíður björt framtíð.

Sylvester Stallone og Sugar Ray Leonard.

TALSTÖÐIN FM 90,9

9.00 Bílaþáttur – U: Leó M. Jónsson **10.03** Laugardagsmorgunn – Umsjón: Eiríkur Jónsson

12.10 Hádegisútvarp – Fréttatengt efni. **13.00** Bókmennaþáttur. **14.00** Úr skríni **15.03** Glópagull og gisnir skógar e.

16.00 Margrætt e **17.03** Frjálsar hendur Illuga e. **18.00** Hitt og þetta úr Allt&sumt e. **19.00** Bílaþáttur e. **20.00** Laugardagsmorgunn e.

22.00 Hádegisútvarpið e.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

7.05 Samfélagið í nærmynd **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um víðan völl **10.15** Fastir punktar **11.00** Í vikulokin

12.20 Hádegisfréttir **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Teygjan **14.30** Dagamunur **15.20** Með laugardagskaffinu **16.10** Hugsjónir og pólitík **17.05** Fnykur

18.00 Kvöldfréttir **18.28** Ekki hlusta á þetta **19.00** Íslenskir einsöngvarar **19.30** Stefnumót **20.15** Þar búa ekki framar neinar sorgir **21.05** Þættir úr lífi Bill Evans **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Landið í þér **23.10** Danslög

RÁS 2 FM 90,1/99,9

7.05 Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

12.20 Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.08** Með grátt í vöngum

18.00 Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Hitað upp fyrir menningarnótt **20.30** Stórtónleikar Rásar 2 á Menningarnóttu **2.03** Næturtónar **6.05** Morguntónar

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

ÚTVARP SAGA FM 99,4

12.25 Meinhornið

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radió / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

ERLENDAR STÖÐVAR

SKY NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

CNN INTERNATIONAL
Fréttir allan sólarhringinn.

FOX NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

EUROSPORT
12.30 Snooker: European Open Belfast Ireland **15.00** Tennis: WTA Tournament Toronto Canada **18.30** Snooker: European Open Belfast Ireland **21.00** Xtreme Sports: Yoz Mag **21.30** News: Eurosportnews Report **21.45** Fight Sport: Fight Club **23.15** Snooker: European Open Belfast Ireland

BBC PRIME
12.00 Lorna Doone **13.30** Keeping up Appearances **14.00** The Good Life **14.30** Yes Minister **15.00** Top of the Pops **15.40** Top of the Pops 2 Specials **16.00** The Weakest Link Special **16.45** Friends Like These **17.40** Casualty **18.30** Cheer for Charlie **19.30** Leonardo **20.30** Eddie Izzard **21.30** Top of the Pops **22.10** Top of the Pops 2 Specials **22.35** The Fast Show **23.00** Supernatural Science **0.00** Meet the Ancestors **1.00** The Mark Steel Lectures

NATIONAL GEOGRAPHIC
12.00 Marine Machines: Extreme Depth **13.00** The Tallest Towers **14.00** Air Crash Investigation: Flying On Empty **15.00** Seconds from Disaster: the Bomb in Oklahoma City **16.00** Maneater: Killer Tigers of India **17.00** Battlefront: Liberation of Paris **17.30** Battlefront: Battle of the Bulge **18.00** Quest for Dragons **19.00** The Mafia **20.00** The Mafia **21.00** Year of the Dragon *film* **23.30** The Mafia **0.30** The Death of Aryton Senna

ANIMAL PLANET
12.00 Gorilla Encounters **13.00** The Natural World **14.00** Growing Up... **15.00** Crocodile Hunter **16.00** Austin Stevens – Most Dangerous **17.00** Future Shark **18.00** The Natural World **19.00** Wild South America **20.00** The African King **21.00** Mamba **22.00** Future Shark **23.00** Gorilla Encounters **0.00** The Natural World **1.00** Growing Up...

DISCOVERY
12.00 Robosapiens **13.00** Extreme Crash Tests **14.00** ND-Structible **15.00** The Caravan Show **15.30** Lake Escapes **16.00** Stress Test **17.00** Extreme Survival **18.00** Extreme Engineering **19.00** American Chopper **20.00** Rides **21.00** Scrapheap Challenge **22.00** Trauma **23.00** Super Surgery **0.00** FBI Files

MTV EUROPE
12.00 Making the Video **12.30** Independent Women Weekend Music Mix **13.00** Madonna – on Stage and on the Record **13.30** Making the Video **14.00** Independent Women Weekend Music Mix **14.30** Making the Video **15.00** Trl **16.00** Dismissed **16.30** Just See Mtv **17.30** Advance Warning **18.00** European Top 20 **19.00** The Fabulous Life Of... **19.30** $2 Bill – Missy Elliott **20.00** Viva la Bam **20.30** Pimp My Ride **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Trippin **22.30** Jackass **23.00** Isle of Mtv 2005 **0.00** Isle of Mtv – the Tour **0.30** Just See Mtv

VH1
12.00 When Super Models Ruled the World **13.00** Model Cameos Top 10 **14.00** When Star Wars Ruled the World **15.00** Making the Video **15.30** Cribs **16.00** VH1's video jukebox **17.00** When Star Wars Ruled the World **18.00** When Disco Ruled the World **19.00** When Playboy Ruled the World **20.00** When Metallica Ruled the World **21.00** Viva la Disco **23.30** Flipside **0.00** Chill Out **1.00** VH1 Hits

CLUB
12.10 Power Food **12.40** City Hospital **13.35** Sizzle **14.00** Entertaining With James **14.25** Race to the Altar **15.15** Other People's Houses **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** City Hospital **17.40** Weddings **18.10** Weddings **18.40** The Roseanne Show **19.30** Matchmaker **20.00** The Villa **21.00** Hotter Sex **22.00** Sextacy **23.00** Ex-Rated **23.30** Sex Tips for Girls **0.00** In Your Dreams **0.25** Insights **0.55** Race to the Altar **1.50** Fantasy Open House

CARTOON NETWORK
12.20 The Cramp Twins **12.45** Johnny Bravo **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** The Powerpuff Girls **14.00** Viva Las Bravo **16.05** Courage the Cowardly Dog **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

JETIX
12.20 Digimon II **12.45** Super Robot Monkey Team Hyperforce Go! **13.10** Iznogoud **13.35** Life With Louie **14.00** Three Friends and Jerry II **14.15** Jacob two-two **14.40** Ubos **15.05** Goosebumps

MGM
13.25 Sibling Rivalry **14.55** Betsy, the **17.00** Exposed **18.40** Children of Times Square, the **20.15** Mission of the Shark **21.50** Keaton's Cop **23.25** Getting It Right **1.05** Troll 2 **2.40** Bridge to Silence

TCM
19.00 The Dirty Dozen **21.25** Point Blank **22.55** Guns for San Sebastian **0.45** The Best House in London **2.20** The Road Builder

HALLMARK
12.45 Dinotopia **14.30** Love's Enduring Promise **16.00** Mcleod's Daughters II **19.45** While I Was Gone **21.15** Sioux City **23.00** Christy: Choices of the Heart **0.45** While I Was Gone **2.15** Sioux City

BBC FOOD
12.00 Gary Rhodes' New British Classics **12.30** Diet Trials **13.00** Kitchen Takeover **13.30** The Great Canadian Food Show **14.00** Tyler's Ultimate **14.30** Rick Stein's Food Heroes **15.30** Saturday Kitchen **16.00** Soul Food **16.30** Eat the Heat **17.30** Nigel Slater's Real Food **18.00** Rocco's Dolce Vita **18.30** The Italian Kitchen **19.00** Chalet Slaves **19.30** The Big Stew **20.00** Food Source **20.30** Gondola On the Murray **21.00** The Naked Chef **21.30** Saturday Kitchen

DR1
13.30 Ungefair **14.00** Boogie Listen **15.00** Hvorfor, Ouafa? **15.40** Før søndagen **15.50** Held og Lotto **16.00** Amuletten **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** Julius Cæsar **21.35** Scenes of the Crime **23.00** Boogie Listen

SV1
13.30 Tuffa karlar mobbar inte **14.00** Stoft av tid **14.30** Designers från Saint Martins **15.00** Solens mat **15.30** Sommartorpet **16.00** Vid sjöars sumpiga stränder i inlandet **16.30** Disneydags **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Karl för sin kilt **18.55** Bilder från Europa **19.00** Minnenas television **20.20** Forsytesagan **21.15** Rapport **21.20** Friidrott: SM utomhus **21.40** Veckans sommarkonsert: Keith Jarrett **23.05** Den galna jakten på ringen **0.40** Sändning från SVT24

Rás 2 og Rauði krossinn, í samstarfi við Íslandsbanka, standa sameiginlega að stórtónleikum á Menningarnótt í miðborginni 20. ágúst næstkomandi undir yfirskriftinni "Byggjum betra samfélag."

Tónleikarnir hefjast kl. 20.45 á fjölþjóðlegum barnakór undir stjórn Ellenar Kristjánsdóttur og Eyþórs Gunnarssonar í kjölfar Karnivalgöngu sem leggur upp frá Hlemmi kl. 20.00.

Á Menningarnótt ætlar Rauði krossinn að ýta úr vör viðamiklu átaki sem ætlað er að stuðla að betra samfélagi án mismununar. Minnt verður á mikilvægi þess að borin sé virðing fyrir fjölbreytni og að ekki sé gerður greinarmunur á fólki vegna uppruna, trúarbragða, fötlunar, sjúkdóma, kynhneigðar eða annars sem kann að hafa áhrif á hegðun og samskipti fólks.

Þá munu sjálfboðaliðar Rauða krossins vera til taks á sérstöku þjónustusvæði á Miðbakka með margvíslega aðstoð og þjónustu við almenning.

Exton sér um allt sem kemur að ljósum, hljóði og almennum tæknimálum.

Rás 2 sendir út beint frá tónleikunum sem verða myndaðir fyrir Sjónvarpið.

Menningarnótt í miðborginni — ÍSLANDSBANKI — Rauði kross Íslands

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

HRÓSIÐ

... fær Þórey Edda Elísdóttir fyrir að taka lífinu ekki of alvarlega og hlæja bara að kjaftasögunum um sig og Albert fursta.

INNI

Skíði Konungur vetraríþróttanna. Skíðafólk líður um brekkurnar eins og englar með sína straumlínulöguðu líkamsstöðu og glæsilega fas. Það er líka áberandi smart í tauinu í aðsniðnum skíðabuxum og Head-jökkum. Skíðafólk eltist heldur ekki við tískubólur því það sýnir sinni tignarlegu íþrótt tryggð.

Viðbein Bringan er mjög þokkafullur en látlaus staður. Það er miklu fallegra að sýna viðbeinin og efripart bringunnar en að draga alla athyglina að skorunni fyrir neðan. Svo vita allar sannar dömur að það sem ekki sést fyrir allra augum er þeim mun meira spennandi að finna.

Of víð föt Það hentar kannski ekki öllum að vera í of víðum fötum en þegar það er gert rétt er það svakalega töff. Snið flíkanna liggur öðruvísi ef þær eru of stórar og þá myndast skemmtilega ósamhverf lína í dressinu. Því stærra, því betra eru einkunnarorðin en þetta á helst við um kjóla og efriparta því buxur geta orðið kjánalegar ef þær passa illa.

ÚTI

Snjóbretti Hvenær ætlar þessi bóla eiginlega að springa? Snjóbrettið kemst ekki í hálfkvisti við skíðin hvað varðar reisn og stöðu. Það er eitthvað svo unglingalegt við snjóbrettið að fullorðið fólk verður afkáralegt á því. Snjóbrettafólk klæðist líka einstaklega gelgjulegum fötum í sínum pokabuxum og blöðrustökkum. Svo ekki sé nú talað um líkamsstöðuna því blessað fólkið lítur út eins og það sé að reyna að ganga örna sinna.



Áreynsluskora Hvenær ætla konur að læra að tvær samankreistar kúlur sem gægjast upp úr hálsmálinu eru EKKI kynþokkafullar. Þrýstibrjóstahaldarar seljast sem aldrei fyrr þó þeir séu alveg hrikalega hallærislegir og allir viti að þetta sé allt í plati. Áreynsluskoran dregur bara að sér óeftirsóknarverða athygli, því þeir sem eitthvað er varið í eru ekki að spjalla við þig út af skorunni.

Of þröng föt Fyrir utan hversu óþægilegt það er að finna buxnastrenginn skerast inn í mittið eða ermarnar þrengja að í handarkrikunum, þá er þetta bara ekki smart lengur. Þó þröngar gallabuxur fari aldrei úr tísku er fátt annað sem má vera þröngt núna. Hættum að troða okkur í fötin og halda inni maganum og öndum loksins léttar.



LÁRÉTT 2 afl 6 íþróttafélag 8 fiskur 9 at 11 skammstöfun 12 ráðagerð 14 krapi 16 upphrópun 17 til og ... 18 mælieining á hljóðstyrk 20 smáorð 21 halda.
LÓÐRÉTT 1 þurrka út 3 þverslá á siglutré 4 smíða óvandlega 5 einkar 7 vatnselgur 10 eldsneyti 13 harpix 15 óskuðu 16 margsinnis 19 á líðandi stundu.

LAUSN

LÁRÉTT: 2 Orka, 6 Fh, 8 All, 9 Mak, 11 Al, 12 Afrem, 14 Slabb, 16 Oj, 17 Frá, 18 Fón, 20 Að, 21 Trúa.
LÓÐRÉTT: 1 Afmá, 3 Rá, 4 Klambra, 5 All, 7 Hafsjór, 10 Kol, 13 Raf, 15 Báðu, 16 Ott, 19 Nú.

ÚTVARPIÐ ÞITT ÞOLIR EKKI EINTÓMAN VIÐBJÓÐ
X 97.7

STÓÓÓR ÚTSALA Á KLETTHÁLSI
ALLT AÐ 750 ÞÚS. kr. AFSLÁTTUR!

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum
Kletthálsi 11 • Laugavegi 174 • sími 590 5040
www.bilathing.is

ÚLFHILDUR EYSTEINSDÓTTIR: SAFNAR SAMAN DJÖSSUÐUM UPPLÝSINGUM

Miðlægur djassgrunnur

Úlfhildur Eysteinsdóttir er um þessar mundir að vinna að gerð gagnagrunns um íslenska djassleikara. Úlfhildur býr í Rotterdam í Hollandi þar sem hún er að læra hljóðhönnum, sem m.a. nýtist við vinnslu kvikmynda. Einnig starfar hún þar í borg í djassklúbbi þar sem hún hljóðblandar fyrir þá listamenn sem þar koma fram.

„Ég hef lengi haft áhuga á djassi," segir Úlfhildur um verkefnið. „Pabbi og mamma hlustuðu mikið á djass og síðan er ég líka að vinna á þessum skemmtistað. Vinur minn er líka að læra forritun þannig að ég ákvað að láta reyna á þetta."

Úlfhildur, sem sjálf spilar lítillega á píanó, skráir niður allar þær upplýsingar sem hún kemst yfir um djassleikarana á meðan vinur hennar hannar síðuna fyrir hana. „Ég er komin vel á veg en til að sem fæstir gleymist vantar mig fleiri upplýsingar, m.a. plötuumslög með íslenskum djassistum. Vonandi endar þetta síðan í heimasíðu sem verður öllum til gagns og góðs," segir hún.

Saxófónleikarinn Sigurður Flosason er umsjónarmaður verkefnisins en undanfarna tvo mánuði hefur Úlfhildur verið að viða að sér hinum ýmsu upplýsingum. Hún segist hafa fengið mjög góð viðbrögð við verkefninu, enda afar þarft framtak að skrásetja alla þá djassista sem hafa sett svip sinn á íslenskt menningarlíf í gegnum árin.

Næst á dagskrá hjá Úlfhildi er að flakka á milli djassista og þeirra sem þekkja til í faginu og fá hjá þeim myndir og upplýsingar sem gætu nýst henni. Úlfhildur, sem fékk styrk frá Nýsköpunarsjóði, FÍH og FTT til verkefnisins, vonast eftir hjálp almennings til að fullvinna gagnagrunninn og skilur hér eftir netfang sitt, ulfhildur@gmail.com, fyrir þá sem vilja leggja sitt af mörkum.

freyr@frettabladid.i.s

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÚLFHILDUR EYSTEINSDÓTTIR Úlfhildur býr í Rotterdam í Hollandi þar sem hún lærir hljóðhönnun.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Þekktir íslenskir tónlistarmenn létu sig ekki vanta á tónleika bandarísku jaðarsveitarinnar Sonic Youth á Nasa, enda sveitin ein sú áhrifamesta í rokkinu hin síðari ár. Á meðal þeirra sem sóttu innblástur í tilraunakennda tóna **Thurston Moore** og félaga voru **Krummi** í Mínus, trommararnir **Gulli Briem** og **Sigtryggur Baldurssson**, félagarnir **Palli** og **Danni** úr hljómsveitinni Maus og **Úlfur Chaka**, fyrrum söngvari í Stjörnukisa.

Thurston Moore, forsprakki Sonic Youth, sem hélt tvenna tónleika hér á landi á dögunum, skoðaði sig um í versluninni 12 Tónum daginn sem síðari tónleikarnir voru haldnir. Hann er að sjálfsögðu mikill tónlistargrúskari, enda hljómsveit hans ein sú áhrifamesta í rokkinu hin síðari ár. Moore notaði tækifærið og keypti sér plötuna Transformer með öðrum Íslandsvini, Lou Reed. Einnig fékk hann nokkrar plötur að gjöf frá 12 Tónum, sem vafalítið höfðu að geyma framsækna íslenska tónlist.

Stór humar
Risarækjurnar komnar
Fiskbúðin Vör
Fiskikóngurinn
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70
Opið laugardaga
10.00 - 14.30

Útlendingar vilja Silvíu Nótt

Viðræður eru í gangi um að flytja þáttinn Sjáumst með Silvíu Nótt, sem var sýndur á Skjá einum í sumar við miklar vinsældir, út fyrir landssteinana.

„Það hafa aðilar haft samband við okkur og við erum að skoða það," segir Gaukur Úlfarsson, leikstjóri þáttarins. „Þetta lítur mjög vel út en svona hlutir geta samt gufað upp án nokkurs fyrirvara."

Að sögn Gauks er einnig verið að ganga frá samningum um næstu þáttaröð hér á landi, sem myndi hefjast í næsta mánuði. „Efnið byggist að hluta til á viðtölum sem voru tekin fyrir töluvert löngu, áður en þættirnir fóru í loftið," segir Gaukur, sem hefur unnið þættina með Ágústu Evu Erlendsdóttur, öðru nafni Silvíu Nótt.

Hann er mjög ánægður með viðtökurnar við fyrstu þáttaröðinni. „Þær voru framar okkar björtustu vonum. Núna er maður bara að reyna að hlaða batteríin. Þetta er gríðarlega mikil vinna því við erum bara tvö í þessu," segir hann.

SILVÍA NÓTT Þátturinn Sjáumst með Silvíu Nótt sló rækilega í gegn í sumar.

Skólavörur
á ótrúlegu verði

Princess skólavörur

Spiderman skólavörur

Galdrastelpur skólavörur

Batman skólavörur

20%
afsláttur af öllum barnaúlpum í ágúst

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

PÓSTVERSLUN HAGKAUPA
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

Mannekla

Nú bárust fregnir af því í vikunni að svo mikill uppgangur væri í þjóðfélaginu að það vantaði fólk til þess að vinna störfin sem enginn nennir að vinna, út af launum eða einhverju öðru. Í sem stystu máli: Það nenna ekki nógu margir að vera leikskólakennarar og karlmenn eru hættir að nenna að vera iðnaðarmenn.

ÞETTA leiðir annars vegar til þess að nú verður líklega að senda einhver börn heim til sín af leikskólum og þá er nú um að gera að fjarlægja öll skæri af borðum og hafa rafmagnsinnstungur í góðu lagi, því ef börnin þurfa að vera ein heima í þetta þrjá, fjóra, fimm tíma verður að gæta þess að þau vinni sér ekki mein. Aðalatriðið er að blessuð skinnin geti ekki hlaupið út á götu og því er áríðandi að húsin séu læst utan frá með slagbrandi þangað til mamma og pabbi koma heim. Svo er bara að setja mat í skál og drykkjarvatn.

HINS vegar leiðir svo mannekla á meðal iðnaðarmanna til þess að stór hluti þjóðfélagsins situr uppi með ónýt skolpræsi, sprungna og ómúraða veggi, ókláruð ris, brotnar rúður og óflísalögð baðherbergi. Þetta segir manni það að í góðæri er í mörg horn að líta. Góðærið fer fyrir lítið ef maður getur ekki kveikt á sjónvarpinu sínu og þar með ekki horft á dvd vegna þess að rafvirkinn hefur ekki tíma til að laga rafmagnið. Og þá kannski getur maður ekki heldur ristað brauð, en þjóðin er einmitt komin á það stig að nú þurfa heimilin ekki lengur að velja hvort kaupa á vídeótæki eða brauðrist og því synd ef góðærið strandar á grundvallaratriðinu sem er rafmagnið.

EF svo fer fram sem horfir getur hins vegar komið sér vel að nóg er til af sálfræðingum, heimspekingum, bókmenntafræðingum, íslenskufræðingum, sagnfræðingum, mannfræðingum, stjórnmálafræðingum og þjóðfræðingum. Á þessum sviðum er engin viðvarandi mannekla. Alla vega hafa ekki enn þá borist neinar fregnir af því að til dæmis svo aðkallandi tilvistarlegar spurningar hafi hrjáð mörg heimili að skortur hafi skyndilega orðið á heimspekingum. Þeir eru ekki eftirsóttir beinlínis sem slíkir. Engin bráðavakt þar. Ekki heldur hjá bókmenntafræðingum vegna áleitinna vafamála í túlkun bókmenntarita.

EN ég held að þetta geti breyst í ljósi þess að þjóðfélagið er jú þrátt fyrir allt þannig að það má helst ekki vera að því að sjá um börnin sín á daginn. Af þeim sökum gæti vaxið upp kynslóð sem mun hafa aukin not fyrir sálfræðinga.

OG þó svo að sagnfræðingur lagi ekki rafmagnið hjá manni þá getur hann kannski sagt manni sögur af því hvernig fólk naut lífsins í þjóðfélaginu áður en rafmagnið kom til skjalanna. Sem gæti verið intresant.

Dæmi sem gengur upp.

© Inter IKEA Systems B.V. 2005

Skóladagar

Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | Mánudaga - föstudaga kl. 10:00 - 18:30 | www.IKEA.is

IKEA®